


skoðun 20

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Heilsa
Sjóðheitt sumar
Fylgirit frá Stöð 2










# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

FIMMTUDAGUR

8. apríl 2010 — 81. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## Meinað að fjárfesta með aflandskrónum

**Erlendur fjárfestir fær ekki að leggja aflandskrónur í íslenskt fyrirtæki. Málið strandar á gjaldeyrishöftum. Stærsti þröskuldurinn er Seðlabanki Lúxemborgar sem lánaði gamla Landsbankanum um hundrað milljarða króna fyrir hrunið.**

**EFNAHAGSMÁL** Seðlabankinn hefur meinað erlendum aðila að fjárfesta í nýsköpunarfyrirtækinu Carbon Recycling fyrir hálfan milljarð króna. Fyrirtækið vinnur að því að framleiða eldsneyti úr útblæstri.

Ætlunin var að fjárfesta með krónum sem fengust við uppgjör á gjaldeyrisskiptasamningi. Samið hafði verið um að aðilinn festi féð hér í fimm ár.

Seðlabankinn slakaði á gjaldeyrishöftunum í byrjun nóvember í fyrra. Það felur í sér engar hömlur eru á nýfjárfestingum erlendra aðila með erlendum gjaldmiðli. Ætli fjárfestar að nýta krónur verða þeir að færa sönnur á að þeir hafi eignast þær fyrir bankahrunið í október 2008. Svo var ekki í þessu tilviki. Dæmi eru um að Íslendingar sem búsettir hafa verið erlendis um árabil hafi ætlað að fjárfesta hér eftir bankahrunið en hafi beðið svara frá Seðlabankanum.

Mál Carbon Recycling mun vera prófsteinn og ólíklegt að aðrir fjárfestar fái grænt ljós hjá Seðlabankanum, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Stjórnendur Seðlabankans hafa sagt að áður en slakað verði á gjaldeyrishöftum verði að semja um krónueignir erlendra aðila sem fest ust inni við innleiðingu haftanna.

Erfiðasta málið eru samningar um skuldabréfavafning gamla Landsbankans í eigu Seðlabanka Evrópu í Lúxemborg. Málið er flókið og koma margir að því: yfirvöld í Lúxemborg, kröfuhafar gamla Landsbankans og slitastjórn. Samningar hafa staðið yfir með hléum frá áramótum 2008 en lítið þokast.

**- jab**



**ÍSKALDUR VEIÐIMAÐUR** Þótt Elliðavatn sé að hluta til ísi lagt sækir vorið á og Carl Jóhann Gränz reyndi fyrir sér í silungsveiðinni með flugustöngina í gær. Sjálfur sagðist Carl Jóhann aðallega vera að æfa sig og hita upp fyrir sumarið.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Rúmlega 25 þúsund bílar fóru um Hvolsvöll frá skírdegi til annars í páskum:

## Gosáhugamenn streyma um vegina

**VEGAMÁL** Umferð um Hvolsvöll var tvöfalt meiri um nýafstaðna páska en árið áður. Umferðarmælir vestan við Hvolsvöll sýndi 11.999 ferðir frá skírdegi til annars í páskum í fyrra. Í ár voru ferðirnar þessa fimm daga 25.979, samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni.

Leiða má að því líkur að aukin umferð skrifist á áhuga fólks á eldgosinu við Fimmvörðuháls.

Mest er aukning umferðarinnar á fyrstu fjóra dagana. Sem dæmi má nefna að á skírdag í fyrra ók 2.631 bifreið um þjóðveginn vestan Hvolsvallar meðan teljarinn í ár sýndi 6.242 ökutæki. Þar munar 137 prósentum.

Umferðin um þennan vegarkafla frá skírdegi til páskadags jókst um 143,4 prósent milli ára. Á annan í páskum var hins vegar lítið meiri umferð en í fyrra. Væntanlega spilar þar veðurfar inn í en eftir tiltölulega stillt og bjart veður dagana fyrir og um páska snerist veðurfar til hins verra á annan í páskum.

**- óká**






### Gói stendur á þrítugu



*Draumagjöfin að fá að vera í stuði sem lengst.*

**tímamót** 22

### Jói Fel fyrirmyndin



*Maggi Mix slær í gegn með matreiðsluþáttum á Netinu.*

**fólk** 46



### KR jafnaði einvígið

*Körfuboltalið KR gerði góða ferð á Stykkishólm í gær og jafnaði einvígið við Snæfell í 1-1.*

**íþróttir** 42

### veðrið í dag




**BJARTVIÐRI** um landið norðan- og austanvert en dregur smám saman fyrir sólu sunnan og vestan til með lítils háttar úrkomu. Hiti víða á bilinu 3 til 8 stig.

**veður** 4






Stórmynd Bryans Singer:

## Jói og baunagrasið á Íslandi

**FÓLK** Bandaríski kvikmyndaleikstjórinn Bryan Singer hyggst gera þrívíddarútgáfu af Jóa og baunagrasinu en hluti myndarinnar verður tekinn upp á Íslandi. Þetta kom fram á nokkrum erlendum kvikmyndavefsíðum í gær. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hætti Singer við að gera framhaldsmynd af X-Men til að gera þessa mynd. Umfang þessa verkefnis er svipað og þegar Clint Eastwood tók upp Flags of Our Fathers á Íslandi.

**- fgg /** **sjá síðu 46**

Jón Ásgeir og Pálmi í Fons:

## Sakaðir um að misnota Glitni

**EFNAHAGSMÁL Skilanefnd Glitnis hefur stefnt Jóni Ásgeiri Jóhannessyni og Pálma Haraldssyni fyrir að hafa misnotað aðstöðu sína sem meirihlutaeigendur í bankanum til að hagnast persónulega um háar fjárhæðir, Lárusi Welding, forstjóra bankans, og þremur öðrum starfsmönnum bankans. Skilanefndin krefst sex milljarða króna í skaðabætur.**

**- shá, bj /** **sjá síðu 6**

Fleiri leita nýrra leiða:

## Þriðjungur í óhefðbundnar lækningar

**HEILBRIGÐISMÁL** Um 32 prósent Íslendinga hafa sótt í óhefðbundnar lækningar, samkvæmt nýrri könnun sem sagt er frá í nýjasta hefti Læknablaðsins. Notkun á slíkri þjónustu hefur aukist um sex prósent frá því árið 1998.

„Niðurstöðurnar benda til þess að ákveðnir hópar séu líklegri til að leita til óhefðbundinna aðila og þá sérstaklega fólk sem á við þrálát heilsufarsvandamál að stríða,“ segir Rúnar Vilhjálmsson, prófessor í félagsfræði.

**- ve /** **sjá Heilsu**




## SPURNING DAGSINS



*Runólfur, er ríkið alveg úti að aka?*

„Já, og virðist fara villu vega."

Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri Félags íslenskra bifreiðaeigenda, gagnrýnir hugmyndir um vegtolla. Vegir eru hluti af samneyslunni, að hans mati.

Upplausn í Kirgisistan eftir harðvítug mótmæli í höfuðborginni:

# Forsetinn hrakinn frá völdum

**KIRGISISTAN, AP** Forseti Kirgisistans var í gær sagður hafa farið í felur eftir að til harðra átaka kom milli lögreglu og mótmælenda í höfuðborginni Biskek. Leiðtogar stjórnarandstöðunnar sögðust hafa myndað bráðabirgðastjórn.

Þúsundir mótmælenda höfðu slegist við lögregluna og náðu meðal annars höfuðstöðvum leyniþjónustunnar og ríkissjónvarpinu á sitt vald.

Lögreglan greip til skotvopna og varð tugum mótmælenda að bana, auk þess sem hundruð særðust.

Langvarandi spilling og snarhækkandi rafmagns- og hitareikningar virðast vera kveikjan að atburðum gærdagsins.



**BLÓÐUG ÁTÖK Í HÖFUÐBORGINNI** Lögreglumenn verjast árásum mótmælenda. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kurmanbek Bakiyev forseti komst til valda í túlípanabyltingunni svonefndu árið 2005. Síðan hefur honum tekist að koma á töluverðum stöðugleika í landinu, en sá stöðugleiki hefur orðið á kostnað lýðræðis. Um leið hefur honum tekist að auðga sjálfan sig og fjölskyldu sína svo um munar.

Undanfarin tvö ár hefur stjórnin ráðist til atlögu gegn frjálsum fjölmiðlum. Stjórnarandstæðingar segjast auk þess reglulega hafa orðið fyrir aðkasti, en margir helstu leiðtogar stjórnarandstöðunnar voru áður stuðningsmenn Bakiyevs. - gb

Vilja breytingu á þingsköpum:

# Þingmál lifi út kjörtímabilið

**ALÞINGI Þingmenn fjögurra flokka hafa lagt fram frumvarp sem felur í sér að þingmál lifi kjörtímabilið á enda. Eins og nú háttar til fellur mál niður við lok hvers löggjafarþings, hafi það ekki hlotið afgreiðslu. Þingmaður getur þá kosið að endurflytja það á næsta þingi. Breytingin felur í sér að mál verði sjálfkrafa tekin upp á ný, dragi þingmaðurinn það ekki til baka. Mál falli hins vegar niður við lok kjörtímabils.**

**Þór Saari, Hreyfingunni, er fyrsti flutningsmaður.** - bþs



**SLÖKKT Í BIFREIÐ** Vel gekk að ráða niðurlögum eldsins. MYND/ARNBJÖRN

Grunur um íkveikju:

# Eldur logaði í tveimur bílum

**LÖGREGLUMÁL** Eldur kviknaði í tveimur bifreiðum í porti að Trönuhrauni 5 í Hafnarfirði. Talið er að kveikt hafi verið í bílunum, en málið er í rannsókn hjá lögreglu.

Bílarnir stóðu andspænis hvor öðrum í portinu og voru nokkrir metrar á milli. Báðir voru bílarnir númerslausir, en lögregla segist ekki geta metið tjónið.

Slökkvilið var kallað út klukkan rúmlega átta í gærkvöldi og réði fljótt niðurlögum eldanna. Ekkert annað tjón varð í portinu af völdum eldsins.

Að sögn lögreglu hafa íkveikjur í bílum ekki verið áberandi í Hafnarfirði undanfarið. - gb

Sóknaráætlunin 20/20:

# Kostnaður nemur 45 milljónum

**ALÞINGI Sóknaráætlun stjórnvalda, 20/20, kostar 45 milljónir króna á þessu ári og síðasta. Þetta kemur fram í svari forsætisráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur, Framsóknarflokki.**

**Fram kemur að verkefnið fékk 20 milljónir króna af sameiginlegu ráðstöfunarfé ríkisstjórnarinnar á síðasta ári og 25 milljónir á fjárlögum þessa árs. Á síðasta ári voru tæpar 15 milljónir nýttar en áætlað er að kostnaður þessa árs nemi 30 milljónum.** - bþs

# Sveiflaði kjöthnífi og heimtaði róandi lyf

**Innbrotsþjófur í Kópavogi veifaði hníf og heimtaði lyf. „Þetta er blokk fyrir eldri borgara og þeir eru allir með lyf," sagði þjófurinn, sem kom inn um svalir á þriðju hæð og lét sig hverfa sömu leið. Hann var handtekinn skammt frá húsinu.**

**ÞJÓFNAÐUR** „Hann sagði að hann vildi ekki drepa neinn en yrði að fá róandi lyf og mundi sætta sig við tvær töflur," segir Sigurður Viðar Viggósson sem vaknaði snemma í gærmorgun við að ungur fíkill, vopnaður hnífi, var kominn inn í herbergið hans í leit að lyfjum.

Sigurður Viðar var í heimsókn hjá 84 ára gömlum föður sínum í fjölbýlishúsi aldraðra í Gullsmára í Kópavogi.

„Ég hélt fyrst að við hefðum gleymt að læsa íbúðinni," segir Sigurður Viðar. Í raun hafði þjófurinn klifrað upp á svalir á þriðju hæð og komist inn um kviklæstar svaladyrnar. Hann náði sér í kjöthníf í eldhúsinu og rótaði í hirslum í íbúðinni.

„Hann var að leita að lyfjum og kom inn í herbergið. Ég vaknaði, skildi ekkert hver þetta var og spurði hvað hann væri að gera. Hann sagðist vera með hníf en vildi ekki drepa neinn," segir Sigurður Viðar.

Sigurður Viðar sagði manninum að koma sér út. Innbrotsþjófurinn hefði neitað að fara nema hann fengi tvær töflur og síðan hefði hann sagt: „Ég veit að þetta er blokk fyrir eldri borgara og þeir eru allir með lyf."

Sigurður Viðar brást við með því að vefja úlpunni sinni utan um handlegginn og ráðast til atlögu. „Ég réðst á hann og tók af honum hnífinn." Hann segir að maðurinn hafi ekki sýnt mikla mótspyrnu heldur forðað sér. „Ég varð mest hissa þegar hann fór svo út á svalir og lét sig hverfa einhvern veginn niður þrjár hæðir.



**VAKNAÐI VIÐ INNBROTSÞJÓF** Sigurður Viðar Viggósson afvopnaði fíkil sem braust inn á heimili föður hans, Viggós M. Sigurðssonar, til að leita að róandi lyfjum. Hér sjást þeir feðgar fegnir því að ekki fór verr. Á innfelldu myndinni má sjá hvaða leið þjófurinn fór, klifraði upp á þriðju hæð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Hann sagði þegar hann fór yfir handriðið að ef ég hringdi í lögregluna mundi hann koma aftur og stela öllu því hann vissi hvar ég byggi," segir Sigurður Viðar, sem hringdi í lögregluna engu að síður. Hún kom á þremur bílum og fann manninn í grenndinni skömmu síðar.

Sigurður Viðar býr í Noregi en kom til landsins í heimsókn til föður síns og fjölskyldu í fyrradag. „Ég er feginn að hafa verið til staðar hjá pabba þegar þetta gerðist," segir Sigurður Viðar en faðirinn svaf svefni hinna réttlátu meðan sonurinn glímdi við þjófinn.

peturg@frettabladid.is

# Fundust látin að Fjallabaki

Fólkið sem fannst látið að Fjallabaki á þriðjudag hét Friðgeir Fjalar Víðisson og Kristín R. Steingrímsdóttir. Friðgeir var 54 ára og Kristín 43 ára. Þau voru bæði búsett í Reykjavík.

Uppbygging á Þingvöllum:

# Þjóðin geti sent inn hugmyndir

**MENNING** Líklegt er að Þingvallanefnd efni á þessu ári til hugmyndasamkeppni um uppbyggingu í þjóðgarðinum. Rætt er um að gefa allri þjóðinni tillögurétt í samkeppninni þar sem friðlandið í heild sinni yrði viðfangsefnið.

Nefndin hefur í vetur skoðað ýmsar þær tillögur sem þegar hafa borist í kjölfar bruna Hótels Valhallar, meðal annars um sögusetur í stíl Landnámsseturins í Borgarnesi, og byggingu torfhúss í Skógarhólum þar sem yrði öll þjónusta auk gistiaðstöðu.

Um þessar mundir eru að hefjast framkvæmdir við stórbætta hreinlætisaðstöðu á Hakinu og unnið hefur verið að því að lagfæra lóð Þingvallakirkju. - gar



**Á ÞINGVÖLLUM** Bæta á þjónustuna í friðlandinu.






Verksvið embættis sérstaks saksóknara skilgreint með skýrari hætti:

# Eigendurnir tilgreindir sérstaklega

**ALÞINGI** Breyta á lögum um embætti sérstaks saksóknara, samkvæmt frumvarpi dómsmála- og mannréttindaráðherra. Markmiðið er að skilgreina verksvið saksóknarans með skýrari hætti en nú er.

Sérstaklega verður kveðið á um að embættinu beri að rannsaka grun um refsiverða háttsemi hluthafa í fjármálafyrirtækjum, auk stjórnenda, ráðgjafa og starfsmanna.

Í gildandi lögum segir að sérstakur saksóknari eigi að rannsaka grun um refsiverða háttsemi í aðdraganda, tengslum við og í kjölfar atburða er leiddi til setningar neyðarlaganna.

Í frumvarpinu segir að embættið skuli rannsaka grun um refsiverða háttsemi sem tengst hefur starfsemi fjármálafyrirtækja og þeirra sem átt hafa hluti í þeim fyrirtækjum eða farið með atkvæðisrétt í þeim. Sömuleiðis grun um refsiverða háttsemi stjórnenda, ráðgjafa og starfsmanna fjármálafyrirtækja og þeirra annarra sem komið hafa að starfsemi fyrirtækjanna. Embættið skuli eftir atvinu fylgja rannsókn eftir með saksókn. - bþs

## Orðalag gildandi laga og breytingin

Sett skal á stofn embætti sérstaks saksóknara til að rannsaka grun um refsiverða háttsemi í aðdraganda, tengslum við og kjölfar atburða er leiddu til setningar laga um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., nr. 125/2008, og þess ástands sem þá skapaðist á fjármálamarkaði, hvort sem það tengist starfsemi fjármálafyrirtækja, annarra lögaðila eða einstaklinga, og eftir atvikum fylgja rannsókn eftir með saksókn.

Embætti sérstaks saksóknara skal rannsaka grun um refsiverða háttsemi sem tengst hefur starfsemi fjármálafyrirtækja og þeirra sem átt hafa hluti í þeim fyrirtækjum eða farið með atkvæðisrétt í þeim, sömuleiðis grun um refsiverða háttsemi stjórnenda, ráðgjafa og starfsmanna fjármálafyrirtækja og þeirra annarra sem komið hafa að starfsemi fyrirtækjanna. Embættið skal eftir atvikum fylgja rannsókn eftir með saksókn.




**Gæða gasgrill Burny Sizzler 200**
10.0 kW
Grillflötur 44x50 sm.
Hitagrind 44x14 sm
2 ryðfríir brennarar
Flame tamer hlíf yfir brennurum
**Postulínsemelerað lok, grill og grillgrind sem varnar ryðmyndun.**
3000272

**59.900**

## SÓLPALLUR VERÐDÆMI

| | |
|---|---|
| Sólpallur 15m2 | 61.500 kr |
| Sólpallur 20m2 | 82.000 kr |
| Sólpallur 30m2 | 123.000 kr |
| Efni í sólpall | Verð frá 4.100 kr/m2 |

Athugið að fermetraverð getur verið breytilegt. Hér að ofan er verðhugmynd m.v. sólpall á frostfrítt undirlag þ.e. án efnis í undirstöður.
Innifalið í verðum er: gagnvarin fura 48x98 mm • gagnvarin fura 28x95mm • galvaniseraður saumur í klæðningu.
**Fáðu tilboð og ráðgjöf hjá sérfræðingum okkar í næstu Húsasmiðjuverslun eða í síma 525 3000 til að fá besta verðið í pallinn þinn.**

# BRJÁLUÐ TILBOÐ
## LÁTUM VERKIN TALA



7.2 fm
**359.000**

**MIKIÐ ÚRVAL AF GESTA- OG GARÐHÚSUM!**

**Garðhús**
7,2 m2
Breidd = 250 sm
Lengd = 290 sm
Vegghæð = 210 sm
Bjálkaþykkt = 45 mm
600236

**Gestahús**
**Íslensk vottuð framleiðsla**
25 m2
Breidd = 429 sm
Lengd = 579 sm
Gestahús ósamsett og óeinangrað.
Húsunum fylgja allir íhlutir til samsetningar.
600201



25 fm
**1.990.000**
~~2.190.000~~

**Íslensk vottuð framleiðsla**

## Gróðurhús
7,4 m2
Breidd = 257 sm
Lengd = 290 sm
Hæð = 260 sm
600265




7.4 fm
**89.000**
kynningaverð



**6.995**

**Hekkklippur Ikra**
Rafmagns, 520W.
46 sm blað.
20 mm klippigeta.
5083755

Háþrýstidæla
110 bör, 1400 W.
5 m kapall og 5m slanga.
5254241



**15.999**
~~17.499~~



**6.995**

Moltukassi
450 ltr.
11222271

skref 1
Hreinsa pallinn með Jotun pallahreinsi



**2.495**
~~2.995~~

**Jotun Terrasserens, 5 ltr**
er kröftugt hreinsiefni sem hreinsar upp og frískar viðarfleti, fjarlægir sveppagróður, sót, grilloliur, ryk o.fl.
7158013

skref 2
Bera Jotun pallaolíu á pallinn




**2.599**
~~2.995~~

**Jotun Treolje, 3 ltr**
Langmest selda pallaolía á Íslandi. Pallaolía á gagnvarið efni. Fáanleg gullbrún, græn og blöndum einnig fjölda lita.
7049123/33/37

Húsasmiðjublaðið er komið út




Látum verkin tala!

HÚSASMIÐJAN


Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

## GENGIÐ 07.04.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 128,08 | 128,70 |
| Sterlingspund | 194,57 | 195,51 |
| Evra | 171,20 | 172,16 |
| Dönsk króna | 22,996 | 23,130 |
| Norsk króna | 21,473 | 21,599 |
| Sænsk króna | 17,706 | 17,810 |
| Japanskt jen | 1,3618 | 1,3698 |
| SDR | 193,69 | 194,85 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

227,8454

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Hagvöxtur var undir væntingum á evrusvæðinu á síðasta fjórðungi síðasta árs:

# Útflutningur styrkir evrulönd

**EFNAHAGSMÁL** Enginn hagvöxtur mældist á evrusvæðinu á síðasta fjórðungi síðasta árs, samkvæmt upplýsingum Eurostat, hagstofu Evrópusambandsins (ESB). Þetta er undir væntingum enda hafði verið reiknað með 0,1 prósents vexti.

Fjármálasérfræðingar eru almennt sammála um að heimshagkerfið sé að taka við sér eftir kreppuna þótt víða sé það viðkvæmt, þar með talið evrusvæðið. Bloomberg-fréttaveitan bendir á að merkja megi góða byrjun á þessu ári enda hafi bjartsýni, lánsframboð og fjárfestingar aukist. Þá sé ólíklegt að efnahagsvandi Grikkja grafi undan evrunni.

Christopher Weil, hagfræðingur við Commerzbank í Þýskalandi, segir í samtali við Bloomberg útflutning halda uppi hagvexti evrusvæðisins næsta árið. Hann jókst um 1,9 prósent í lok síðasta árs og var umfram væntingar.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) segir í nýlegri hagspá gera ráð fyrir eins prósents hagvexti á evrusvæðinu á árinu. Það er tífalt minna en í Kína, sem mun leiða vöxt heimshagkerfisins.

Evópski seðlabankinn birtir vaxtaákvörðun eftir hádegi í dag. Gert er ráð fyrir óbreyttum vöxtum. Þeir standa nú í einu prósenti. **- jab**



**ÞREMENNINGAR** Jose Luis Rodriguez Zapatero, forsætisráðherra Spánar, Herman Van Rompuy, forseti leiðtogaráðs ESB, og Jose Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar ESB, ræða framtíðina. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**VINSÆLT** Rúmur þriðjungur þeirra sem skoðað hafa beina útsendingu frá eldgosinu er í útlöndum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Margir nýta sér vefmyndavél:

## Milljón fylgst með gosinu

**ELDGOS** Um það bil milljón heimsóknir hafa verið skráðar á vef Mílu þar sem hægt er að horfa á beina útsendingu frá eldgosinu á Fimmvörðuhálsi í gegnum vefmyndavélar. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Mílu.

Heimsóknirnar hafa komið frá 150 löndum. Um 38 prósent heimsókna eru utanlands.

Ekki hefur áður verið sýnd bein útsending frá eldgosi hér á landi, og verða upptökur úr vefmyndavélunum ómetanlegar fyrir vísindamenn, segir í tilkynningu frá Mílu. **- bj**

### ALÞINGI

**Hvað kosta nafnabreytingar?**

Guðlaugur Þór Þórðarson Sjálfstæðisflokki hefur lagt fram fyrirspurn til fjármálaráðherra um kostnað vegna breytinga á heitum ráðuneyta. Fjögur ráðuneyti fengu ný nöfn á síðasta ári.

### LEIÐRÉTTING

Fyrsta leikritið sem sýnt verður í Víkingasafninu í Reykjanesbæ fjallar um ferðir Guðríðar Þorbjarnardóttur sem sigldi með víkingum til Vínlands.

# Rannsókn hafin á slysinu að Fjallabaki

**Ótengdir GSM-sendar voru á svæðinu þar sem karl og kona urðu úti í fyrradag. Yfirlögregluþjónninn á Hvolsvelli telur ekki að lögregla hefði átt að bregðast öðruvísi við þegar fólkið hringdi og afþakkaði aðstoð á mánudagsmorgun.**

**SLYS** Rannsókn er hafin á tildrögum þess að tvennt beið bana á Fjallabaki norðan Mýrdalsjökuls í fyrradag. Lögreglan á Hvolsvelli fer með rannsóknina og nýtur liðsinnis rannsóknardeildar lögreglunnar á Selfossi.

Fólkið villtist af leið í útsýnisferð að gosstöðvunum á Fimmvörðuhálsi og varð bensínslaust og símasambandslaust um 30 kílómetra frá Fljótshlíð. Hálfsextugur karlmaður og 43 ára kona urðu úti þegar þau yfirgáfu bílinn til að leita að hjálp en ein kona fannst á lífi eftir fjórtán kílómetra göngu. Hún hafði ekki verið yfirheyrð í gær en til stóð að gera það í gærkvöld eða í morgun.

Fram kom í fréttum RÚV í gær að símasendum hefði verið komið upp á svæðinu, en þeir hefðu ekki verið í sambandi þar sem ekki hefur verið tengt í þá rafmagn.

Fólkið var í sambandi við lögreglu aðfaranótt mánudags eftir að það hafði fest sig úti í á, að því er það hélt í Gilsá. Fimm tíma leit lögreglu skilaði engum árangri en henni lauk þegar fólkið hafði samband á nýjan leik og sagðist vera óhult og komið af stað. Ekkert fréttist síðan af fólkinu fyrr en ættingjar þess lýstu áhyggjum af þeim nítján klukkustundum síðar.

Sveinn K. Rúnarsson, yfirlögregluþjónn á Hvolsvelli, segir að hann og hans menn hafi velt því mikið fyrir sér hvort þeir hefðu átt að bregðast öðruvísi við þegar fólkið sagðist hólpið og á heimleið. „En við trúum því bara og treystum sem fólkið sagði og höfðum enga ástæðu til að rengja það í sjálfu sér,“ segir Sveinn. „Við fáum svona símtöl í hverri viku. Þessi beiðni var ekkert ólík því sem gerist reglulega. Við sjáum ekkert í þessu ferli sem hefði átt að breyta þessari ákvörðun okkar.“

**stigur@frettabladid.is**



**AF VETTVANGI** Mikill viðbúnaður var á svæðinu og leituðu allt upp undir 270 manns fólksins. MYND/BIRNA NORÐDAHL

### Öruggast að halda til í farartækinu

„Ef þú festist af einhverjum ástæðum uppi á fjöllum þá er öruggasta leiðin alltaf að halda til í farartækinu eða við það,“ segir Sveinn K. Rúnarsson, yfirlögregluþjónn á Hvolsvelli.



**SVEINN K. RÚNARSSON**

Hann áréttar að ef fólk ætli sér í ferðalag upp á hálendi þá sé mikilvægt að það sé við öllu búið. „Við sem búum á Íslandi og þekkjum íslenska náttúru vitum það að veður breytist hér á fimm mínútna fresti. Mín ráðlegging til allra sem eru að ferðast um landið er að fylgjast með veðurspá og búast við því versta.“ Það sé svo bara plús ef ekki þurfi að nota viðlegubúnaðinn. „Vetrarferðir á þessar slóðir eru ekki viturlegar fyrir neina nema þá sem eru vel útbúnir og vel undirbúnir. Þær eru beinlínir hættulegar,“ segir Sveinn.

Sveinn varar eindregið við því að fara lengra en inn að Þórólfsfelli á ekki betur búnum bíl en fólkið var á, sem var Honda CRV jepplingur.

Sveinn bendir enn fremur á að GSM-sendar séu á Þórólfsfelli og þeir dragi inn undir Einhyrning. Fari menn lengra detti þeir úr símasambandi.

Háskólinn í Reykjavík:

## Fyrsti atvinnulífsprófessorinn

**SKÓLAR** Sigurður Tómas Magnússon lögfræðingur hefur tekið við stöðu atvinnulífsprófessors við lagadeild Háskólans í Reykjavík.



**SIGURÐUR TÓMAS MAGNÚSSON**

Sigurður, sem samhliða kennslu og rannsóknum hefur verið ráðgjafi sérstaks saksóknara vegna bankahrunsins, er fyrstur til að gegna þessari stöðu innan skólans en samkvæmt reglum hans geta þeir einir orðið atvinnulífsprófessorar sem hafa verið leiðandi í atvinnulífinu á sínu sérsviði og viðurkenndir sem áhrifavaldar á vinnubrögð í faginu, að því er segir í tilkynningu frá HR. **- jab**

Bæjarstjórn Blönduóss:

## Mótmæli vegna niðurskurðar

**SVEITARSTJÓRNARMÁL Bæjarstjórn Blönduósbæjar hefur ítrekað mótmæli sín gegn niðurskurði á fjárframlögum til Heilbrigðisstofnunarinnar á Blönduósi. Það gerði bæjarstjórnin í bókun á fundi sínum á þriðjudag.**

**Í bókuninni kemur fram að niðurskurðurinn til stofnunarinnar sé langt umfram það sem flestar aðrar heilbrigðisstofnanir hafi orðið fyrir. Með niðurskurðinum sé verið að vega að grunnstoðum og velferðarþjónustu í héraðinu.**

**Þá skorar bæjarstjórnin á heilbrigðisráðherra, alþingismenn og önnur stjórnvöld að beita sér fyrir endurskoðun á fjárveitingunum.** **- þeb**






## VEÐURSPÁ



**Ingibjörg Karlsdóttir** veðurfréttamaður

**HLÝNAR** Það hlýnar á landinu næstu daga og má búast við yfir 10 stiga hita á Norðausturlandi um helgina. Það verður heldur vætu- og vindasamt á landinu, sérstaklega sunnan- og vestanlands, en í dag verður þó víða gott eða allavega nokkuð gott veður.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 17° |
| Basel | 18° |
| Berlín | 18° |
| Billund | 11° |
| Frankfurt | 18° |
| Friedrichshafen | 18° |
| Gautaborg | 10° |
| Kaupmannahöfn | 10° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 15° |
| Mallorca | 17° |
| New York | 27° |
| Orlando | 30° |
| Ósló | 6° |
| París | 15° |
| San Francisco | 16° |
| Stokkhólmur | 8° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson hendrik@frettabladid.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Henný Árnadóttir henny@365.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is, Bjarni Þór Sigurðsson bthor@365.is, Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is, Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is


SPRENGIVIKA
í fullum gangi
TILBOÐ UM ALLA BÚÐ!
GLÆSILEG LJÓSAKRÓNA
VERÐ 69.900 kr.
LOFTLJÓS
Verð 34.900 kr.
TILBOÐ 17.000 kr.
GÓLFLAMPI
Verð 79.900 kr.
TILBOÐ 40.000 kr.
BORÐLAMPI
Verð 10.900 kr.
TILBOÐ 7.000 kr.
TILVALIN FERMINGAR-GJÖF
BORÐLAMPI
Verð 7.590 kr.
TILBOÐ 5.000 kr.
BORÐLAMPI
Verð 18.900 kr.
TILBOÐ 10.000 kr.
LOFTLJÓS
Verð 49.900 kr.
TILBOÐ 30.000 kr.
GÓLFLAMPI
Verð 18.900 kr.
TILBOÐ 9.000 kr.
TILVALIN FERMINGAR-GJÖF
LESLAMPI
Verð 14.900 kr.
TILBOÐ 8.000 kr.
PFAFF
Pfaff • Grensásvegi 13 • Sími 414 0400 • www.pfaff.is

**KJÖRKASSINN**



*Á Reykjavíkurborg að veita 230 milljónir króna í stækkun golfvallarins við Korpúlfsstaði?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 12,6% |
| NEI | 87,4% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú skoðað eldgosið á Fimmvörðuhálsi í vefmyndavélum Mílu?*

Segðu skoðun þína á visir.is

visir

Maður og stúlka yfirheyrð vegna mynda úr búningsklefa Völsungs:

# Tók nektarmyndir af félögum

**LÖGREGLUMÁL** Ungur maður og stúlka hafa verið yfirheyrð hjá lögreglunni á Húsavík, grunuð um blygðunarsemisbrot gagnvart stúlkum og konum í meistaraflokki í knattspyrnu hjá Völsungi.

Málið varðar ólögmæta myndatöku, en lögreglan hefur lagt hald á nektarmyndir sem stúlkan tók af meistaraflokkskonunum í búningsklefa þeirra.

Stúlkan sem er grunuð æfði með meistaraflokki félagsins. Pilturinn var einnig leikmaður Völsungs. Ekki er vitað af hversu mörgum konum myndirnar eru. Vitað er að einhverjar þeirra eru undir lögaldri, en í meistaraflokki æfa stúlkur niður í fimmtán ára.



**HÚSAVÍK** Tvennt hefur verið yfirheyrt hjá lögreglunni á Húsavík vegna málsins. Þau eru grunuð um að hafa tekið nektarmyndir af liðsfélögum stúlkunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Samkvæmt Sigurði Brynjólfssyni, yfirlögregluþjóni hjá lögreglunni á Húsavík, er búið að leggja hald á allar tölvur og síma sem myndefnið var á. Þess er nú beðið að þar til þjálfaðir aðilar skoði efnið, en kynferðisbrotadeild lögreglunnar á Akureyri aðstoðar lögregluna á Húsavík við rannsókn málsins.

Framkvæmdastjóri Völsungs, Sveinn Aðalsteinsson, segir að fólki hjá félaginu sé brugðið vegna málsins. **- þeb**

Nýr leikskóli á Sauðárkróki:

# Leikskólapláss verði 180 talsins

**MENNTUN Heilsdagspláss á leikskólum á Sauðárkróki verða um 180 talsins þegar nýr leikskóli verður tekinn í notkun í haust.**

**Alls 157 börn eru nú á leikskólum á Sauðárkróki. Á næsta skólaári verða börn á leikskólaaldri um 190 talsins, en ekki er gert ráð fyrir því að foreldrar allra barnanna vilji nýta sér leikskólapláss. Áætlanir gera ráð fyrir að samtals verði þörf fyrir um 164 pláss á næsta ári. Þriggja, fjögurra og fimm ára börn verða í nýja leikskólanum. - þeb**



512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# Jón og Pálmi sakaðir um að misnota Glitni

**Skilanefnd Glitnis hefur stefnt Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, Pálma Haraldssyni, Lárusi Welding og þremur fyrrverandi starfsmönnum Glitnis. Skilanefndin krefst sex milljarða króna í bætur. Verið að þyrla upp moldviðri, segir Pálmi.**

**DÓMSMÁL** Tveir fyrrverandi aðaleigendur Glitnis eru sakaðir um að hafa misnotað stöðu sína sem hluthafar í Glitni til að hagnast persónulega. Þeir ásamt fyrrverandi bankastjóra og þremur lykilstarfsmönnum bankans gætu þurft að greiða milljarða króna í skaðabætur vegna lánveitinga sem enduðu í eignarhaldsfélaginu Stími.

Skilanefnd Glitnis hefur stefnt sex einstaklingum vegna lánveitinganna. Þar eru fremstir í flokki þeir Jón Ásgeir Jóhannesson og Pálmi Haraldsson, sem áttu meirihluta í Glitni í gegnum eignarhluti sína í FL Group.

Skilanefndin stefnir einnig fjórum fyrrverandi starfsmönnum Glitnis: Lárusi Welding, fyrrverandi bankastjóra, Rósant Má Torfasyni, fyrrverandi fjármálastjóra, Magnúsi A. Arngrímssyni, fyrrverandi framkvæmdastjóra á fjármálasviði, og Guðnýju Sigurðardóttur, sem starfaði á lánasviði bankans.

Rósant, Magnús og Guðný starfa hjá Íslandsbanka, en hafa verið í launuðu leyfi frá störfum frá því að þeim var birt stefnan fyrir páska, samkvæmt upplýsingum frá bankanum.

Stefnan tengist lánveitingum frá Glitni til félags tengdu Fons, félagi Pálma Haraldssonar. Fons fékk sumarið 2008 sex milljarða króna lán hjá Glitni. Fons lánaði féð áfram til einkahlutafélagsins FS38, sem lánaði féð áfram til FS37, sem síðar varð Stím. Á sama tíma keypti Stím hlutabréf Fons í bresku skartgripakeðjunni Aurum Holdings fyrir sex milljarða króna. Milljarður af þeirri greiðslu fór inn á persónulegan reikning Jóns Ásgeirs. Skiptastjóri Fons hefur rift þeirri greiðslu og krafið Jón Ásgeir um endurgreiðslu. Við því hefur Jón Ásgeir ekki orðið, og því hefur skiptastjórinn stefnt Jóni Ásgeiri.

Árni Tómasson, formaður skilanefndar Glitnis, segir að stefnt sé á að þingfesta málið í lok mánaðarins. Hann tekur fram að með þessu sé skilanefndin að reyna að endurheimta eignir með höfðun einkamáls, það sé hlutverk saksóknara að ákæra í sakamálum. Skilanefnd Glitnis krefst sex milljarða króna í bætur.

Pálmi segir stefnuna algerlega tilefnislausa, með henni sé eingöngu verið að gera tilraun til að þyrla upp moldviðri í samfélaginu. Hann vildi ekki tjá sig frekar um stefnuna, og sagðist ekki hafa lesið þá hluta hennar sem snúa að öðrum en honum sjálfum.

Í yfirlýsingu sem Lárus Welding sendi fjölmiðlum í gær segir að hann og aðrir starfsmenn Glitnis hafi unnið af fullum heilindum og innan heimilda í þessum sem og öðrum viðskiptum í erfiðu umhverfi sumarið 2008.

„Fyrir liggur að í þessum viðskiptum, sem voru að stærstum hluta framlenging á áður ótryggðu láni og að minni hluta ný lánveiting, batnaði heildartryggingarstaða bankans verulega gagnvart þessum viðskiptavini," segir í yfirlýsingunni.

Í yfirlýsingunni segir enn fremur að kröfugerð skilanefndarinnar sé ekki studd haldbærum rökum. Þá er harmað að hún kjósi að draga almenna starfsmenn inn í þessi málaferli, sem verði fyrirsjáanlega mjög tímafrek og kostnaðarsöm.

Haft var eftir Jóni Ásgeiri í fréttum Stöðvar 2 að hann hefði ekki misnotað aðstöðu sína í Glitni. Hann hefði enga ábyrgð borið á lánveitingum bankans og þess vegna færi hann fram á frávísun á málinu gegn sér. Þá hefði hann ekki hagnast persónulega á umræddum viðskiptum enda ekki verið aðili að láninu sem Glitnir veitti.

Ingibjörg Pálmadóttir, eiginkona Jóns Ásgeirs, er stærsti eigandi fjölmiðlafyrirtækisins 365 sem á og rekur Fréttablaðið.

brjann@frettabladid.is



JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON PÁLMI HARALDSSON LÁRUS WELDING

## Engin ákvörðun um stefnu

Engin ákvörðun hefur verið tekin um að stefna fyrrverandi starfsmönnum eða eigendum Landsbankans með sambærilegum hætti og fyrrverandi eigendum og yfirmönnum hjá Glitni, segir Páll Benediktsson, upplýsingafulltrúi skilanefndar Landsbankans.

„Það er ekki þar með sagt að það sé ekki í skoðun," segir Páll. Hann bendir á að nokkur mál hafi verið send Fjármálaeftirlitinu og sérstökum saksóknara vegna bankahrunsins.

Skilanefndin bíður nú eftir niðurstöðu sérfræðinga endurskoðunarfyrirtækisins Deloitte í Bretlandi, sem rannsakað hafa starfsemi Landsbankans síðustu misserin fyrir hrunið. Páll segir ekki ljóst hvenær niðurstaða endurskoðendanna muni liggja fyrir.

Ekki náðist í Steinar Þór Guðgeirsson, formann skilanefndar Kaupþings, við vinnslu fréttarinnar í gær.

## Úr tölvupóstsamskiptum þeirra sem málið varðar:

*Jón Ásgeir Jóhannesson til Lárusar Welding 11. maí 2008:*

„Klára Goldsmith af þessum eina milljarði sem ég átti að fá greitt þarf 250 að fara til að borga yfirdrátt hjá GLB [Glitnir] prinsip mál að vera ekki með persónulegar skuldir í mér. Rest get ég í raun geymt hjá GLB."

*Jón Ásgeir Jóhannesson til Lárusar Welding 22. maí:*

„Þetta eru málin sem ég er að bögga ykkur með… setti þetta skýrt upp the Bonus way svo við getum með einföldum hætti klárað." „… ef við komum þessum málum frá þá er borðið mitt hreint. Annars er kannski best að ég verði starfandi stjórnarformaður Glitnis."

*Einar Örn Ólafsson, framkvæmdastjóri fyrirtækjaráðgjafar bankans, til Lárusar Welding eftir að hafa fengið póst Jóns Ásgeirs sendan:* „Mér finnst hinn góði eigandi okkar aðeins setja þig í erfiða stöðu með þessum mail. Goldsmith er t.d. virði 1,5 en ekki 4 osfrv."

*Einar Örn Ólafsson til Lárusar Welding eftir að lánið var afgreitt utan fundar áhættunefndar bankans:*

„Verð að viðurkenna að ég skil ekki afhverju við lánum ekki bara Pálma 2 milljarða króna til að koma fyrir á Cayman, áður en hann fer á hausinn. Í stað þess að fara í alla þessa Goldsmith æfingu."

- ghh

N1 Deildin 2009 - 2010

HSÍ

KARLAR
Fimmtudagur

| | | |
|---|---|---|
| Ásvellir | Haukar - Akureyri | 19:30 |
| Digranes | HK - FH | 19:30 |
| Vodafone höll | Valur - Grótta | 19:30 |
| Mýrin | Stjarnan - Fram | 19:30 |



# Afnemum VSK
## af öllum skóm



# Skóaðu þig upp!
## skór á alla fjölskylduna

Be Wild! Footwear · DreamTeam · bullboxer · ecco · aze · Studio London · Filanto · Barbie · Viking Guaranteed waterproof footwear · true · Reebok · Latibær · melania · grisport · Waterland · Spiderman · Dora

Gildir til 11. apríl eða á meðan birgðir endast.

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hvenær ganga Bretar að kjörborðinu?*
2. *Hvað leggur Reykjavíkurborg Golfklúbbi Reykjavíkur til háa fjárhæð vegna stækkunar golfvallarins á Korpúlfsstöðum?*
3. *Hvað skoraði Messi, leikmaður Barcelona, mörg mörk í leik liðsins gegn Arsenal á þriðjudag?*

SJÁ SVÖR Á SÍÐU 46

Átján milljónir veittar:

## Þrettán styrkir úr fornleifasjóði

**VÍSINDI Rúmlega átján milljónum króna hefur verið úthlutað til fornleifarannsókna úr fornleifasjóði. Fjárveiting til sjóðsins var rúmar nítján milljónir.**

**Alls var ákveðið að styrkja þrettán aðila til rannsókna. Hæsta styrkinn fékk fornleifarannsókn á Skriðuklaustri, eða þrjár og hálfa milljón króna.**

**Þrjú verkefni fengu styrk upp á tvær og hálfa milljón. Það voru rannsóknir á Vatnsfirði við Ísafjarðardjúp, rannsókn á Kolkuóshöfn í Skagafirði, og rannsókn á hvalveiðum útlendinga við Ísland. Aðrir fengu lægri styrki.**

**Fornleifasjóði bárust 49 umsóknir um verkefni að upphæð tæplega 90 milljónir króna.**

- þeb

# Ráðherra í orðaskaki við embættismenn

**Fyrirætlanir heilbrigðisráðherra um að áminna forstjóra Sjúkratrygginga eru harðlega gagnrýndar af ríkisendurskoðanda. Ráðherra segir gagnrýnina byggða á misskilningi. „Við misskiljum ekkert,“ segir ríkisendurskoðandi.**

**STJÓRNSÝSLA** Sveinn Arason ríkisendurskoðandi hefur sent forseta Alþingis harðort bréf vegna þess að Álfheiður Ingadóttir heilbrigðisráðherra hyggst áminna Steingrím Ara Arason, forstjóra Sjúkratrygginga Íslands (SÍ), fyrir að leita til embættis síns. Sveinn lýsir þar furðu á málsmeðferð heilbrigðisráðherra. Álfheiður segir Svein misskilja málið.

Heilbrigðisráðherra tilkynnti Steingrími Ara í liðinni viku að hún hygðist áminna hann fyrir meint brot á almennum starfsskyldum ríkisstarfsmanna, en Steingrímur hafði ráðfært sig við Ríkisendurskoðun vegna framkvæmdar reglugerðar um sjúkratryggingar.

Í bréfi Sveins segir að það sé ólíðandi að stjórnendur ríkisstofnana geti átt það á hættu „að vera sakaðir um að hafa brotið gegn góðum starfsháttum og hollustu- og trúnaðarskyldum sínum með því einu að leita ráða hjá Ríkisendurskoðun um fjárreiðutengd málefni“.

Álfheiður segir að forstjóri SÍ hefði átt að leita til ráðuneytisins áður en ráðgjafar var leitað hjá Ríkisendurskoðun. Deilan snýst því um samskipti innan stjórnsýslunnar. Í bréfi ríkisendurskoðanda segir hins vegar að hann telji að ekkert sé óeðlilegt við það að stjórnendur ríkisstofnana leiti ráða og upplýsinga hjá Ríkisendurskoðun um málefni sem fjalla um meðferð og ráðstöfun á ríkisfé. Slíkt sé reyndar alvanalegt og ekkert nýtt.



**Í STÓLNUM** Málið snýst um reglugerð um þátttöku sjúkratrygginga í nauðsynlegum tannlækninga- og tannréttingakostnaði vegna afleiðinga meðfæddra galla, sjúkdóma og slysa. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**ÁLFHEIÐUR INGADÓTTIR**



**SVEINN ARASON**

Álfheiður svaraði ríkisendurskoðanda bréflega í gær og segir hann misskilja málið. „Það er langur vegur frá að heilbrigðisráðuneyti eða undirritaður ráðherra hafi nokkuð við það að athuga að stofnanir ráðuneytisins leiti eftir ráðgjöf frá Ríkisendurskoðun,“ segir Álfheiður og vísar til upphaflegra samskipta við forstjóra SÍ og ítrekar að honum hafi borið að leita fyrst til ráðuneytisins eða ráðherra ef hann hefði eitthvað út á reglugerðina að setja.

Sveinn vísar því alfarið á bug að athugasemd hans sé byggð á misskilningi. „Við misskiljum ekkert. Það segir í hennar bréfi að viðkomandi eigi að leita fyrst til ráðuneytisins og tala svo við okkur. Við lítum svo á að forstöðumönnum sé í sjálfsvald sett hvaða röð þeir hafa á þessu og þurfi alls ekki að fá einhverja heimild til þess frá ráðuneytinu.“

svavar@frettabladid.is



**TJÖRN Í VATNSNESI** Júlíus ásamt landnámshænsnum. Hann missti um 250 slík í eldsvoða í síðasta mánuði. MYND/ÚR EINKASAFNI

Söfnun fyrir hænsnabú:

## Vilja endurreisa landnámsstofn

**FÓLK** Söfnun hefur verið hrundið af stað fyrir Júlíus Má Baldursson landnámshænsnabónda.

Útihús Júlíusar á Tjörn í Vatnsnesi brunnu í eldsvoða í lok síðasta mánaðar. Hann missti um 250 landnámshænur, fjóra heimilisketti og um þúsund egg. Að auki brann tækjabúnaður fyrir milljónir króna.

Með söfnuninni er vonast til þess að gera Júlíusi kleift að endurreisa hænsnastofninn. Þeir sem vilja leggja sitt af mörkum til söfnunarinnar geta gert það á reikning 1105-15-200235, kennitala er 011260-2259.

- þeb

**ALÞINGI**

### Fimm nefndir verði tvær

Félags- og tryggingamálaráðherra hefur lagt fram frumvarp um sameiningu nokkurra úrskurðarnefnda er heyra undir ráðuneytið. Annars vegar á að sameina kærunefnd fjöleignarhúsamála, kærunefnd húsaleigumála og úrskurðarnefnd frístundahúsamála í kærunefnd húsamála og hins vegar á að sameina kærunefnd húsnæðismála og úrskurðarnefnd félagsþjónustu sveitarfélaga í úrskurðarnefnd félagsþjónustu og húsnæðismála.





**Sverrir er sérfræðingur í bílum sem bila eiginlega aldrei**

**Þú getur treyst því að við gerum betur við Mitsubishi**

Mitsubishi eigendur njóta góðs af áratugareynslu Sverris og félaga á Mitsubishi þjónustuverkstæðinu. Þar sinna þeir þjónustu, viðgerðum og fyrirbyggjandi eftirliti, bæði fyrir jeppa og fólksbíla. Láttu okkur gera betur við bílinn þinn.

100% þjónustulán án vaxta | Val um upprunalega eða ódýrari varahluti | Sérstök hraðþjónusta í boði | Ókeypis forgreining

Reynslan er góð!

Þjónustuver og þjónustumóttökur: Opið frá 8-17 alla virka daga · Pantanasími 590 5030 · thjonusta@hekla.is. Netspjall á www.hekla.is.

Laugavegi 172-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is

HEKLA

# Messi góð tölva



## MacBook 13”

2,26GHz Intel Core 2 Duo
2GB innra minni
250GB harður diskur
NVIDIA GeForce 9400M 256MB skjástýring
Innbyggð iSight vefmyndavél
Tvö USB 2.0 tengi
Þráðlaust WiFi netkort (801.11n), Bluetooth
Allt að 7 klst rafhlöðu ending
Aðeins 2.13 kg

**Verð: 199.990 kr.**

**Tilboð: 189.990,- kr.***



## iPod nano

Geymir allt að 4000 lög
Vegur aðeins 36,4g
Upptökumyndavél
FM útvarp
7 litir

8GB 16GB

Verð frá: **39.990,-**

## iPod/iPhone hlífðarhulstur



**Teikniborð**
USB teikniborð MAC/PC
**Verð frá: 13.990,-**



**Fireant**
iPod hátalari
**Verð frá 39.990,-**




iPod/iPhone hlífðarhulstur: **Verð frá 2.990,-**

Hulstur á myndum er aðeins brot af úrvali í verslun okkar

**Apple búðin**
Sími 512 1300
Laugavegi 182

**Afgreiðslutími:**
Mán. til fös. 10-18 og lau. 12-16

**www.epli.is**

epli.is

Með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar. *Tilboð gilda til 19. apríl, eða meðan birgðir endast.





# Talið ólíklegt að það snjói meira í vetur

**Hvít jörð blasti við borgarbúum í gærmorgun. Snjórinn er ekki kominn til að vera segir veðurfræðingur, sunnanátt með hlýindum verður ráðandi næstu daga. Snjórinn er ekki slæmur fyrir gróðurinn segir garðyrkjufræðingur.**

**VEÐUR** „Þetta er ekki einu sinni síðbúið páskhret þetta er bara falleg motta sem verður horfin í síðasta lagi á morgun,“ sagði Hjörtur Árnason, veðurfræðingur á Veðurstofu Íslands, þegar Fréttablaðið hafði samband í gær og spurði um aprílsnjóinn. „Hann er að leggjast í sunnanátt, það fer að rigna seinnipartinn á morgun [í dag] og verður vætusamt sunnanlands næstu daga. Sunnanátt þýðir hlýindi fyrir norðan og austan, það má búast við allt að þrettán stiga hita um helgina á Norðausturlandi,“ segir Hjörtur sem telur ólíklegt að það snjói meira í vetur. „En það er aldrei að vita, þetta er auðvitað bara spá.“

Hjörtur segir skammvinnt hret ekki hafa áhrif á gróðurinn, jafnvel þó að sum tré hafi verið farin að bruma. Undir þetta tekur Valborg Einarsdóttir, garðyrkjufræðingur og framkvæmdastjóri Garðyrkjufélags Íslands.

„Það er í raun miklu erfiðara fyrir gróðurinn ef það er mikill þurrakuldi og vindur, smá snjór gerir ekkert ógagn,“ segir hún og bendir á að þrátt fyrir að gróður hafi verið farinn lítillega af stað þá hafi verið svo kalt undanfarið að snjórinn hafi ekki verið gróðrinum áfall. „Það hafa ekki verið þær sveiflur í hitafari í vetur að þær séu slæmar fyrir gróðurinn.“

sigridur@frettabladid.is

## Snjóléttur mars sunnanlands



**KRÓKUSAR Í SNJÓNUM** Krókusar koma snemma upp ár hvert og þola vel smá hret.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

- Í mars var hlýtt í veðri og hiti ofan meðallags um land allt. Síðustu fimm dagana var kalt í veðri og mjög kalt var inn til landsins í upphafi mánaðarins.
- Mjög snjólétt var sunnanlands í mars. Í Reykjavík var einungis jörð alhvít í fimm daga í mánuðinum sem er tveimur dögum minna en að meðaltali síðustu tíu ára en sex dögum minna en að meðaltali 1961 til 1990. Alhvítir dagar á Akureyri voru aðeins níu sem eru 10 dögum minna en í meðalmars 1961 til 1990 en þremur dögum minna en að meðaltali síðustu 10 árin.
- Sólskinsstundir mældust 118 í Reykjavík, sjö fleiri en í meðalári. Á Akureyri mældust sólskinsstundirnar 55 og er það 22 stundum undir meðallagi.
- Meðalhitinn í Reykjavík var 3,1 stig og er það 2,7 stigum yfir meðallagi. Meðalhiti á Akureyri var 1,1 stig og er það 2,3 stigum ofan meðallags. Á Höfn í Hornafirði var meðalhitinn 2,7 stig, 1,5 stigum ofan meðallags, og -2,6 stig á Hveravöllum, það er 3,3 stigum ofan meðallags.
- Hæsti hiti í mánuðinum mældist 12,3 stig. Það var í Neskaupstað hinn 10. Lægsti hiti á landinu mældist -23,4 stig. Það var við Mývatn 2. mars.

*heimild www.vedur.is*




* Innifalið: Flug, flugvallarskattar og gisting á mann í tvíbýli í fjórar nætur. Flug til Seattle gefur 675–7.200 Vildarpunkta.

Ný kenning í eðlisfræði:

## Heimur inni í öðrum heimi

**VÍSINDI** Gæti verið að heimurinn okkar hafi orðið til inni í ormagöngum sem eru partur af svartholi sem er hluti af stærri heimi?

Þessu heldur eðlisfræðingurinn Nikodem Poplawski fram í grein, sem birtist í vísindatímaritinu Physics Letters B á mánudaginn kemur. Hann segir þetta geta útskýrt útþenslu heimsins, sem væri þá eins konar öfugt svarthol sem myndast innan í svartholi þar sem heimurinn fellur saman. Poplawski ætlar að kanna þessa kenningu sína áfram. - gb

Skeljungur og Olís hafa hækkað sjálfsafgreiðsluverð um fjórar krónur á lítrann:

# Bensín- og olíuverð hækkar enn

**VIÐSKIPTI** Skeljungur og Olís höfðu í gær hækkað sjálfsafgreiðsluverð á bensíni um fjórar krónur og dísilolíu um þrjár krónur hvern lítra.

Algengt bensínverð í sjálfsafgreiðslu hjá félögunum tveimur er nú komið upp í tæpar 213 krónur lítrinn. N1 hafði ekki hækkað verð hjá sér síðdegis í gær.Verð á ómönnuðum bensínafgreiðslustöðvum er nú um 204 krónur.

Lítil hreyfing var á heimsmarkaðsverði á olíu í gær. Daginn áður hækkaði verð á olíutunnunni í 87 Bandaríkjadali, hæsta heimsmarkaðsverð á olíu í átján mánuði. - óká

**ÓDÝRASTA 95 OKTANA BENSÍNIÐ Á LANDINU**

| Landshluti | Félag | Stöð | Verð |
|---|---|---|---|
| Höfuðborgin | Orkan | Skemmuvegur | 201,80 kr. |
| Höfuðborgin | AO | Skemmuvegur | 206,20 kr. |
| SV-hornið | Orkan | Njarðvík/Grindavík/Leifsstöð | 203,80 kr. |
| SV-hornið | AO | Njarðvík | 204,40 kr. |
| Suðurland | Orkan | Frá Hveragerði til Víkur | 203,80 kr. |
| Suðurland | AO | Selfoss/Hveragerði | 204,40 kr. |
| Austurland | N1 | Meðalverð | 205,90 kr. |
| Norðurland | Orkan | Sauðárkrókur | 202,30 kr. |
| Norðurland | Orkan | Húsavík/Akureyri | 203,80 kr. |
| Vestfirðir | Orkan | Súðavík/Ísafjörður/Bolungarvík | 200,70 kr. |
| Vestfirðir | N1 | Ísafjörður | 201,90 kr. |
| Vesturland | Orkan | Hreðavatnsskáli | 202,80 kr. |
| Vesturland | ÓB | Borgarnes/Baulan | 203,50 kr. |

Heimild: gsmbensin.is kl. 16.00 7. apríl 2010.

### Göngin oft ódýrari

Fyrir fólksbíl kostar stök ferð um Hvalfjarðargöng 900 krónur, samkvæmt gjaldskrá Spalar á Netinu. Vegurinn um Hvalfjörð er hins vegar 60 kílómetra langur. Af því leiðir að eyði bíll um 7,5 lítrum á hverja hundrað ekna kílómetra kostar 913 krónur að aka Hvalfjörðinn miðað við algengt sjálfsafgreiðsluverð á 95 oktana bensíni (203 krónur lítrinn). Á norðurleiðinni er því ekki hagkvæmara að fara fjörðinn nema bíllinn eyði vel innan við 7,5 lítrum á hundraðið og er þá ekki tekið með í reikninginn slit á bílnum.

Margrét Tryggvadóttir:

## Vill allt um ECA upp á borð

**ALÞINGI Margrét Tryggvadóttir, Hreyfingunni, hefur lagt fram fyrirspurn á Alþingi til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um fyrirtækið ECA og fyrirhugaða starfsemi þess á Íslandi.**



MARGRÉT TRYGGVADÓTTIR

**Margrét vill vita hverjir eiga fyrirtækið, hvers konar starfsemi það hyggist stunda á Íslandi, hvenær viðræður þar um hófust, hver fari með málið fyrir hönd stjórnvalda, hvar málið sé statt og hvenær áformað sé að starfsemin hefjist.**

**Þá vill Margrét vita hvernig fyrirhuguð starfsemi ECA á Íslandi samræmist stjórnarsáttmálanum.** - bþs

Nýbygging HSu í fulla notkun:

## Mun rýmra um heilsugæsluna

**HEILBRIGÐISMÁL** Tekinn hefur verið í notkun seinni hluti nýrrar viðbyggingar við Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSu) á Selfossi.

Eftir vígsluathöfn sem fram fer í dag verður almenningi gefinn kostur á að skoða húsið milli klukkan 16.30 og 17.00.

„Með tilkomu nýju byggingarinnar fær heilsugæslan nýtt og mun rúmbetra húsnæði á 1. hæð, endurhæfingaraðstaða verður stórbætt,“ segir í tilkynningu.

Nýbyggingin er þrjár hæðir auk kjallara, alls 5.400 fermetrar. Heildarkostnaður við bygginguna er sagður 1,7 milljarðar króna. - óká

Konur á landsbyggðinni:

## Helmingur er yfir kjörþyngd

**HEILBRIGÐISMÁL Helmingur ungra kvenna á landsbyggðinni er yfir kjörþyngd. Fimmta hver þeirra glímir við offitu. Þetta leiðir ný rannsókn í ljós sem fjallað er um í nýjasta hefti Læknablaðsins.**

**Þrettán prósent kvenna af höfuðborgarsvæðinu flokkuðust með offitu. Offita er þegar fólk er komið í þyngd sem farin er að ógna heilsu fólks verulega. Á landsbyggðinni er þetta hlutfall 21 prósent.**

**Þá reyndust 23 prósent kvenna á höfuðborgarsvæðinu vera of þung, en um 39 prósent kvenna á landsbyggðinni. Lauftey Steingrímsdóttir næringarfræðingur framkvæmdi rannsóknina. Hún segist ekki kunna skýringar á þessum mikla mun.** - þeb



30% afsláttur
OPNUNARTILBOÐ

Klinkið er búið að flytja ...
30% afsláttur af allri vöru (ekki fatnaði)
Gildir fimmtud. til laugard. (08.04 til 10.04)

Klinkið lágvörumarkaður
Í húsi Heimilistækja Suðurlandsbraut 26 (Rautt hús) S: 5889050
Opið: Mánud. til föstud. 10 - 18 Laugard. 10 - 16 Lokað Sunnud.

FERMINGAR! SJÁÐU VERÐ-DÆMI
FERMINGAGJAFIR
KORT, PAPPÍR OG
ANNAÐ FYRIR
FERMINGUNA Á
GÓÐU VERÐI.




SPARA SPARA
Íslensk orðabók
Verð áður kr. 14.990
NÚ 13.490,-
SKEIFUNNI 11
104 REYKJAVÍK
S. 533 1010
GRIFFILL
ALLTAF ÓDÝRARI

VitrA GÆÐI



VITRA Mod blöndunartæki
23.900



VITRA Slope blöndunartæki
8.990
VitrA QUALITY
Flísa&Bað MARKAÐURINN
Bæjarlind 6, Kópavogi, sími 517 6067. Opið mán. - fös. 10-18, laug. 11-16.

Auglýsingasími
512 54 01




Allt sem þú þarft...

## FRÉTTASKÝRING: Hvað líður samþykkt rammaáætlunar?




# Lítil sátt um rammaáætlun


SVANFRÍÐUR JÓNASDÓTTIR


ÞÓRA ELLEN ÞÓRHALLSDÓTTIR

**Djúpstæð óánægja er meðal náttúruverndarsinna um rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða sem þeim þykir of virkjanamiðuð. Þá hefur kynning hennar hlotið gagnrýni. Vinstri græn vilja breytingar en Samfylkingin þrýstir á um málslok.**

Frumvarp um lög um rammaáætlun hefur verið í þingflokki Vinstri grænna síðan fyrir áramót. Þykir það nokkuð langur tími og bera því vott að ekki sé sátt um málið. Fréttablaðið hefur greint frá þessu og einnig því að sættir virtust fram undan í málinu. Málið er þó ekki svo einfalt og ljóst að gríðarleg óánægja er með málið meðal náttúruverndarsinna og þar með talið í Vinstri grænum, sem kenna sig við umhverfisvernd.

Annar áfangi áætlunarinnar var kynntur í síðasta mánuði og síðan hafa farið fram nokkrir kynningarfundir. Fresti til athugasemda á að ljúka 19. apríl, en til umræðu er að framlengja hann um tvær vikur.

### Þykir virkjanamiðuð

Helsta gagnrýnin á áætlunina er að hún sé of virkjanamiðuð. Í henni séu kostir til virkjunar listaðir upp, en ekki horft út frá verndarsjónarmiðum. Það rímar við skipunarbréf verkefnisstjórnarinnar, en þegar hún var skipuð hét áætlunin rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Skipt hefur verið um heiti og nú kallast áætlunin rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða. Sú áherslubreyting þykir ekki endurspeglast nægilega í útkomunni.

Þóra Ellen Þórhallsdóttir, formaður faghóps um náttúru og menningarminjar, segir það skýrt í sínum huga að áætlunin sé virkjanamiðuð. „Ég hef sjálf aldrei litið á það öðruvísi en að þetta hafi verið gert út frá forsendum orkunýtingar. Þetta er ekki eitthvað sem kemur í staðinn fyrir náttúruverndaráætlun.“

### Kynningin gagnrýnd

Annar áfanginn var kynntur í síðasta mánuði og blásið til fundarherferðar. Fyrsti fundurinn var haldinn 9. mars og sendur út í gegnum netið. Fjölmenni var viðstatt, en nokkuð var gagnrýnt að ekki voru leyfðar fyrirspurnir eða umræður í kjölfar fundarins.

Síðan hafa verið haldnir fimm opnir fundir: á Selfossi, Kirkjubæjarklaustri, í Mývatnssveit, Varmahlíð og á Nauteyri við Ísafjarðardjúp. Fyrirhugaður er fundur í Grindavík og einnig var haldinn fundur fyrir frjáls félagasamtök, að þeirra ósk.

„Kynningin hefur verið í skötulíki fyrir þá sem búa á höfuðborgarsvæðinu. Einn opinn fundur með LÍÚ-sniði, þar sem engar fyrirspurnir eru leyfðar. Ég hef farið þess á leit við nefndina að haldinn verði ærlegur kynningarfundur á höfuðborgarsvæðinu, þar sem 65 prósent landsmanna búa, en fæ bara þau svör að næsti fundur verði í Grindavík,“ segir Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands. Hann segist fá það á tilfinninguna að litið sé svo á að málið komi fólki á höfuðborgarsvæðinu minna við en úti á landi.

Svanfríður Jónasdóttir, formaður verkefnastjórnarinnar, segir vel koma til greina að halda annan fund á höfuðborgarsvæðinu. Ákveðið hafi verið að fyrsti fundurinn yrði aðeins kynningarfundur sem sé öllum aðgengilegur á netinu. Þá hafi verið horft til þess að halda fundi á þeim stöðum þar sem orkumálin eru mest knýjandi. Þannig hafi verið fundur í Mývatnssveit en ekki á Akureyri.

„Akureyri er ekki staður þar sem orkumálin, eða spurningin um hvort þú virkjar eða verndar, eru knýjandi með sama hætti og á þessum stöðum.“ Þá hafi fundirnir verið það þétt um landið að enginn vandi hafi verið fyrir áhugasama að sækja þá.

### Arfur annarrar ríkisstjórnar

Verkefnastjórnin var skipuð haustið 2007. Einhverjar mannabreytingar hafa orðið, til dæmis skipti Jón Bjarnason út fulltrúa landbúnaðarráðuneytisins nýverið og skipaði Björgu Evu Erlendsdóttur. Aðrir hafa setið áfram. Til dæmis er Unnur Brá Konráðsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, enn fulltrúi forsætisráðuneytisins í stjórninni, þrátt fyrir húsbóndaskipti á þeim bæ.

Samfylkingin hefur lagt áherslu á að ljúka vinnunni sem fyrst. Vinstri græn munu þó trauðla standa að áætlun sem þykir of virkjanamiðuð.

Þannig fer það fyrir brjóstið á mörgum sem Fréttablaðið ræddi við að öll svæði liggi undir í áætluninni og skipti þá engu hvort þau eru friðuð nú þegar eða ekki. Aðferðafræðin er þannig að mikilvægi svæða er metið og þeim gefin einkunn. Náttúrufar, sérstaða og mikilvægi hefur áhrif á þá einkunn, svo eitthvað sé nefnt.


ÁRNI FINNSSON

Meðal svæða sem gefin er einkunn eftir þessum formerkjum eru Gullfoss og Geysir. Þá má nefna Torfajökulssvæðið, sem er friðlýst, og svæði í Jökulsá á Fjöllum sem áhrif hafa á Dettifoss, en áin er innan Vatnajökulsþjóðgarðs. Þetta þykir náttúruverndarsinnum ótækt.

Iðnaðarráðherra og fleiri hafa sagt að þetta sé til að fá ákveðinn punkt til viðmiðunar, það þýði ekki að Gullfoss og Geysir verði virkjaðir. Gagnrýnendum þykir hins vegar skorta á að það sé geirneglt í áætluninni. Hún sé frekar eins og virkjanakostir séu taldir upp og svo bíði menn eftir að einhenda sér í virkjanir.

### Lítil sátt

Ágreiningur stjórnarflokkanna hefur valdið titringi og fyrir nokkrum vikum var allt á suðupunkti. Síðan hafa málin róast og nefnd flokkanna vinnur að því að brúa bilið. Enn ber þó mikið í milli.

Þá er ekki að heyra sáttatón frá náttúruverndarfólki. Því finnst orkugeirinn hafa ráðið ferðinni og nú eigi að keyra málið í gegn undir gunnfána nauðsynlegra framkvæmda í kreppunni.

Þá hefur sjálf aðferðafræðin verið gagnrýnd. Fréttablaðið sagði frá gagnrýni Sigmundar Einarssonar jarðfræðings á einkunnagjöfina og aðrir hafa nefnt að hópstjórar hafi verið tilnefndir og þeir síðan handvalið fólk í hópana.

Viðamikil gagnrýni er einnig á útkomuna sjálfa og má þar helst nefna skort á verðmætamati verndunar. Þannig er lagt haglegt mat á áhrif virkjunar en ekki á það hvað mundi græðast við verndun svæða. Það séu úrelt vinnubrögð og nær væri að líta til Bandaríkjanna sem hafi viðhaft slíkt verðmætamat í áratugi.

Ein grunnforsendan fyrir áætluninni er að skapa sátt og hefur iðnaðarráðherra lagt á það mikla áherslu. Miðað við gagnrýnina er ljóst að sú sátt er engan veginn í sjónmáli.


KOLBEINN ÓTTARSSON PROPPÉ
kolbeinn@frettabladid.is


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
998
KR.KG
N.F FROSIÐ GRÆNMETISBUFF
598
KR.KG
K.S FROSIÐ SÚPUKJÖT 1.FLOKKUR
598
KR.KG
K.S FROSNIR SALTFISKBITAR
898
KR. KG
N.V FERSKT NAUTAHAKK
298
KR. PK
BÓNUS FERSKT PÍTUBRAUÐ 4 STK
1298
KR. PK
BÓNUS NAUTABORGARAR STÓRIR 10x120g
28
KR. PK
ROOKEE NÚÐLUR 85g FJÓRAR BRAGÐTEGUNDIR
BÓNUS SMYRILL 300g
Nú með 20% afslætti
111 kr. dósin
39
KR. DS
E.S MAIS Í DÓS
BEST FYRIR JÚLÍ 2010
198
KR. STK
BÓNUS NÝBAKAÐ ÞRIGGJAKORNA-BRAUÐ 500 GR
198
KR. PK
BÓNUS PANINI BRAUÐ 2 STK
359
KR. PK
E.S FROSIÐ BROKKOLÍ 1 KG
359
KR. PK
E.S FROSIÐ BROKKOLI & BLANDAÐ GRÆNMETI 1 KG
139
KR. PK
E.S FROSIÐ MAISKORN 450G
398
KR. KG
TILBOÐ
FROSIÐ SPARHAKK
479
KR. PK
ALLETIDERS FROSIN JARÐARBER 1200G
298
KR. PK
ALLETIDERS BERJABLANDA 350G
298
KR. PK
ALLETIDERS FROSIN BLÁBER 250G
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA

# Europris

**ÓDÝRT FYRIR ALLA!**

# Allt fyrir



FRÁ **3790**
**ÚTIPOTTAR**
• Svartir og brúnir



pr. stk **199**
**TRIX UPPÞVOTTALÖGUR**
• 1 ltr



**25.990**
**GARÐSETT**
• Fjórir stólar og borð, stál
• Sessur fylgja ekki, kr 2890 pr stk



**699**
**ÞVOTTAEFNI**
• 2,3 kg



pr. stk **1490**
**SESSUR**
• 45x45x7 cm



KETER®

**9999**
**GEYMSLUKASSI**
• 117x45x58 cm



**249**
**SALERNISPAPPÍR - 8 Í PK**
• Miljø-spar



pr. stk **10.990**
**GARÐSTÓLL - BADEN BADEN**
• Til í bláu og gráu



**1290**
**GRÓÐURMOLD - 50 LTR**



**4990**
**KATTASANDKASSI**
• Með loki og handfangi



**1399**
**MÁLNINGAPENSLAR**
• 3 saman



pr. stk **499**
**GARÐVERKFÆRI - PLAST**

Opið frá kl. 10 til 19 um virka daga
og frá kl. 10 til 18 um helgar

# vorið



FRÁ 1899
**REIÐHJÓLAHJÁLMAR**
- Barna, kr 1899
- Unglinga, kr 2699
- Fullorðnir, kr 3799



4590
**BÓNVÉL**




SONAX VÖRUR Í MIKLU ÚRVALI



pr. stk
7990
**ÞRÍHJÓL**



1390
**HJÓLAPUMPA**
- Með festingu



FRÁ 4399
**REIÐHJÓLATÖLVA**
- Sigma BC506 5F, fimm stillingar, verð kr 4399
- Sigma BC506 9F, níu stillingar, verð kr 5999



4490
**KÚLUGRILL**
- Grillkol, 2 kg, kr 649
- Uppkveikilögur, 1 ltr, kr 689



1499
**LJÓSASETT**
- LED/díóðu



FRÁ 599
**REIÐHJÓLALÁSAR**
- 8x600 mm, kr 599
- 10x1800 mm, kr 999
- 25x1200 mm, kr 2299



5799
**HJÓLAGRIND FYRIR 3 HJÓL**
- Lakkað stál



8599
**HJÓLAGRIND FYRIR 4 HJÓL**
- Galvaniserað stál



3799
**REIÐHJÓLAFESTING**
- Loftfest



www.europris.is

Fiskislóð / Korputorgi / Dalvegi, Kópavogi / Tjarnarvöllum 11, Hafnarfirði / Austurvegi, Selfossi / Baldursnesi 8, Akureyri

## „ORÐRÉTT“

### *Eingyðjutrú?*

**„Á okkar tímum birtast gæslumenn rétthugsunar og „góðrar háttsemi“ helst í gervi hvatvísra femínista, sem telja sig hafa ráð og rænu til að leiðbeina samtíð sinni á svipaðan máta og íhlutunarsöm trúaryfirvöld gerðu fyrr á öldum.“**

BRYNJAR NÍELSSON HÆSTARÉTTAR-LÖGMAÐUR

**Pressan.is 6. apríl.**

### *Ekki velkjast í vafa*

**„Hinar róttæku breytingar um skötusel og strandveiðar eru óræk sönnun þess að ég mun beita mér fyrir breytingum á fiskveiðistjórnunarkerfinu í samræmi við stefnu ríkis-stjórnarinnar og míns flokks.“**

JÓN BJARNASON, SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARRÁÐHERRA.

**bb.is 7. apríl.**

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** SVANHVÍT AÐALSTEINSDÓTTIR

# *Undirbýr afmæli Vigdísar Finnbogadóttur*



„Ég er alveg á kafi í að undirbúa afmælisdagskrá til heiðurs Vigdísi Finnbogadóttur sem á stórafmæli í næstu viku,“ segir Svanhvít Aðalsteinsdóttir verkefna-stjóri stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur. Vigdís verður tvítug í fjórða sinn eins og hún grínast oft með á fimmtudag eftir viku og verður hátíðardagskrá henni til heiðurs í Háskólabíói af því tilefni en Háskóli Islands, ríkið og Reykjvíkurborg efna til afmælisins.

„Vigdís hefur unnið með svo mörgu fólku, svo mörgum samtökum og hefur lagt svo mörgum lið í gegnum tíðinaog  við buðum öllum að taka þátt með okkur og alls eru 28 félög að leggja okkur lið með einum eða öðrum hætti. Dagskráin hefst klukkan hálffimm á fimmtudag og er ókeypis aðgangur. Henni verður einnig útvarpað og sjónvarpað beint. Okkur fannst mikilvægt að vinir og stuðningsmenn um land allt fengju að njóta hátíðarhaldanna.“

Svanhvít segir að afmælisdagskráin verði mjög fjölbreytt. „Hún verður létt og skemmtileg og fjölmargir listamenn munu taka þátt í henni,“ segir Svanhvít sem vill þó ekki upplýsa nánar um dagskrána í bili enda á hún að koma afmælisbarninu og gestum á óvart. „Húsið opnar klukkustund fyrr og það verður boðið upp á afmæliskaffi.“

Í tilefni afmælis Vigdísar verður einnig efnt til alþjóðlegrar vísindaráðstefnu á vegum stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur dagana 15. til 17. apríl. Nánar má fræðast um dagskrá afmælisins á síðunni.

**Lærðu nýtt tungumál heima í stofu!**

Eigum mikið úrval af tungumálaforritum frá EuroTalk. Forritin eru afar hvetjandi sem henta breiðum aldurshópi.




eurotalk

A4 Skrifstofa og skóli

Smáratorgi 1, Kópavogi + Sími: 580-0000 + sala@a4.is + www.a4.is
Gleráreyrum 2, Akureyri + Sími: 580-0060 + akureyri@a4.is + www.a4.is

# Lesa skýrslu rannsóknarnefndar



**LEIKARARNIR** Elma Lísa, Halldór Gylfason, Unnur Ösp Stefánsdóttir, Jörundur Ragnarsson og Nína Dögg Filuppusdóttir eru meðal þeirra sem lesa upp skýrsluna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Lesturinn leggst vel í mig, þetta er mikilvægt efni. Ég vona bara að tölurnar verði skrifaðar með bókstöfum, ég er ekki vanur því að þurfa að lesa háar tölur reiprennandi svona án undirbúnings,“ segir Bergur Þór Ingólfsson leikari sem mun hefja lestur skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um leið og hún berst í Borgarleikhúsið næstkomandi mánudagsmorgun.

45 leikarar leikhússins munu lesa skýrsluna og er flutningstími áætlaður þrír til fimm sólarhringar en lesið verður allan sólarhringinn og geta áhugasamir rekið inn nefið hvenær sem er og hlustað á lesturinn og „hugleitt efnið, innihaldið og orsakirnar,“ eins og segir í fréttatilkynningu.

„Þetta er eins konar þjónusta okkar við samfélagið. Við ætlum bara að byrja á blaðsíðu eitt og halda svo áfram þar til yfir lýkur,“ segir Bergur. Tveir til þrír leikarar skipta með sér tveggja tíma vöktum og hver les í um korter í senn. „Þetta er heilmikið skipulag,“ segir Lára Aðalsteinsdóttir, markaðsstjóri Borgarleikhússins, sem sat við excel-skjal í gær ásamt yfirstjórn leikhússins og raðaði leikurum niður á lesturinn svo hann rækist ekki á æfingar og önnur verkefni.

Hugmyndin að lestrinum er komin frá Jóni Páli Eyjólfssyni leikstjóra og segir Lára hana hafa hitt í mark hjá leikurum og öðru starfsfólki. „Fyrir utan leikara munu ríflega fjörutíu aðrir starfsmenn vera á vaktinnni. Það þarf að hella upp á kaffi og taka á móti gestum.“ Lára segir umgjörðina um lesturinn þó verða afar einfalda. „Þetta verður eitt ljós, eitt púlt og einn lesari við það, sem sagt mjög hrátt.“

Lestrinum verður varpað beint á heimasíðu leikhússins, borgarleikhus.is.

EXPO • www.expo.is

FRÁBÆRT VERÐ Á PALLAEFNI!

BYKO

Verð á efni í sólpall*

Dæmi 1
15 m² pallur á aðeins: 58.500 kr.

Dæmi 2
20 m² pallur á aðeins: 78.000 kr.

Verð á m²: 3.900 kr.

*Verðdæmin miðast við efni í sólpall á frostfrítt undirlag og innihelda gagnvarða furu, 45 x 95 mm og 27 x 95 mm, ásamt galvaniseruðum saumi.




Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl.

# WHIRLPOOL **DAGAR**

**FRÁBÆR TILBOÐ** í gangi á þvottavélum, þurrkurum, uppþvottavélum og öðrum heimilistækjum frá stærsta framleiðanda í heimi.

# 10-60% AFSLÁTTUR






**UPPÞVOTTAVÉLAR**
Verð frá kr. 79.995



**ÞVOTTAVÉLAR**
Verð frá kr. 89.995



**ÞURRKARAR**
Verð frá kr. 79.995

**OFNAR, HÁFAR OG HELLUBORÐ Á FRÁBÆRU VERÐI!**

Whirlpool

**Heimilistæki** ht.is

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 36 **AKUREYRI** S: 460 3380 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

## FRÉTTASKÝRING: Hvað á nýja eldfjallið að heita?



ÓNEFND ELDSTÖÐ Landslag væri lítils virði ef það héti ekki neitt, segir í kvæði Tómasar Guðmundssonar. Embættismenn þriggja opinberra stofnana hafa nú fengið það hlutverk að velja örnefni fyrir eldstöðina sem er neðan við Fimmvörðuháls á gönguleiðinni frá Skógum yfir í Goðaland. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Embættismenn gefa eldstöðvum nafn

**Starfshópur þriggja opinberra stofnana hefur fengið það verkefni að finna örnefni á eldstöðina neðan við Fimmvörðuháls. Almenningur hefur sent inn fjölda hugmynda. Jarðvísindamenn og heimamenn verða með í ráðum.**

Fjölmargar hugmyndir að nafni á eldstöðina neðan við Fimmvörðuháls, á gönguleiðinni milli Skóga og Goðalands, hafa litið dagsins ljós.

Sumar hugmyndirnar vísa í staðhætti, eins og Fimmvörðufell og Fimmvörðuhnúkur. Aðrar vísa til ástandsins og umræðunnar í þjóðfélaginu, til dæmis Ísbjörg og Skjaldborg. Enn aðrar reyna að vísa bæði í staðhætti og tíðarandann. Hruni og Hrunatindur tvinna saman nafn Hrunagils, þangað sem hraunið hefur fallið, og hrun efnahagslífsins.

Engar mótaðar reglur eru um hvernig ný örnefni eru valin. „Það hefur verið með ýmsu móti,“ segir Hallgrímur J. Ámundason, sérfræðingur hjá Árnastofnun. Örnefnanefnd valdi Surtsey nafn og nefndinni var líka falið að úrskurða eftir gosið í Heimaey. Við gerð Kárahnjúkavirkjunar urðu fjölmörg kennileiti til en Landsvirkjun sá um að nefna þau.

Menntamálaráðherra hefur nú falið sérfræðingum þriggja ríkisstofnana að velja eldstöðinni nafn. Þetta eru Örnefnanefnd, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Landmælingar Íslands. Hópurinn hittist á fyrsta fundi í fyrradag. Ætlunin er að hafa samráð við jarðvísindamenn og staðkunnuga heimamenn áður en ákvörðun verður tekin. „Það þarf að vita hvers konar náttúrufyrirbrigði þetta er og hyggja að staðháttum og kennileitum,“ segir Þóra Björk Hjartardóttir, formaður Örnefnanefndar, að loknum fundinum.

Nefndarmenn hafa tekið saman lista yfir þær ábendingar og hugmyndir sem komið hafa fram frá almenningi undanfarna daga. Ekki er þó ætlunin að efna til samkeppni um nafnið eða velja úr innsendum hugmyndum. Margar ábendingarnar vísa til fells eða notast við orð sem einkenna ákveðin náttúrufyrirbæri. Eldstöðin er hins vegar sífelldum breytingum undirorpin meðan gosið heldur áfram. Þóra Björk segir að nú sé hún nær því að vera gígur en fell. Það er því ekki vandalaust að velja örnefnið og gæta að því að það gangi ekki gegn fræðilegum skilgreiningum og almennri málvenju. Þóra Björk segir óvíst hvenær starfshópurinn lýkur störfum og kemst að sinni niðurstöðu. „Við ákváðum að gefa okkur góðan tíma og ætlum ekki að hrapa að neinu,“ segir hún.

peturg@frettabladid.is







## Nær Þrívörðuskeri en Fimmvörðuhálsi

„Fimmvörðuháls er nú oftast haft um alla leiðina frá Skógum og yfir í Goðaland en áður fyrr átti nafnið einungis við um hálsinn efst á leiðinni. Gosstöðvarnar eru því í sjálfu sér alls ekki við Fimmvörðuháls heldur talsvert norðar,“ segir í umfjöllun um örnefni á gosslóðunum sem Hallgrímur J. Ámundason, sérfræðingur hjá Stofnun Árna Magnússonar, hefur birt á arnastofnun.is. Stiklað er á stóru úr umfjöllun Hallgríms hér á eftir.

### Þrívörðusker

„Þrívörðusker […] er mun nær gosinu en Fimmvörðuháls – af myndum af dæma virðist gosið hafa komið upp norðan við Þrívörðusker og sunnan við Bröttufannarsker,“ segir í greininni. Hallgrímur og aðrir sérfræðingar treysta sér þó ekki til þess að staðsetja Þrívörðusker á korti, enn sem komið er, og engin kort eru til sem sýna staðsetningu þess.

### Morinsheiði

„Þórður Tómasson telur að heiðin dragi nafn af mórauðum lit sínum. … Sögnin morna merkir að visna eða hrörna. Samsetta orðið Morinsheiði gæti þá vísað til þess að hún er gróðurlaus, veðruð og eyðileg.“

### Hrunagil

„Innst (austast) á Goðalandi heita Hrunar. Talað er um tvenna Hruna sem ýmist eru kallaðir Stóri-Hruni og Litli-Hruni eða Fremri -Hruni og Ytri-Hruni. … Gilin milli Hrunanna sjálfra og milli þeirra og Morinsheiðar eru kölluð Hrunagil en greinarmunur stundum gerður á Norðurgili og Suðurgili. Hrunagil (Suðurgil) er það gil sem hraun hefur fallið um vegna gossins.“

### Hvannárgil

„Gilin vestan við Morinsheiði eru kölluð Hvannárgil eftir ánni sem þar rennur. Hvannárgil klofnar framarlega í Norðurgil og Suðurgil (eða Norður-Hvannárgil og Suður-Hvannárgil, einnig nefnd Fremra- og Innra-Hvannárgil.“

### Heljarkambur

„Þar sem Morinsheiði og hálendið undir jöklunum tengist heitir Heljarkambur. … Nokkuð hefur borið á því í umræðu undanfarna daga … að Heljarkambur sé heiðarbrúnin suðaustan við Morinsheiði og norðaustan við gosstöðvarnar. Það er alrangt. Ekkert sérstakt nafn virðist vera á þessum stað en fyrir ekki mörgum áratugum lágu enn Hrunárjöklar yfir þessu svæði.“

## Hvað á hún að heita?

Starfshópur um nafn á eldstöðina neðan við Fimmvörðuháls hefur haldið lista yfir nafngiftir sem hefur verið fleygt í opinberri umræðu. Hér eru nokkrar hugmyndanna:

- Eldfell
- Eldvarða
- Fimmvörðufell
- Fimmvörðuhnúkur
- Fimmvörðungur
- Funafell
- Funi
- Goðafell
- Hálsafell
- Hálsbólga
- Heljarþröm
- Hrunafell
- Hruni
- Hrunsgígur
- Ísbjörg
- Krepputindur
- Skjaldborg
- Steina
- Tálmi
- Trafali
- Varða
- Vörðuhnúkur
- Þórðarfell
- Þórðarfjall
- Þórufell
- Þórugígur

# TOPPFORM
## FYRIR SUMARIÐ



Góður árangur og frábær vitnisburður viðskiptavina okkar eru okkur hvatning til að vinna stöðugt að endurbótum á þessum öflugu námskeiðum. Kynntu þér hvað hentar þér!

## Árangur



**Árangur – 6 vikna námskeið fyrir konur**
Byrjendanámskeið fyrir alla þá sem ekki hafa stundað reglulega þjálfun síðastliðna mánuði og vilja taka þjálfunina föstum tökum og komast vel í gang.

6-vikna átaksnámskeið fyrir alla þá sem vilja raunverulegan árangur. Kílóin fjúka á þessu uppfærða og endurbætta námskeiði sem hefur aldrei verið betra. Nýtt efni, ný uppbygging, nýjar æfingar sem eru einfaldar, skemmtilegar, árangursríkar.
Æfingakerfið er þróað sérstaklega svo þú náir þínum markmiðum.

Innifalið:
- Lokaðir tímar 3x í viku
- Ótakmarkaður aðgangur að tækjasal og opnum tímum
- Aðgangur að glæsilegri útiaðstöðu – jarðsjávarpotti og gufuböðum
- Hvatning, fróðleikur og uppskriftir í tölvupósti
- Aðgangur að uppskriftavef Hreyfingar
- Mælingar – vigtun og fitumælingar

Skráning á www.hreyfing.is eða í síma 414 4000.

Á1 – Þriðjudaga og fimmtudaga kl.17.20 og laugardaga kl. 10.15
Á2 – Mánudaga, miðvikudaga og föstudaga kl. 14.30

Árangur – 6 vikna námskeið 3x í viku. Verð 22.900 kr.
Hefst 12. apríl.



## Árangur / EFTIRBRUNI

**Fyrir vanar konur**
Í hverjum tíma er leitast við að ná að mynda hinn svokallaða eftirbruna. Þá verður aukinn fitubruni í margar klukkustundir eftir að æfingu lýkur. Námskeið fyrir þær sem hafa æft reglulega á árinu og vilja hámarka árangur sinn.
Komdu þér út úr röngu fæðumynstri og byrjaðu að borða fæðu sem gerir þig granna.

ÁE1– Mánudaga , miðvikudaga og föstudaga kl. 07.30
ÁE2– Mánudaga , miðvikudaga og föstudaga kl. 10.00
ÁE3– Þriðjudaga, fimmtudaga kl. 18.30 og laugardaga kl. 11.15

Árangur – eftirbruni – 6 vikna námskeið 3x í viku. Verð 22.900 kr.
Hefst 12. apríl



## LÍKAMI OG SÁL

**6 vikna námskeið fyrir líkama og sál 2x í viku.**
Annar tíminn er Body Vive/líkamsmótun og hinn Body Balance.

Í Body Vive er blandað saman þolfimi æfingum, hjartastyrkjandi æfingum, styrktaræfingum og teygjum sem skilar þér auknum vöðvastyrk, meiri liðleika, betri líkamsstöðu og almennri vellíðan. Unnið er með Vive™ bolta, teygjur og lóð, en hver og einn getur stjórnað álaginu að miklu leyti sjálfur.
Body Balance tengir líkama og sál og mun breyta þeirri tilfinningu sem þú hefur fyrir líkama þínum til framtíðar. Tímarnir eru líflegir og þjálfað er eftir tónlist sem skilar þátttakendum afslöppuðum og endurnærðum. Body Balance blandar saman því besta úr austurlenskri þjálfun eins og yoga og tai chi með nýjum æfingum eins og pilates og feldenkrais. Body Balance er styrkjandi og tónar vöðva líkamans auk þess að losa um stífa og auma vöðva. Hentar vel byrjendum sem og lengra komnum.

L1– Þriðjudaga og fimmtudaga kl. 06.25
L2– Mánudaga og miðvikudaginn kl. 16.20
Líkami og sál – 6 vikna námskeið -2x í viku. Verð 18.900 kr.

Hefst 19. apríl.

**Barnagæsla**
Frábært starfsfólk tekur börnunum opnum örmum.
Kynntu þér opnunartíma á hreyfing.is

HREYFING HEILSULIND | BLUE LAGOON ICELAND geothermal spa

Álfheimar 74
Sími: 414 4000
hreyfing@hreyfing.is
www.hreyfing.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Óhugnanlegur veruleiki í upptöku af árás í Bagdad:

## Að fara með börnin sín í stríð

Hún kom óþyrmilega við mann upptakan af árásum bandarískra hermanna á óbreytta borgara í Bagdad fyrir hálfu öðru ári. Efni upptökunnar kom ekki á óvart en áminning er það engu að síður að horfa upp á þetta dæmalaust óhugnanlega dæmi um atburði sem eiga sér stað í stríði.

Í stríði láta óbreyttir borgara lífið, líka börn. Fólk er drepið og sært þótt ljóst sé að það hefur nákvæmlega enga hernaðarlega fyrirætlan, jafnvel þótt það ætli sér bara að koma særðum samborgara til hjálpar eins og sást á myndbandinu sem birt var á Wikileaks.

SKOÐUN

Steinunn Stefánsdóttir

Aðstoðarritstjóri



Það kemur við mann að upplifa þá villimennsku sem á sér stað í stríði. Ungur maður lætur sig ekki muna um að hlæja þegar annar segir honum að hann hafi ekið yfir lík. Annar segir: Sjáðu þessi dauðu kvikindi, og er að tala um látið fólk. Og félagi hans staðfestir að hann hafi vissulega ekki misst af þessari sjón með því að segja: „Nice“. Menn sem segja: Þeir geta sjálfum sér um kennt að fara með börnin sín í stríð, þegar það er algerlega ljóst að maðurinn sem um er ræðir er eingöngu að rjúfa hvunndag sinn til þess að koma særðum manni til hjálpar.

Stríðið í Írak hefur nú staðið í sjö ár. Talið er að allt að sex hundruð þúsund almennra borgara hafi látið lífið á þessum tíma. Síst horfir friðvænlegar í Írak nú en fyrir sjö árum og daglegt líf almennings þar er líklega til muna verra en það var fyrir innrásina. Gereyðingarvopnin sem voru yfirskin innrásarinnar hafa ekki fundist og munu ekki finnast.

Það er gæfa að búa í landi þar sem ekki er her og ekki heldur herskylda. Hér er það ekki hluti þess að komast til manns að gegna herskyldu og fá þannig nasasjón af því sem í hernaði felst, eða verða jafnvel þátttakandi í stríði, eins og er veruleiki ungs fólks í sumum nágrannalanda okkar. Á þessu verður vonandi aldrei breyting.

Íslendingar neyðast samt til að horfast í augu við að við urðum þátttakendur í þessu stríði með því að vera á listanum yfir hinar viljugu þjóðir sem studdu innrásina í Írak. Íslendingar urðu þátttakendur í þessum harmleik þrátt fyrir að ákvörðunin hafi ekki verið tekin af ríkisstjórn, hvað þá af Alþingi eða þá þjóðinni. Þrátt fyrir að ákvörðunin hefði áreiðanlega ekki verið tekin ef hún hefði verið borin undir Alþingi og ólíklega ef hún hefði verið lögð fyrir ríkisstjórn þá tók Ísland með stuðningi sínum þátt í þessu stríði.

Fyrir Alþingi liggur nú þingsályktunartillaga um að rannsakað verði hvernig það gat gerst að herlaus þjóð varð þátttakandi í tilgangslausri innrás í fjarlægt land, innrás sem kostað hefur hundruð þúsunda almennra borgara lífið og enn fleiri heilsuna, samanber blessuðu litlu börnin sem fram koma í upptökunni.

Upptakan af hinni grimmilegu árás er áminning um að það verður að rannsaka hvernig þessi ákvörðun var tekin, hvernig tveir menn gátu, að því er virðist, teymt þjóð til ábyrgðar á tilgangslausum stríðsrekstri. Myndbandið er þó fyrst og fremst áminning um þann viðbjóð sem stríð er og nauðsyn þess að berjast ævinlega með friði gegn stríði.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Höskuldur

„Icesave hefur ekkert að gera með þær framkvæmdir sem ríkið getur farið í núna strax í orkugeiranum,“ sagði Höskuldur Þórhallsson, Framsóknarflokki, í Fréttablaðinu í gær. Hann er þeirrar skoðunar að Icesave hafi almennt lítið með fjárfestingar að gera og er duglegur að andmæla þeim sem halda hinu gagnstæða fram. Gott og vel.



### Hörður

„Það helsta sem stendur í veginum er Icesave og forsendur fjármögnunar eru að það mál klárist,“ svaraði Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, Fréttablaðinu í febrúar, spurður um hvað stæði í vegi fyrir því að ljúka fjármögnun Búðarhálsvirkjunar. Annar fer með rangt mál – en hvor?



### Raðirnar

Gylfi Magnússon og Ragna Árnadóttir eru þeir ráðherrar sem hvað mest ánægja er með samkvæmt nýlegum þjóðarpúlsi Capacent. Það segir sína sögu um stjórnmálin að þegar minnst er á mannabreytingar í ríkisstjórninni skuli stjórnmálamennirnir fyrst nefna að seta þeirra tveggja í ríkisstjórninni sé nú bara tímabundin. Líklegt er að öðru hvoru þeirra – eða báðum – verði mokað út úr stjórninni til að „þétta raðirnar“. Af Þjóðarpúlsinum að dæma yrði slík ráðstöfun ekki til að þétta raðirnar í samfélaginu. En það væri eftir öðru.

bjorn@frettabladid.is

HALLDÓR




## Betri samningur fyrir borgina

Borgarmál

Óskar Bergsson

Formaður borgarráðs



Eftir eins og hálfs árs gott samstarf meiri- og minnihluta í borgarstjórn Reykjavíkur, þar sem unnið hefur verið eftir þverpólitískri aðgerðaáætlun, er nú kominn glímuskjálfti í mannskapinn og minnihlutinn hefur fundið ágreiningsefnið. Ágreiningurinn fyrir þessar kosningar skal vera með eða á móti golfvelli! Gott og vel, en málið snýst um efndir á samkomulagi milli Golfklúbbs Reykjavíkur og Reykjavíkurborgar sem rekja má til vorsins 2006 þegar Steinunn Valdís Óskarsdóttir, þáverandi borgarstjóri Samfylkingarinnar, undirritaði skuldbindandi samninga við fjölmörg íþróttafélög upp á 2,2 milljarða króna, þar á meðal um stækkun golfvallar á Korpúlfsstöðum.

Reykjavíkurborg, þ.e. meirihluti hvers tíma, þarf að standa við þær skuldbindingar sem áður hafa verið gerðar í nafni sveitarfélagsins. Í þessu tilviki á ábyrgð Samfylkingar, VG og Framsóknarflokks sem mynduðu Reykjavíkurlistann. Ég undrast þá afstöðu VG og Samfylkingarinnar að vilja ekki bera ábyrgð á samningum sem þeirra eigin stjórnmálaforingjar stóðu að.

Í þessum meirihluta, sem myndaður var í ágúst 2008, hefur mikil vinna farið í að vinda ofan af stórum samningum við íþróttafélög sem gerðir voru á árunum 2006-2007. Það er gert í samvinnu við íþróttafélögin með það að leiðarljósi að standa við fyrri skuldbindingar en draga verulega úr kostnaði. Það er sérkennilegt að á sama borgarstjórnarfundi greiðir minnihlutinn atkvæði með nýju samkomulagi við íþróttafélög eins og Fylki og Fjölni, en á móti samkomulagi við GR. Samningar við þessi félög voru allir samþykktir fyrir kosningar 2006.

Samningurinn nú felur í sér að GR fellur frá fyrri áformum um framkvæmdir upp á 450 m.kr. en byggir upp á fjórum árum fyrir 230 m.kr. eða rúmlega 57 m.kr. á ári. Á móti skilar GR Reykjavíkurborg landi í Staðarhverfi, sem verður til framtíðar verðmætt byggingarland borgarinnar.

Það getur verið mikilvægt að hafa sérstöðu í stjórnmálum þegar kemur að kosningum og það er greinilega það sem Samfylkingin og VG eru að reyna í þessu máli. En að velja mál sem þeirra eigin flokkar bera fulla ábyrgð á og klína því á þá sem sitja uppi með gjörninginn er vægast sagt ófyrirleitið.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Fæðukeðjan í bankanum

Orðavalið í tölvuskeyti stjórnarmanns í Glitni rétt fyrir hrun opinberar hugarfarið í höfuðstöðvum bankans. Stjórnarmaðurinn var að reyna að herja lán út úr bankanum, en rak sig á óvænta fyrirstöðu og skrifaði bankastjóranum: „Ég skil ekki hvernig hlutirnir virðast breytast á leiðinni niður fæðukeðjuna í bankanum …“ Hvor þeirra átti að standa ofar í fæðukeðjunni? Tölvuskeyti af þessu tagi sviptu hulunni af starfsháttum Enrons í Bandaríkjunum, og stjórnendurnir sitja nú af sér þunga fangelsisdóma.

Engum dylst, hver stóð efstur í keðjunni í Landsbankanum. Gjaldþrot Björgólfs Guðmundssonar, aðaleiganda og yfirstjórnanda bankans, nam 750 milljónum Bandaríkjadala og virðist vera eitt stærsta persónulega gjaldþrot í gervallri fjármálasögu heimsins. Ekkert gjaldþrot tekur gjaldþroti Björgólfs fram að umfangi svo vitað sé, jafnvel í Texas, og eru menn þar þó ýmsu vanir. Hver lánaði manninum alla þessa peninga? Spurningin svarar sér sjálf: það var aðallega Landsbankinn. Af þessum 750 milljónum dala, sem Björgólfur þurfti að hlaupa frá, eru 500 milljónir dala ógreidd skuld við Landsbankann. Skellurinn lendir á saklausu fólki innan lands og utan, fjölda fólks.

**Að eiga til að ræna**

Sumir telja hrun bankanna vera tæknilegt úrlausnarefni. Ég hef heyrt hátt setta embættismenn lýsa þeirri skoðun. Þeim skjöplast. Hvað er svona tæknilegt við kýrbein? Höfuðskýringin á hruni bankanna blasir nú við. Eigendurnir létu greipar sópa með aðferð, sem bandaríski afbrotafræðingurinn Willam Black lýsir vel í bók sinni The Best Way to Rob a Bank Is to Own One: How Corporate Executives and Politicians Looted the S&L Industry (Bezta leiðin til að ræna banka er að eiga banka: Hvernig forstjórar og stjórnmálamenn létu greipar sópa um sparisjóðina).

**Hin þöglu svik**

Von er á skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis um hrunið eftir fáeina daga, fimm mánuðum á eftir upphaflegri áætlun. Skýrslan þarf að gera meira en að svipta gagnsærri hulunni af almæltum tíðindum. Hún þarf að kortleggja sambandið milli stjórnenda bankanna, stjórnmálamanna og embættismanna og beina til sérstaks saksóknara ítarlegum lista með nöfnum þeirra, sem ákæra þarf og dæma.

Samt virðist mörgum gamla linkindin, sem Bjarni Benediktsson síðar forsætisráðherra lýsti í bréfi til bróður síns 1934 og taldi nauðsynlegt að uppræta, liggja í loftinu. Ríkisstjórnin hefur ekki talað skýrt um nauðsyn þess að koma lögum yfir þá, sem keyrðu bankana í kaf. Stjórnin hefur ekki tekið sér stöðu með fórnarlömbum bankanna gegn peningaryksugunum. Hún hefur heldur kosið að þegja og skýla sér bak við Rannsóknarnefnd Alþingis. Meðal margra fórnarlamba er 73 ára gömul kona, sem sendi forsætisráðherra og fjármálaráðherra bréf frá Bretlandi til að lýsa furðu sinni á linkind stjórnvalda gagnvart eigendum og stjórnendum bankanna. Hún hefur engin svör fengið frá ráðherrunum. Hún veit um fjárstuðning bankanna við flokkana fram að hruni. Hún kann að leggja saman tvo og tvo.

**ÍDAG**



**Þorvaldur Gylfason**
Prófessor

> Ríkisstjórnin hefur ekki talað skýrt um nauðsyn þess að koma lögum yfir þá, sem keyrðu bankana í kaf.

**Virðing umheimsins**

Brýna nauðsyn bar strax í byrjun til að fá óháða erlenda menn til að stýra uppgjörinu við hrunið frekar en innlenda embættismenn. Þetta var nauðsynlegt til að girða fyrir tortryggni. Rannsóknarnefnd Alþingis hirti ekki um að ræða við Björgólf Guðmundsson fyrr en eftir dúk og disk. Nefndin hirti ekki heldur um að ræða við Sverri Hermannsson, fyrrverandi bankastjóra Landsbankans, þótt hann hafi margsinnis, nú síðast hér í Fréttablaðinu 17. febrúar, borið þungar sakir á fyrrverandi framkvæmdastjóra Sjálfstæðisflokksins og hægri hönd Björgólfs í bankanum. Eftir á að koma í ljós, hverja menn aðra úr efstu lögum bankanna rannsóknarnefndin kaus að ræða ekki við. Ekki verður séð, að nefndin hafi nýtt sér heimild í lögum til að draga viðmælendur sína til ábyrgðar á ósönnum framburði svo sem tíðkast í störfum bandarískra þingrannsóknarnefnda og skiptir sköpum þar og gæti einnig gert það hér.

Þjóðverjar stýrðu ekki sjálfir réttarhöldunum í Nürnberg 1945-46. Það gerðu sigurvegarar styrjaldarinnar. Þeir komu að vísu ekki lögum yfir alla sökudólga, langt frá því, en þeir menn fengu þunga dóma, sem mest höfðu til saka unnið. Þýzkaland reis á fáeinum árum úr rústum stríðsins, sýndi auðmýkt og ávann sér á ný virðingu umheimsins, ekki sízt með framgöngu sinni á vettvangi ESB. Íslendingar hefðu með líku lagi þurft að fela útlendingum rannsókn hrunsins. Ef gamla kærulausa linkindin sigrar, eiga Íslendingar á hættu að hrapa enn frekar í áliti umheimsins. Þá verða góð ráð dýr.

**AF NETINU**

## Undarleg umræða um rannsóknarnefnd Alþingis

Það var vitað fyrirfram að starf Rannsóknarnefndar Alþingis væri ekki auðvelt verk. Síðustu vikur hefur öðru hverju verið reynt að gera starf rannsóknarnefndarinnar og vinnuhópsins tortryggilegt eins og ég dreg fram hér í þessum pistli.

Alvarlegasta atlagan kom frá sjálfum forsætisráðherranum, Jóhönnu Sigurðardóttur, þegar hún flutti „kattaræðuna“. Þar hafði hún í hótunum rétt eina ferðina. Hún sagði að ef Rannsóknarnefndin fjallaði ekki þóknanlega um einkavæðingu bankanna myndi hún standa fyrir sérstakri löggjöf þar um.

Hún virtist ekki muna eftir því að málið er í höndum Alþingis. Alþingi setti sérstaka löggjöf um rannsókn bankahrunsins og hefur jafnframt kosið sérstaka nefnd þingmanna undir forustu þess ágæta þingmanns Atla Gíslasonar lögmanns. Þingnefndinni er ætlað að fara yfir skýrslu Rannsóknarnefndarinnar og bregðast við í samræmi við vilja Alþingis eftir rækilega umfjöllun hinnar sérstöku þingnefndar og leggja fram tillögur á þingi um málið.

Í þessu sem öðru eru vinnubrögð forsætisráðherra óvönduð og löðrandi af ráðaleysi og þörf fyrir að beina athyglinni að öðru en verkum ríkisstjórnarinnar. Það kann ekki góðri lukku að stýra.

Hvað veldur því að forsætisráðherra heggur að þingnefndinni sem á að taka málið til meðferðar? Er nema von að traust almennings gagnvart þinginu hafi dalað!



http://www.pressan.is/pressupennar/SturlaBodvarsson
**Sturla Böðvarsson**


Endurbætt Egilshöll

# Dagskrá Heilsuakademíunnar í Egilshöll

**Tækjasalur**
Egilshöll
Frábær tækjasalur og opnir tímar. Body Pump, Spinning, MRL o.fl. Einkaþjálfun í hæsta gæðaflokki.

**Herþjálfun**
Egilshöll
Ein árangursríkasta og skemmtilegasta þjálfun sem völ er á. Eini sérútbúni herþjálfunarvöllur landsins.

**Lífsstílsnámskeið**
Egilshöll
Fjölbreytt og persónuleg þjálfun fyrir konur. Góð fræðsla og mikið aðhald.

**Fit-Pilates**
Egilshöll
Enginn hamagangur en virkilega vel tekið á, gefur langa og fallega vöðva.

**Tarzan fyrir börnin**
Egilshöll 5-10 ára
Tími fyrir börnin á hinum eina sanna Tarzanvelli þar sem krakkar geta hangið, klifrað og hoppað undir leiðsögn þjálfara.

Sími: 594 9666
www.heilsuakademian.is
Heilsuakademían býður upp á frábæran tækjasal, opna tíma, einkaþjálfun og landsins mesta úrval námskeiða. Auk þess sem við kynnum endurbætta Egilshöll.
Ný námskeið hefjast 12. apríl.

**Karlapúl**
Egilshöll
Fjölbreytt þjálfun fyrir karla á öllum aldri. Frábær þjálfun í góðum félagsskap.

**Fyrirtækjaþjálfun**
Egilshöll
Sérhæfð og fjölbreytt þjálfun sem gerir vinnuandann skemmtilegri.

**TRX**
Nýtt!
Egilshöll
TRX er frábær þjálfun í ströppum þar sem þú nýtir líkamsþyngd þína í stað lóða. Byggir upp jafnvægis- og djúpvöðvakerfi líkamans.

**Pole Fitness**
Egilshöll
Í fyrsta sinn á Íslandi. Alþjóðlegt líkamsræktarkerfi. Frábær líkamsrækt þar sem dansi, styrk og úthaldi er blandað saman.

**Dansskóli Birnu Björns**
Egilshöll
6-15 ára
Freestyle, Jazzballet, Grease, Hip Hop og söngleikjadans fyrir börn og unglinga.

**Hópaeinkaþj.**
Egilshöll
2 til 4 saman í hóp.
Fagleg þjálfun undir stjórn menntaðra einkaþjálfara.

**Sundskóli**
Lágafellslaug / Mosfellsbæ 2-5 ára
Sundkennsla fyrir 2-5 ára börn. Frábær undirbúningur fyrir skólasundið.

**Breakdans**
Egilshöll 7-15 ára
Natasha kennir breakdans frá götum New York borgar. „The Basic Break moves.“

**Eitt Líf**
Egilshöll 9-13 ára
Skemmtileg og uppbyggileg námskeið fyrir börn yfir kjörþyngd.

**Einkaþjálfun**
Egilshöll
Fagleg þjálfun undir stjórn menntaðra einkaþjálfara.

**Afþreying**
Hópefli, gæsanir/steggjanir, barnaafmæli í Tarzan sal, og fyrirtækjaskemmtanir. Auk þess verða ýmsar uppákomur í vetur s.s. göngu- og hlaupahópar.



Árskort á 39.990,-

# Ný námskeið hefjast 12. apríl.



Heilsuakademían er aðili að Frístundakorti ÍTR

heilsuakademían
Hreyfing, heilbrigði, skemmtun
www.heilsuakademian.is - sími: 594 9666



*Elskulegur tengdasonur minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Guðmundur Árni Bjarnason**

Smárahvammi 2, Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum í Fossvogi miðvikudaginn 31. mars. Útför hans fer fram frá Digraneskirkju föstudaginn 9. apríl kl. 11.00.

**Guðríður Guðbrandsdóttir**
**Þorsteinn Guðmundsson** **Björg Sigurðardóttir**
**Júlíana Ósk Guðmundsdóttir** **Ólafur Björn Heimisson**
**Guðmunda Gyða Guðmundsdóttir** **Gylfi Bergmann Heimisson**
**og barnabörn.**



*Hjartkær vinur minn, faðir okkar og bróðir,*

**Sigurjón Hafnfjörð Siggeirsson,**

lést á heimili sínu þann 3. apríl.

**Aðstandendur.**



*Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur vináttu og hlýhug við andláts og útfarar ástkærrar móður minnar, tengdamóður og ömmu,*

**Jolee Margaret Crane.**

Sérstakar þakkir fær frábært starfsfólk 11-G á Landspítalanum og líknardeildarinnar í Kópavogi, fyrir einstaka umönnun, umhyggju og vináttu.
Einnig færum við Blindrafélaginu sérstakar þakkir.

**Ingileif Helga Leifsdóttir**
**Linda Hersteinsdóttir**
**Ásthildur Emma**



*Hjartkær frændi okkar og vinur,*

**Björn Tryggvi Jóhannsson,**

bóndi á Stóru-Borg, Húnaþingi vestra,

lést á Heilbrigðisstofnuninni Hvammstanga 29. mars. Útförin fer fram frá Breiðabólsstaðarkirkju í Vesturhópi laugardaginn 10. apríl kl. 14.00.
Þeim sem vilja minnast hans er vinsamlega bent á að láta Heilbrigðisstofnunina Hvammstanga njóta þess.

**Fyrir hönd frændsystkina og annarra aðstandenda,**

**Ólöf Hulda Karlsdóttir.**



*Útför bróður míns,*

**Þorbjarnar Sigurðssonar**

frá Neðra-Nesi, Stafholtstungum,

fer fram frá Reykholtskirkju laugardaginn 10. apríl kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Björgunarsveitina Heiðar í Borgarfirði.

**Þórir Gunnar Sigurðsson.**

**BETTY FORD ER 93 ÁRA**

*„Ég hef alltaf haft á tilfinningunni að Drottinn láni okkur börnin þar til þau hafa náð átján ára aldri. Hafi maður ekki þegar sett mark sitt á þau þá, hafa tækifærin til að hafa áhrif á þau gengið okkur úr greipum.“*



***Betty Ford er ekkja Geralds R. Ford sem var Bandaríkjaforseti á árunum 1974 til 1977. Hún er stofnandi Betty Ford-meðferðarstofnunarinnar.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 8. APRÍL 1703

## Íslenskt manntal gert

Manntal, hið fyrsta í heiminum sem náði til heillar þjóðar, var tekið á Íslandi um þetta leyti. Að því er varðaði gestkomandi fólk er miðað við þennan dag.

Manntalið 1703 var jafnframt fyrsta manntalið sem náði til allra íbúa í heilu landi, þar sem getið var nafns, aldurs og stöðu íbúa í þjóðfélaginu.



Það var vegna bágrar efnahagsstöðu þjóðarinnar sem ákvörðun var tekin um gerð manntals á 17. öld. Árni Magnússon og Páll Vídalín voru valdir til að rannsaka hag landsins og leggja til úrbótartillögur, og var manntalið ein forsenda þeirra. Þeim Árna og Páli var einnig gert að semja jarðabók og gera búfjártal. Af landsmönnum var veturinn 1702-1703 kallaður manntalsvetur. Manntalið þótti einsdæmi á sínum tíma og hefur varðveist úr öllum hreppum, þótt frumritið hafi glatast í sumum tilfellum.



*Þökkum samúð og hlýjar kveðjur vegna andláts*

**Ingileifar Thorlacius.**

Sérstakar þakkir færum við öllu því góða fólki sem hjúkraði henni síðasta árið.

**Ásdís Thorlacius Óladóttir**
**Ásdís Kristinsdóttir** **Kristján Thorlacius**
**Áslaug, Sigrún, Solveig, Sigríður og fjölskyldur.**



*Maðurinn minn,*

**Ingvar Einar Bjarnason**

prentari,
Fannborg 8, Kópavogi,

andaðist 2. apríl sl. Útför hans fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 9. apríl kl. 15.00.
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeir sem vilja minnast hans láti SÁÁ njóta þess.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Valgerður Guðjónsdóttir.**



*Systir okkar og frænka,*

**Eydís Eyþórsdóttir,**

er látin. Jarðarförin fer fram í kyrrþey.

**Guðmundur Pétursson**
**Ingibjörg Eyþórsdóttir**
**Sigríður Eyþórsdóttir**
**Þórður Eyþórsson**
**Guðríður Lillý Guðbjörnsdóttir**
**og systkinabörn.**



*Elskuleg móðir okkar,*

**Anna Guðmundsdóttir**

frá Hvammstanga, síðast til heimilis að Bólstaðarhlíð 45, Reykjavík,

lést þann 1. apríl á Landspítalanum í Fossvogi. Útför hennar fer fram frá Laugarneskirkju þriðjudaginn 13. apríl kl. 13.00.

**Kolbrún Ingólfsdóttir**
**Guðmundur Ingólfsson**
**og aðrir aðstandendur.**



**ALLTAF SAMI STRÁKURINN** Gói segir mikil forréttindi að standa loks á þrítugu og hefur fyrir stefnu að njóta hverrar stundar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

GUÐJÓN DAVÍÐ KARLSSON LEIKARI: MÆLIR ÞRJÁ ÁRATUGI AF ÆVI SINNI Í DAG

# Föðurhlutverkið toppar öll hin

„Draumagjöfin er að fá að vera í stuði sem lengst,“ segir afmælisbarn dagins, Guðjón Davíð Karlsson leikari, sem blæs á þrjátíu kerta köku í dag. Guðjón, sem skírður var eftir móðurafa sínum, hefur verið kallaður Gói frá því að systir hans hóf að kalla hann það sem smábarn.

„Og nú bankar aldurinn svona svaðalega á dyrnar, en ég hef engu að kvíða. Ég þekki marga sem farið hafa yfir þennan hjall og það er allt mjög heilbrigt og skemmtilegt fólk,“ segir Gói sem finnur lítinn mun milli áratuga. „Þegar ég hugsa um hugtakið þrítugur finnst mér það dálítið karlalegt, því mér líður ekki þannig í hjartanu. Mér finnst ég enn vera óttalegur strákur.“

Gói er sonur Karls Sigurbjörnssonar biskups og afabarn Sigurbjörns Einarssonar biskups, og því alinn upp í trú, von og kærleika. „Ég er meðvitaður um mikilvægi þess að þakka fyrir hvern dag og njóta hverrar stundar, þess að vera til og vera í kringum fólkið sitt, brosa og hafa gaman af lífinu. Hins vegar langaði mig aldrei að feta í fótspor feðganna og ætlaði að verða leikari strax fimm ára, þótt ég hafi líka gengið í gegnum tímabil þess að langa að verða lögga, læknir, leigubílstjóri og vörubílstjóri. En svo sá ég að fullt væri að verða leikari því þá gæti ég leikið það allt saman.“

Í minningunni standa afmæli bernskunnar upp úr. „Ég var alltaf svo ánægður að eiga afmæli þegar enn var skóli því sumir vina minna misstu af afmælisgestunum þegar sumraði og enginn var heima. Pabbi sá alltaf um að teikna á afmælisdúkinn, en hann er mikill teiknari og teiknaði alls konar bíla og skrifaði: „Til hamingju með afmælið, Gói“ og „Gói, nú ertu 8, 9, 10, 11 eða 12 ára“. Svo bakaði mamma köku og pabbi skar hana út eins og strætó og skreytti,“ segir Gói sem fékk kærkomnustu afmælisgjöfina frá eiginkonu sinni og syni í fyrra. „Þá fékk ég loksins almennilegan kassagítar og hef allar götur síðan verið í stífu sjálfsnámi á YouTube,“ segir Gói sem standa mun á sviði Borgarleikhússins í Gauragangi í kvöld. „Ég nenni ekki að halda afmælispartí, en fer líklega með familíunni í hádeginu og við fáum okkur eitthvað gott í svanginn. Ég er óskaplega heimakær og finnst gott að vera ekki endalaust í margmenni. Mér finnst bara best í heimi að vera heima og hafa það kósí með frúnni og syninum.“

Gói segist glaður og sáttur við sinn stað í lífinu en ávallt setja sér markmið um að gera betur. „Mig langar til að verða betri einstaklingur, betri leikari, betri faðir, betri eiginmaður og betri kokkur. Það er svo annarra að dæma í hverju þessara hlutverka ég er bestur, en ég vona að það sé föðurhlutverkið. Það er mitt uppáhaldshlutverk; ögrandi og stíft, enda með lítinn einstakling sem þarf að hlúa að og gera að manneskju, passa upp á og gæta að þroskist og dafni. Því er ekkert hlutverk sem toppar það og mun aldrei gera,“ segir Gói sem raunar leggur sig fram í öllu sem hann gerir.

„Mitt lífsmottó er að halda áfram á lífsins braut með því að taka skref fram á við en ekki aftur á bak. Lífið leikur við mig og ég leik við lífið á móti, enda mikils virði að velta sér ekki upp úr neikvæðni og leiðindum heldur passa að brosa og hugsa eins og sannur Íslendingur með: Æ, þetta reddast!“

thordis@frettabladid.is


4BLS BÆKLINGUR
APRÍL TILBOÐ
STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM
8. APRÍL 2010 - BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR, PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL.
NÝ TILBOÐ
2 VERSLANIR STÚTFULLAR AF SJÓÐHEITUM TILBOÐUM Á TÖLVUM OG TÖLVUBÚNAÐI
LEYFI FYRIR 3 TÖLVUR
VÍRUS VÖRN
INTERNET SECURITY 2010 VÍRUSVÖRN
4.990
HVERGI BETRA VERÐ
COBY
2GB
2GB COBY MP200 MP3 SPILARI
4.990
MÚS OG LYKLABORÐ FYLGIR
acer
REVO
FRÁBÆR BORÐTÖLVA MEÐ 512MB NVIDIA ION SKJÁST. WINDOWS XP, OFL. OFL.
49.900
1TB
1TB SAMSUNG SATA2 HARÐDISKUR 32MB
14.900
1.5TB
1.5TB WESTERN DIGITAL SATA2 DISKUR 64MB
19.900
GLÆSILEGAR VERSLANIR Í REYKJAVÍK OG Á AKUREYRI
Borgartún 31 Reykjavík
Undirhlíð 2 Akureyri



# GIGABYTE
## UPPFÆRSLUTURN 2

- Athlon II X2 240 Dual Core 2.8GHz
- 2GB DDR2 800MHz OCZ minni
- 500GB SATA2 16MB NCQ diskur
- 512MB ATI Radeon HD3000 skjást.
- 5.1 HD Dolby Digital hljóðkort
- HDMI, DVI, VGA og Gigabit netkort
- Vandaður 500W hljóðlátur turn

**59.900**
ÖFLUGUR UPPFÆRSLUTURN

GLÆSILEG DX11 LEIKJATÖLVA



# GIGABYTE
## X2 LEIKJATÖLVA

- GIGABYTE hljóðlátur IT 500W turn
- Phenom II Dual Core 550 3.1GHz 7MB
- 4GB DUAL DDR2 800MHz minni
- 500GB SATA2 16MB NCQ diskur
- 20x DVD SuperMulti skrifari
- 1GB ATI HD5450 DX11 skjákort
- 7.1 HD Home Theater hljóðstýring
- Windows 7 Home Premium 64 BIT

**119.900**
HLAÐIN ALLRI NÝJUSTU TÆKNI

NÝ KYNSLÓÐ
HLAÐIN TÆKNINÝJUNGUM OG ENN GLÆSILEGRI Í BURSTUÐU ÁLHÚSI




## HDMI 1080i



10 ÞÚSUND AFSLÁTTUR

# 19”
## SKJÁR OG BORÐTÖLVA

Stórglæsileg borðtölva frá Acer sem er innbyggð í glæsilegan 19” HD skjá með lyklaborði, mús og þráðlausu neti.

- Intel Atom N270 1.6GHz örgjörvi
- 1GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 160GB SATA2 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 19” HD 16:9 1366x768 skjár
- 256MB Intel GMA 950 skjástýring
- 54Mbps þráðlaust net
- 5-in-1 innbyggður kortalesari
- Windows XP Home og fjöldi forrita

acer

**89.900**
GLÆSILEG ACER BORÐTÖLVA

LACIE



# 1TB
## LaCinema Classic 1080P

- Tengist beint í sjónvarp eða græjur
- 1080P Upscaling kvikmynda afspilun
- Spilar alla MP3 og WMA tónlist
- Nær hljóðlaus viftulaus hönnun
- Spilar af USB flökkurum/minnislyklum
- Fjarstýring til að stjórna öllu fylgir
- HDMI, RCA, Digital, USB ofl.

**39.900**
1.5TB AÐEINS KR. 44.900



ÁBRENNT ÍSLENSKT LETUR

## ÞRÁÐLAUST LOGITECH

Nýjasta þráðlausa settið frá Logitech með glæsilegu þráðlausu lyklaborði og mús

**9.990**
MK300 ÞRÁÐLAUST SETT

FÁANLEG SVÖRT, RAUÐ EÐA HVÍT



## M7700 ÞRÁÐLAUS

- 2.4GHz þráðlaus 10 metra tækni
- Nano sendir geymist í músinni
- High-precision Laser 1600dpi tækni
- Stillanleg 800 - 1600dpi upplausn
- 5 hnappar og 4ra átta skrunhjól
- Rafhlaða endist í 6+ mánuði

**4.990**
BLUETOOTH ÚTGÁFA KR. 6.990



## MARGMIÐLUNAR SPILARI

- Tengist beint í sjónvarp/græjur
- Spilar kvikmyndir, tónlist, ljósmyndir
- Spilar beint af minniskortum
- Spilar beint af USB minnislyklum
- Spilar beint af USB flökkurum
- 720P upscaling fyrir meiri gæði

**9.990**
HÁGÆÐA ZOLITH SPILARI

20% AFSLÁTTUR



## LEIKJA HEYRNARTÓL

Glæsileg GameCom 367 lokuð leikjaheyrnartól frá Plantronics með einstökum hljómgæðum og innbyggðum innfellanlegum MIC. Þægileg og öflug heyrnartól.

**7.990**
MÖGNUÐ LEIKJAHEYRNARTÓL



## LOGITECH 2.1 KERFI

Glæsilegt 2.1 hljóðkerfi frá Logitech með 2 hátölurum og góðu bassaboxi

**6.990**
LOGITECH 2.1 HLJÓÐKERFI

TÖLV

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900

**JONAS BROTHERS** hafa ákveðið að leggja góðu málefni lið. Þeir munu í dag verja heilum degi skólausir og draga þannig athygli fólks að því hve eitt skópar getur breytt lífi barns. Þeir bætast í hóp annarra ungstirna á borð við Brittany Snow og Kristen Bell sem einnig ætla að tipla um berfættar í dag.





FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

Skór & töskur í miklu úrvali

www.gabor.is



Sérverslun með

Gabor xena

FÁKAFENI 9 - - Sími: 553 7060

Opið mánud-föstud. 11-18 & laugard. 11-16

Eirberg

**Rafknúnir** hægindastólar

- Auðvelda þér að standa upp
- Einfaldar stillingar og fjölbreytt úrval



www.eirberg.is • 569 3100 • Stórhöfða 25



hjá Hrafnhildi

Sími 581 2141 • www.hjahrafnhildi.is



Þessar snotru kvartbuxur keypti Einar Carl í HM í Kaupmannahöfn og eru einar af mörgum í uppáhaldi hjá honum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Kvartarinn vanmetin flík

**Einar Carl Axelsson telur kvartbuxur langbestu flíkurnar í sínum fataskáp enda gengur hann í þeim dags daglega ef ekki er brjálað veður. Hann passar bara að klæða sig vel að ofan. Lágir sokkar eru líka málið.**

Ég er einn af þeim sem alltaf ganga í kvartara. Hann er vanmetin flík," segir Einar Carl glaðlega.

Honum þykja kvartbuxurnar þægilegar í vinnunni en hann starfar sem nuddari í Heilsuakademíunni í Egilshöll. Spurður hvort hann fari líka í þeim á djammið svarar hann: „Nei, þá reyni ég að finna einhverjar heilar. Hitt er örugglega ekki vel séð. Annars er ég lítið á djamminu," segir hann. Kveðst enginn tískugaur vera heldur fela kærustunni að finna á hann föt í fínni kantinum.

Sokkarnir eru aðalatriði þegar gengið er í kvartbuxum, að sögn Einars Carls. Þeir verða að vera lágir. „Ef maður er í háum sokkum er maður eins og hálfviti. Það gengur ekki," segir hann ákveðinn. „Það verður að sýna kálfana. Til þess er leikurinn gerður."

gun@frettabladid.is

Allt fyrir **góðan svefn** og **betri heilsu**

IQ-CARE

HEILSUDÝNUR OG HEILSUKODDAR

Ein besta heilsudýna í heimi



PROFLEX

Takmarkað magn af IQ-Care heilsudýnum og Proflex stillanlegum rúmum á sértilboði frá framleiðanda

Proflex 2x80x200 með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
**kr. 339.900** - verð áður kr. 429.000

Proflex 2x90x200 með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
**kr. 349.900** - verð áður 459.000

**Fermingartilboð sjá www.svefn.is**

Svefn & heilsa

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 - Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00



**RAUÐUR KJÓLL** sem fyrirsæta klæðist í Special K auglýsingu Kellogg's vakti svo mikla athygli tískumeðvitaðra áhorfenda að ákveðið hefur verið að selja svona kjóla í verslunarkeðjunni Marks & Spencer.


Frábærar vörur pompea betra verð




Apótek, verslanir, Fjarðarkaup, Þín Verslun Spar
Dreifingaraðili: S. Gunnbjörnsson ehf.

Augnháralitur og augnbrúnalitur
Tana® Cosmetics



Plokkari með ljósi



SÖLUSTAÐIR: APÓTEK OG SNYRTIVÖRUVERSLANIR




12 kg
Þvottavél og þurrkari
· Tekur 12 Kg · Hljóðlát
· Stórt op > auðvelt að hlaða
· Sparneytin

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Nýkomin sending af sokkum, sokkabuxum og leggings




www.adamogeva.is
Kleppsvegur 150 - Sími 517-1773
Hverfisgata 82/Vitast. - Sími 511-6966
Selfoss : Austurvegur 3 - Sími 517-1133
Akureyri : Sunnuhlíð 12 - Sími 461-3031

Enskuskóli Erlu Ara

Enskunámskeið í Hafnarfirði fyrir fullorðna. Fimm vikna vornámskeið sem hefjast þann 12. apríl. Einnig stendur yfir skráning í námsferðir til Englands. Í boði eru bæði ferðir fyrir unglinga og fullorðna
Skráning í síma 8917576 og erlaara@simnet.is



Sjá nánar á
www.enskafyriralla.is




Íslensk náttúra hefur löngum verið listafólki innblástur.



Ís eða jökull um hálsinn en Veðramen Ernu eru innblásin af íslenska veðrinu. Ingibjörg Skúladóttir, litla systir hönnuðarins, er fyrirsæta. MYND/ERNA SKÚLADÓTTIR

# Fjúk um háls og herðar

**Íslensk náttúra verður íslenskum hönnuðum og listafólki gjarnan uppspretta hugmynda. Í skartgripalínunni Veðramen hefur óstýrilát veðráttan verið steypt í postulín.**

HönnunarveislanHönnunarMars er nýafstaðin en þar sýndu íslenskir hönnuðir vörur sínar á hinum ýmsu uppákomum. Ein þessara uppákoma var Popup-verslun sem opnuð var í gamla Saltfélagshúsinu við Grandagarð og þar sýndi Erna Skúladóttir hönnun sína. Erna hefur hannað skartgripi úr postulíni sem hún kallar Veðramen.

„Innblásturinn að skartgripunum sótti ég í veðrið en það hefur svo mikil áhrif á okkur," útskýrir Erna en Veðramen eru þrjár línur sem heita Regn, Snjór og Ís. „Veðrið getur verið afskaplega ögfakennt, og breyst úr brjáluðum stormi í blíðskaparveður á nánast augabragði. Ég vildi fanga þá fegurð sem er í loftinu þegar veðrið er stillt og rólegt. Snjórinn er allt í kringum mann eða jafnvel smá rigning og rómantíkin nánast áþreifanleg," útskýrir Erna.



Erna Skúladóttir stefnir á frekara keramiknám í Listaháskólanum í Bergen í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Talsverð umferð var af fólki gegnum Popup-markaðinn á HönnunarMarsinum og segir Erna vel hafa gengið og að áhuginn á íslenskri hönnun sé mikill. „Stemningin var mjög skemmtileg. Það voru bara allir svo spenntir og glaðir og svo gaman að hitta allt fólkið sem var á ferðinni um markaðinn."

Skartgripalínan er lokaverkefni Ernu úr mótun í Myndlistaskóla Reykjavíkur og er seld í versluninni Aurum í Bankastræti. Erna er nú í árs fríi frá námi en stefnir á Listaháskóla í Bergen í Noregi í haust. Þessa dagana vinnur hún að nytjahlutum úr postulíni en getur vel hugsað sér að vinna frekar með skart. „Ég hef alltaf verið glingurgjörn gegnum tíðina og á mikið af skarti sjálf. Ég held örugglega áfram að hanna skartgripi og fer jafnvel í frekara nám tengt því. Í hönnun skartgripa er hægt að leyfa sér svo margt, þeir eru eins og nothæfur skúlptúr." *heida@frettabladid.is*


Nýjar vörur



Gallapils kr. 5.900
Langermabolur kr. 2.900
Margir litir

Rita
Bæjarlind 6 - Eddufelli 2
Sími 554-7030 Sími 557-1730
www.rita.is


# Erdem verðlaunaður

**Tískuhönnuðurinn Erdem Moralioglu hlaut vegleg verðlaun á dögunum.**

Erdem Moralioglu er þrítugur breskur tískuhönnuður sem hefur vakið athygli að undanförnu. Þannig hlaut hann til að mynda verðlaun breska tískuráðsins á dögunum og þar með 200 þúsund punda verðlaunafé sem hinn ungi hönnuður getur notað til að þróa áfram tískumerki sitt.



Erdem Moralioglu.

Erdem Moralioglu fæddist í Kanada 1977. Faðir hans er Tyrki en móðirin bresk og Erdem ólst upp í Montreal og Birmingham. Hann stundaði listnám áður en hann fékk stöðu hjá Vivienne Westwood þar sem hann fann sína sönnu köllun í tískuiðnaðinum.

Hann nam við konunglega listaháskólann í London en eftir útskrift starfaði hann fyrir Diane Furstenberg í New York. Hann stofnaði eigið tískumerki sitt, Erdem, árið 2005.

Klæðnaður Erdem einkennist af litríkum mynstrum en hann fær innblástur frá þeim fjölmörgu löndum og menningarheimum sem hann kynntist með fjölskyldu sinni sem barn.

Meðal viðskiptavina Erdem eru Michelle Obama, Sarah Brown, Samantha Cameron, Tilda Swinton, Nicole Richie og Claudia Schiffer.



Skræpóttur samfestingur úr haustlínu Erdem 2009.

Fagur kóngablár kjóll frá Erdem.



## ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR

Bergþór Bjarnason skrifar frá París

# Blackberry- og iPhone-fegurð

Internetið skipar æ stærri sess í okkar daglega lífi og sífellt fleiri svið notast nú við Netið. Snyrtivöruframleiðendur eru í þeim hópi og nú eru það ekki aðeins heimasíður snyrtivörumerkjanna með svokölluðum e-snyrtivörum og netverslanir sem njóta vinsælda heldur hafa sérfræðingar fegurðargeirans lagt þær undir sig. Nú bjóða þeir sérfræðiþekkingu sína, og jafnvel námskeið í snyrtingu, viðskiptavinum að kostnaðarlausu. Þessa þjónustu við viðskiptavinina má til dæmis finna hjá l´Oréal sem býður upp á ein 250 myndbönd á Youtube undir nafninu „Studio Secrets", hjá Lancôme er það „make-up-bloggið" og „coaching" hjá Gemey-Maybelline. Ráðgjöfin er eins mismunandi og framleiðendurnir eru margir. Til dæmis er hægt að læra að nota farða í hæfilegu magni til þess að viðkomandi líkist ekki trúði eða klessumálverki, hvernig á að bæta við augabrúnir með farða, hvaða litir hæfa augnalokum eða að velja rétta varalitinn og áfram mætti telja. Einhver myndi kannski telja þetta hinn mesta óþarfa en fegurð og snyrting er eitt allra vinsælasta áhugamál kvenna á Netinu þó spyrja megi hvort það komi einfaldlega til af því sem er í boði á Netinu en það er nú önnur saga.

En ástæðan fyrir þessari þróun er ekki aðeins óstjórnleg löngun framleiðandanna til að veita viðskiptavinum sínum meiri þjónustu. Enn mikilvægara er líklega að hjálpa þeim að nota framleiðsluna með réttum hætti og þannig tryggja að viðkomandi versli meira. Og hvað er betra til þess en að fullkomna notkunina með réttum leiðbeiningum. Líklega er samkeppnin í snyrtivöruiðnaðinum ein sú harðasta og miskunnarlausasta sem hægt er að finna í verslun og viðskiptum. Í skjóli þess að kenna neytandanum er í raun verið að koma honum rækilega á bragðið og gera hann „háðan" þjónustunni sem í boði er.

Með iPhone, Blackberry og Smartphones, svo eitthvað sé nefnt af nýjustu tækni, er svo meira að segja hægt að fá, hvar og hvenær sem er, snyrtikennslu á farsímann sinn, leiðbeiningar um megrunarkúra eða jafnvel andlitslyftingu!

Snyrtivörurisinn Lancôme virðist þó vera einna lengst kominn í þróun þessarar nýju sölu- og markaðsaðferðar því eftir að hafa gert tilraun með „Lancôme make-up", sem er sérstaklega gert fyrir iPhone og gerir notendum kleift að prófa vörurnar, kemur fljótlega á markað þjónusta sem býður áhugasömum að kaupa áskrift, senda með símanum mynd af sér sem tölvukerfi greinir og mælir svo með réttu vörunum fyrir hár og húð til að ná sem bestum árangri. Bandarísk hugmynd sem kemur fljótlega á markað hér í Frakklandi.

*bergb75@free.fr*

# Ný tískugátt á EBay

**Nýjustu tískustrauma og stefnur er nú að finna á eBay.**

Netverslunin eBay opnaði sérstaka tískugátt á mánudag og hefur fengið til liðs við sig smásala og vörumerkjaframleiðendur um borð við French Connection til að selja tískufatnað, skó og fylgihluti á slóðinni fashion.ebay.com. Þar verður einnig að finna merkjavörumarkaði (Outlet) af ýmsu tagi og reið Lord & Taylor fyrst á vaðið.

Markmiðið með nýju gáttinni er að bjóða upp á nokkrar nýstárlegar söluleiðir á einum stað. Lögð hefur verið áhersla á að gera gáttina eins notendavæna og kostur er og er tekið mið af kaupvenjum og óskum viðskiptavina eBay. Á síðunni verður að finna nýjustu tískustrauma og stefnur, tískuráð frá atvinnustílistum og margt fleira auk þess sem lagt verður upp með stórar myndir enda eru þær oftast forsenda þess að fólk ákveður að festa kaup á vörum á eBay.

*- ve*



Á síðunni verður meðal annars að finna nýjasta nýtt frá French Connection.



Matthew Modine mætti með hjól í annarri og flösku í hinni.

Kyle MacLachlan tók sig vel út í pilsi.

Mike Meyers hefur áður leikið Skota í myndum sínum um Austin Powers.

Einnig voru nokkrar „alvöru" fyrirsætur á staðnum.

Fyrirsætan Marcus Schenkenberg var í fremur óhefðbundnu skotapilsi.

# Frægir í fögrum pilsum

**Dressed to Kilt er heiti árlegrar tískusýningar. Henni er ætlað að hefja skoska menningu til vegs og virðingar og var á dögunum haldin í sjöunda sinn í New York. Tískusýningin er haldin í góðgerðaskyni, í þetta sinn til styrktar særðum hermönnum. Nokkrar frægar stjörnur gengu eftir tískupöllunum í litríkum skotapilsum og kynnir var enginn annar en Sean Connery.**





**20% afsláttur á efnum í verslun Vogue á meðan á námskeiðinu stendur**

Langar þig að skapa þér þinn persónulega stíl?

Fjögra vikna saumanámskeið hjá Vogue Mörkinni 4 hefst mánudaginn 26. apríl. Kennt er frá kl 19:00-22:00

Námskeið sem henta bæði byrjendum og þeim sem eru lengra komnir. Verð: 16.000 kr

Vogue

**Fleiri upplýsingar er að finna á : www.vogue.is eða í síma: 533 3500**

SPENNANDI



VOR 2010

MC PLANET

opið

mán.fim 12-18, fös. 12-16, lau. lokað

Eikjuvogur 29, 104 Rvk.

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki

# ALLT SEM ÞIG VANTAR

**Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is**

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
**smaar@frettabladid.is / visir.is**

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

---

**bilfang.is**
**S. 567 2000**

Skráðu þinn bíl núna með mynd á bilfang.is ef það gerist þá gerist það hjá okkur!

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**www.bilfang.is**

**NETBÍLAR**
**www.netbilar.is**

Verð frá 19.900 til aðeins 99.900 sama hvað bíllinn kostar !
Vissir þú að söluþ hjá Netbílar.is eru oft 25% til 70% ódýrari en hjá almennum bílasölum með 3.9 % þóknun ? Þú getur sparað frá 15 þúsundum uppí 200 þúsund á einum bíl. Yfir 800.000.- Heimsóknir á vefsíðu skráðu bílinn þar sem hann sést.
NETBILAR.IS BJÓÐA BETUR
HLÍÐASMÁRA 2 • S: 588 5300

**Netbílar.is**
**Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur**
**Sími: 588 5300**
**http://www.netbilar.is**

---

**BÍLALIND.IS**
S. 580-8900



VW POLO BASICLINE. 05/2005, ekinn 111 þ.km, beinskiptur. Verð 980.000. #281091 Bíllinn er á staðnum og gæti orðið þinn!



MMC LANCER COMFORT. 06/2004, ekinn 134 þ.km, Sjálfskiptur. Verð 1.250.000, tilboðsverð aðeins 950.000. #290015 - Bíllinn er á staðnum og gæti orðið þinn!



VW PASSAT COMFORT LINE/SKUTBÍLL. Árgerð 2002, ekinn 127 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 1.390.000. Rnr.300403

**Bílalind**
**Funahöfði 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 5808900**
**Hlökkum til að sjá þig :)**
**www.bilalind.is**

---

**Breiðan ehf**
**821-6292**



Toyota Hiace diesel árgerð 2003, 4x4, 9 manna, ekinn aðeins 30 þús.km., einn eigandi, sk.'11, verð kr. 2.490.000,- 821-6292.



Ford Econline 350 árgerð 2002, diesel 7,3 , 4x4, extra langur, háþekja, ekinn 220 þús., sk.'11, verð tilboð, 821-6292.



Ford Econline árgerð 1994, 15 manna, 5 dyra, bensín, sjálfskiptur, ekinn 273 þús. km., sk.'11, verð kr. 790.000,- 821-6292.

**Breiðan ehf**
**Sími: 821 6292**

---

**100 bílar.is**
bílasala



Dodge Ram Laramie Hemi, árg.11/2007, ek. 18þús.km, 350 hö, bensín, einn með öllu, sumardekk & 35" vetrardekk, Fluttur inn nýr! , Ásett verð 4490þús.kr, bíllinn er á staðnum

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

**Bílar til sölu**



Suzuki Grand Vitara 4x4 árg. 2007 ekinn 67þús. Sjálfskiptur. ATH skipti á ódýrari. Verð 2.780 S: 898 2811.

---



Audi A4 Turbo 2006, sjálfsk., leður, xenon, bluetooth, rafmagn í öllu, loftkæling, 17" álfelgur, ek 50 þús., glæsilegt eintak. Skuldlaus. Til sýnis hjá Heklu Notuðum bílum Kletthálsi. Upplýs 825 2424



**Range Rover VOUGE**
**Tilboð 2.790þús**
Range Rover VOUGE ,03 Selst ódýrt 2790 Flott eintak Ekinn 132 þús Topplúga Leður camel litur Gps, CD, 6 diska Magasín dráttarbeisli Hlaðinn bíll Stærri felgur nýskoðaður án ath skoða skipti á ódýari s. 895 8898.



Vw caddy 105 hö disel sjálfskiptur 1900 turbo ekinn aðeins 33 þús km einn eigandi listaverð 2290 Tilboð 1890 með vask bilinn er á bláum númerum 770 6400.

---



Toyota hiace 2.5 diesel 8.2006 sjálfskiptur langur ekinn 68 þús km 3 manna fallegur bíll einn eigandi ny skoðaður verð 2290 tilboð 1990 þús. með vask er á bláum númerum 770 6400.



Toyota hiace 2.5 diesel 12.2005 3 manna 5 gíra stuttur verð 1770 þús með vask er á rauðum númerum 770 6400.



M.benz sprinter 313 langur diesel á einföldu að aftan 8.2005 ekinn aðeins 43 þús km verð 3690 þús tilboð 2690 þús. með vask 770 6400.

VW Passat TDi, dökkgrár, skr. 11/2006, ek. 51þkm, frábær bíll sem eyðir engu. Uppl. í síma 896 0609.

---

**Bílar til sölu**

# LITLA *bílasalan*
**www.litla.is 587 7777**

**567 2277 NÝJA WWW.NYJA.IS**
# BÍLAHÖLLIN
**BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK**



Toyota Land Cruiser 200 Vx bensin 12/2007, ssk, ek 37 þkm, leður, toppl, dvd, bakkmyndavél, kælibox og fl, verð 12.690 þús.



Range Rover Supercharged 4/2007, ek 33þkm, verð 11,900 þús. einn með öllu.



M.BENZ ML 350 4MATIC NEW. Árgerð 2008, ekinn 14 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 9.950.000. nýr frá öskju



BMW X5 3.0I 3,0I. Árgerð 2005, ekinn 63 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 5.290.000.



Chevrolet Suburban Lt 7manna 2/2008, ek 40 þkm, einn með öllu verð 8690 þús.



M.Benz B 200 Disel 10/2007, ssk, ek 28 þkm, verð 3690 þús.



Landrover Discovery 3 V8 6/2006, ssk, ek 50 þkm, leður, topplúga, verð 5950 þús, mögul á 90% láni



LAND ROVER RANGE ROVER SPORT SE. Árgerð 2006, ekinn 72 þ.km, DÍSEL, Sjálfskiptur. Verð 6.950.000.



M.BENZ C 200 K AVANTGARDE. Árgerð 2008, ekinn 29 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 6.950.000.



AUDI TT QUATTRO. Árgerð 2004, ekinn 28 þ.km, BENSÍN, 6 gírar. Verð 2.990.000.



Vw Golf Gti Edition 30 11/2007, ssk, ek 47 þkm, verð 3690 þús. mögul á 90% láni



Bmw 325 i Coupe 4/2007, 6 gíra, ek 42þkm, einn með öllu, verð 4990 þús, mögul á yfirtöku á láni.



Ford Edge Ltd 3/2008, ek 51 þkm, leður og fl, verð 4950 þús.



VOLVO XC70 3,2. Árgerð 2007, ekinn 17 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 6.900.000.



SKODA OCTAVIA AMBIENTE COMBI. Árgerð 2007, ekinn 76 þ.km, DÍSEL, Sjálfskiptur. Verð 2.690.000.



POLARIS SPORTSMAN 6X6. Árgerð 2004, ekinn 0 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 1.190.000. gullmoli

**Opið mán–föst. 10–18 og laugard. frá 11–16**

**litla.is Gott úrval af bílum á staðnum! nyja.is**

# heilsa

FIMMTUDAGUR 8. APRÍL 2010

## Óhefðbundnar lækningar vinsælar

**Sífellt fleiri Íslendingar leita sér þjónustu utan heilbrigðiskerfisins.** SÍÐA 2



## Hentar mörgum afar vel

**Fimleikaþrek er nýstárleg heilsurækt.** SÍÐA 6






MYND/GÍSLI KRISTINSSON





Ný tækni . Betra verð . Fagleg þjónusta

SURROUND SOUND by ReSound

Nýju ReSound heyrnartækin endurvekja tilfinningu fyrir hljóðum sem berast úr hvaða átt sem er á svipaðan hátt og þegar skipt er úr einföldum steríótækjum með tveimur hátölurum í kringóma (surround) heimabíó með hátalara til allra átta.

ReSound heyrnartækin setja mann í miðpunkt hljóðheimsins sem maður hrærist í. Þegar maður getur fylgst betur með hljóðum sem berast úr öllum áttum nýtur maður góðs hljóms mun betur. Auðveldara er að átta sig á hvaðan hljóðið berst og maður getur notið þess að tala við fólk þó hávaði sé í umhverfinu.



dot by ReSound

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA
Hlíðasmári 11, 201 Kópavogur -www.heyrn.is

Frí ráðgjöf í mars og apríl
Tímapantanir
534 9600

ReSound
rediscover hearing

# Ekki stungið hérlendis



Eitur í býflugnastungu er sums staðar talið geta læknað liðagigt og vöðvasjúkdóma.

Fréttir af býflugnastungum sem notaðar eru í lækningaskyni hafa öðru hverju borist utan úr heimi og má nefna að í Kína hafa læknastofur boðið upp á býflugnastungur við sjúkdómum, svo sem liðagigt og vöðvabólgu og er það þá eitrið í stungunni sem á að hafa læknandi áhrif.

Hérlendis eru nokkrir býflugnabændur starfandi en þeir hafa ekki útvegað flugur til stungna, þótt að vísu hafi fyrirspurn borist býflugnabóndanum Bjarna Áskelssyni, erlendis frá, um að fá flugur hjá honum en hún gekk ekki eftir. Að sögn Bjarna er býflugnarækt hérlendis iðja fárra manna og fyrirspurnir um stungur eða flugur til stungna hafa ekki borist frá Íslendingum. *-jma*

● **JAFNVÆGI** Hvorki vítamín né steinefni nýtast hvort án annars. Við þörfnumst steinefna til að vítamínin nýtist og jafnvægis til þess að steinefnin verði sem áhrifamest. Of stórir skammtar af einhverju efni geta valdið vöntun á öðru. Of mikið D-vítamín getur til dæmis valdið of miklu kalkmagni og of mikið C-vítamín getur kostað B12. Eitt enn: Ef grænmeti er soðið skal haft í huga að stysti suðutíminn og minnsta vatnsmagnið eyðileggur minnst af næringarefnunum.

*Heimild: Bætiefnabiblían*









# Ólík kerfi vinni saman

**Sókn í óhefðbundna heilbrigðisþjónustu á Íslandi er umtalsverð og fer vaxandi.**



Rúnar segir fólk sem á við þrálát heilsufarsvandamál að stríða, konur og tekjuháa einstaklinga á meðal þeirra sem leita til óhefðbundinna meðferðaraðila. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Notkun óhefðbundinnar heilbrigðisþjónustu á Íslandi jókst um sex prósent frá árinu 1998 til 2006, að því er kemur fram í niðurstöðum landskönnunarinnar Heilbrigði og aðstæður Íslendinga I sem var gerð haustið 2006 og greint er frá í nýjasta tölublaði Læknablaðsins. Alls höfðu 32 prósent svarenda á aldrinum 18-75 ára nýtt sér þjónustu óhefðbundinna meðferðaraðila síðastliðna tólf mánuði þegar könnunin var gerð og segir Rúnar Vilhjálmsson, prófessor í félagsfræði, sem vann að rannsókninni ásamt þeim Þóru Jennýju Gunnarsdóttur, lektor í hjúkrunarfræði, og Björgu Helgadóttur félagsfræðingi, ljóst að sókn í þjónustu óhefðbundinna aðila sé umtalsverð og aukist jafnt og þétt.

„Niðurstöðurnar benda til þess að ákveðnir hópar séu líklegri til að leita til svæðanuddara, grasalækna, nálastungusérfræðinga og annarra óhefðbundinna aðila en aðrir og þá sérstaklega fólk sem hefur átt við þrálát heilsufarsvandamál að stríða. Þá virðast konur og tekjuhærra fólk nota þjónustuna í meira mæli. Tekjuþátturinn skýrist að einhverju leyti af því að sjúklingar greiða meðferðirnar að fullu úr eigin vasa og eiga ekki kost á þátttöku sjúkatrygginga. Í ljósi kreppunnar er því nauðsynlegt að endurtaka rannsóknina innan skamms til að kanna hvort hún hafi einhverju breytt,“ útskýrir Rúnar. Hann segir ljóst að ákveðinn hópur fólks telji sig ekki fá fullnægjandi þjónustu innan almenna heilbrigðiskerfisins og noti óhefðbundna þjónustu sem viðbót. „Fólk sem sækir í óhefðbundna þjónustu er annaðhvort neikvætt út í almenna heilbrigðiskerfið og sniðgengur það alveg eða jákvætt en finnst það einblína um of á afmarkaða þætti, á meðan óhefðbundnar meðferðir byggja gjarnan á heildrænni sýn á einstaklinginn. Fyrri hópurinn er mun fámennari og notast flestir við óhefðbundna þjónustu samhliða þeirri hefðbundnu.“

Rúnar segir erlendar rannsóknir benda til þess að heilbrigðisstarfsmenn viti í minnihluta tilfella um notkun sjúklinga á óhefðbundinni þjónustu. „Þetta virðast vera tvö kerfi sem vinna lítið saman. Það getur komið sér illa enda er stundum um að ræða skaðlegt samspil á milli óhefðbundinna meðala og lyfja.“ Rúnar segir afstöðu heilbrigðisstétta til óhefðbundinna meðferða misjafna og virðast sjúklingar óttast viðbrögð beri þeir aðrar tilraunir sínar á borð. „Það er sáralítið fjallað um óhefðbundnar aðferðir í menntun heilbrigðisstarfsfólks og skortir mikið á að það sé þjálfað til að ráðleggja fólki í þeim efnum. Eins er því ekki kennt að spyrja um þessi mál og því koma þau yfirleitt ekki upp á yfirborðið.“

Rúnar segir heilbrigðisstéttir þó ekki geta mælt með meðferðum nema gagnsemi þeirra hafi verið studd með rannsóknum en óhefðbundnar meðferðir hafa einmitt verið dregnar í efa sökum þess að þær hafa ekki verið rannsakaðar í jafn miklum mæli og hefðbundnar. „Þetta hefur þó verið að breytast og nú eru að koma fram á sjónarsviðið ýmsar rannsóknir sem styðja notkun óhefðbundinna aðferða í meðferð við hinum ýmsu sjúkdómum og kvillum.“ Rúnar segir ekki um það að ræða að heilbrigðisstarfsmenn fari almennt að bjóða upp á óhefðbundnar meðferðir. Hins vegar er mikilvægt að það geti ráðlagt fólki um hvort þær geti gagnast eða ekki. *-ve*

# Hollusta í Landakotsskóla

„Með þessari tilraun viljum við stuðla að bættri heilsu barna og snúa við þeirri þróun sem hefur átt sér stað í íslenskum skólamötuneytum síðustu ár,“ segir Unnur Guðrún Pálsdóttir, betur þekkt sem Lukka, hjá fyrirtækinu Happi sem mun annast matseld í Landakotsskóla næstu tvo mánuði.

„Landakotsskóli leitaði til okkar í von um að geta boðið nemendum sínum upp á hollari og betri mat en almennt tíðkast í íslenskum grunnskólum, þar sem unnin matvara og önnur óhollusta er því miður alltof algeng,“ segir Lukka,





Hollur matur verður í hávegum hafður í Landakotsskóla á næstunni. MYND/HAPP

sem telur að margir skólar vilja feta inn á sömu braut og Landakotsskóli en kostnaðurinn standi þar helst í veginum. „Áskorunin felst í því að halda honum niðri og svo auðvitað að útbúa hollan mat sem börnunum þykir ekki síður góður en pitsur, pylsur og þess háttar.“

Lukka telur að fæðan muni ekki einungis hafa jákvæð áhrif á heilsu barnanna heldur hegðun þeirra að auki. „Sýnt hefur verið fram á tengsl milli mataræðis og hegðunar og við teljum að holli maturinn okkar geti dregið úr ýmsum hegðunarvandamálum.“

Lukka bætir við að ef vel takist til muni Happ hefja framleiðslu á hollustufæði sérsniðnu að þörfum barna. „Við myndum þá búa til mat í anda barnaboxa sem skyndibitastaðir hafa framleitt en skipta óhollustunni út fyrir alls kyns ljúffengt hollustufæði.“ *-rve*

# Mikið mál?



## Minna mál með SagaPro

Tíð næturþvaglát eru heilmikið mál fyrir marga karlmenn. **SagaPro** er náttúruvara úr íslenskri ætihvönn ætluð þeim sem eiga við þetta vandamál að etja. Með **SagaPro** fækkar næturferðum á salernið og þar með færðu betri hvíld.

**SagaPro** fæst í heilsuvöruverslunum, apótekum, stórmörkuðum og Fríhöfninni.




Náttúruvörur úr íslenskri ætihvönn

SAGAMEDICA

www.sagamedica.is

# Breyta skólabragnum

„Ef nemendum líður vel, andlega og líkamlega, þá leiðir það til betri námsárangurs,“ fullyrðir Sveinbjörn Kristjánsson, verkefnisstjóri fræðslumála hjá Lýðheilsustöð. Tilefni ummælanna er þing um heilsueflandi skóla sem Lýðheilsustöð heldur á morgun í Borgartúni 6, í samvinnu við menntamálaráðuneytið.

Sveinbjörn segir skólasamfélagið allt þurfa að vera með heilsugleraugun uppi, kennara, nemendur, foreldra og jafnvel allt nærsamfélagið. „Umhverfið hefur svo mikið að segja því réttar aðstæður eru mikilvægari en nokkur fræðsla,“ segir hann. „Til dæmis er mikilvægt að fólki sé gert auðvelt að hreyfa sig og innbyrða holla fæðu.“

Hugmyndafræðin bak við heilsueflandi skóla er byggð á nokkrum lykilþáttum. Þeirra á meðal er samheldni og lýðræði. Á þinginu á morgun mun Sveinbjörn lýsa þeim nánar og líka samstarfi Lýðheilsustöðvar við grunnskólann á Egilsstöðum sem hefur verið tilraunaskóli í heilsueflingu í tvö ár. „Þetta er langhlaup því við erum í raun að breyta skólabragnum,“ segir hann og mælir með því að hafa nemendur með í ráðum við að móta stefnuna. „Á Egilsstöðum eru nemendur með í að fara yfir matseðlana,“ tekur hann sem dæmi.

Þegar heilsuefling hefst í skóla er byrjað á að meta ástandið þar eins og það er, að sögn Sveinbjörns. Hvernig er hvatt til hreyfingar, hvað er gert í næringarmálum, eineltismálum og geðrækt. Allt skal skrá og síðan finna leiðir til úrbóta ef þörf er. Þar er nemendalýðræði og samstarf sem er nauðsynlegt til að árangri sé náð.

Mörg áhugaverð erindi eru á þinginu á morgun. Eitt þeirra flytur Svandís Ingimundardóttir, skólamálafulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem fer yfir áherslur á heilsueflingu í sameiginlegri framtíðarsýn fyrir grunnskólastarf til 2020. Þingið er þátttakendum að kostnaðarlausu og boðið er upp á léttar veitingar í kaffi- og hádegishléum. *- gun*



„Réttar aðstæður eru mikilvægari en nokkur fræðsla,“ segir Sveinbjörn um heilsueflingu í skóla. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


## Hvað á ég að gefa barninu mínu að borða?



**Fimmtudaginn 15. apríl kl. 20.00–22.00 hjá Maður lifandi Borgartúni 24.**

**Síðasta skiptið fyrir sumarið**

Námskeið um hvernig á að útbúa einfaldan en næringarríkan mat fyrir börn frá 6 mánaða aldri. Farið verður yfir hvaða fæðutegundum er gott að byrja á og hvenær.

**Leiðbeinandi:**

- Ebba Guðný Guðmundsdóttir
- Verð: 3.500 kr.
- Upplýsingar og skráning í síma 694-6386 og á netfanginu ebbagudny@internet.is

*Lifandi – Nærandi – Gefandi*

maður lifandi

Borgartún 24 – Hæðarsmára 6 – Hafnarborg s. 58 58 700 www.madurlifandi.is



Leifur segir að Íslandi séu kjöraðstæður til brimbrettaiðkunar, sem erlendir ferðamenn hafi nýtt sér um árabil. MYND/SURF.IS

# Paradís brimbrettakappa

**Menn tengja brimbrettaiðkun kannski ekki í fljótu bragði við Ísland. Þeim fer hins vegar fjölgandi sem stunda þessa íþrótt hérlendis.**

„Upphaflega var þetta tilraunaverkefni til að kanna viðtökurnar og þegar þær fóru svo fram úr öllum væntingum ákváðum við að fara út í þetta af fullum krafti,“ segir Leifur Dan Leifsson, eigandi fyrirtækisins Surf.is sem stendur fyrir brimbrettakennslu á Íslandi.

Fyrirtækið var stofnað fyrir ári og er það fyrsta sem bauð upp á þessa þjónustu hérlendis. Leifur segist enda skilja það þar sem brimbrettaiðkun sé sjálfsagt ekki það fyrsta sem menn tengi við ískaldan sjóinn í kringum strendur Íslands. Staðreyndin sé hins vegar sú að íþróttin hafi verið stunduð á landinu um árabil, meðal annars af erlendum ferðalöngum sem heimsæki landið gagngert í þeim tilgangi að svala þessari þörf.

„Útlendingar hafa vanið komur sínar hingað í 20 ár þótt þeir séu ekki margir. Fólki finnst magnað að geta iðkað þessa íþrótt svona norðarlega umkringt fjölbreyttu dýralífi og fallegri náttúru, svörtum fjörum og tignarlegum jöklum sem eiga sér kannski hvergi annars staðar hliðstæðu í heiminum,“ segir Leifur og bætir við að auk þess séu á Íslandi kjöraðstæður til brimbrettaiðkunar, þar á meðal í Þorlákshöfn og við Sandvík þar sem Surf.is hefur haldið brimbrettanámskeið.


Leifur hjá Surf.is stendur fyrir brimbrettanámskeiðum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Öldurnar eru eins og þær gerast bestar, að minnsta kosti við viss skilyrði. Þótt sjórinn sé kaldur kemur það ekki að sök sé hlýr fatnaður hafður við hönd og hægt að stunda sportið allt árið um kring.“

Leifur segir Íslendinga hafa á heildina litið verið nokkuð seina að átta sig á þessum gersemum. Svo virðist þó sem vakning sé nú að verða meðal landsmanna. „Við merkjum það af aukinni ásókn í námskeiðin hjá okkur sem farið var að halda fyrir ári en þar er þátttakendum kennd undirstöðuatriðin í brimbrettaiðkun, svo menn séu færir í flestan sjó.“ Hann bætir við að fyrirtækinu berist í auknum mæli fyrirspurnir frá erlendum brimbrettaiðkendum síðan það markaðssetti sig ytra og á því von á að þeim fjölgi hér á næstunni. *- rve*

# Allar stelpur velkomnar

„Ég held að það sé starfandi útibú frá FC Tinnu á Bahamaeyjum, en að öðru leyti veit ég ekki til þess að margar stelpur hittist og leiki knattspyrnu sér til ánægju og yndisauka. Margar þeirra virðast halda að stelpur geti ekki spilað fótbolta, en það er alrangt,“ segir Hafdís Eyjólfsdóttir, meðlimur í knattspyrnufélaginu FC Tinnu. Liðið samanstendur af yfir fimmtíu konum sem hittast vikulega á sparkvellinum við Austurbæjarskóla og iðka íþróttina fallegu.

Fyrstu meðlimir félagsins, sem stofnað var í ágúst á síðasta ári, voru stofnandinn Tinna Ásgeirsdóttir, vinkonur hennar og gamlar bekkjarsystur. Ört hefur þó fjölgað í hópnum og hann orðið blandaðri, að sögn Hafdísar. „Allar stelpur eru hjartanlega velkomnar og hæfni er ekki skilyrði. Best er að slá okkur upp á Facebook og skrá sig þar til að fá boð um æfingar, tímasetningar og slíkt. Upphaflega ætluðum við að keppa í utandeildinni í sumar, en ég sé ekki hvers vegna takmarkið ætti ekki að vera enn hærra, til dæmis Úrvalsdeildin,“ segir hún og hlær.

Meiðsli ýmiss konar eru óhjákvæmilegur hluti


Hafdís segir hæfni ekki skilyrði í FC Tinnu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

knattspyrnuheimsins og hefur Hafdís ekki farið varhluta af því. „Ég steig vitlaust í löppina og átti við erfið lærmeiðsli að stríða í nokkra mánuði. Verra var að atvikið átti sér stað á leiðinni frá bílastæðinu að vellinum,“ segir Hafdís og skellir upp úr. *- kg*



Martina Navratilova lét hjá líða í fjögur ár að mæta í reglulega brjóstaskoðun.

## Navratilova með krabbamein

Tennisstjarnan Martina Navratilova hefur tilkynnt að hún hafi greinst með brjóstakrabba. Í viðtali við bandaríska tímaritið People segist hún hafa grátið eftir að hún fékk slæmu fréttirnar.

„Ég hef alltaf haft svo góða stjórn á lífi mínu og líkama, en svo gerist þetta og er nú algjörlega úr mínum höndum.“

Á fræknum tennisferli sínum hefur Martina unnið átján stórmót í einliðaleik, þar af níu á Wimbledon. Hún er nú 53 ára og segist heppin að æxlið hafi fundist á snemmstigum í reglulegri brjóstaskoðun, því sjálf hafi hún trassað slíka skoðun í fjögur ár.

„Ég var kærulaus, og þótt ég sé í toppformi og ástundi heilbrigðan lífsstíl hefur þetta samt gerst. Hefði ég látið brjóstaskoðun hjá líða í eitt ár til viðbótar stæði ég frammi fyrir miklum vanda.“

Martina spilar enn tennis og keppir í íþróttinni. Hún lék síðast á Wimbledon í júlí 2006. *-þlg*



Hreyfing er alltaf mikilvæg, en enn þá mikilvægari fyrir þá sem eiga á hættu að glíma við offitu.

## Klukkutíma hreyfing á dag

Rannsóknir benda til þess að offita sé að hluta til bundin erfðum og eiga nokkur gen þar hlut að máli.

Vísindamenn við Karólínska-sjúkrahúsið í Svíþjóð segja að foreldrar, sem hafa strítt við offitu, eigi að hvetja börn sín og unglinga til að hreyfa sig rösklega í að minnsta kosti klukkutíma á dag.

Rannsókn sem vísindamenn sjúkrahússins gerðu nýverið og tók til barna og unglinga víða um heim sem eru líklegri til að fitna vegna erfða, benti til að dagleg hreyfing eins og hlaup, hjólreiðar eða annað sem tekur virkilega á, gæti gert gæfumuninn fyrir þennan hóp. *-jma*

# Bráðamóttöku lokað og hjartamiðstöð opnuð

Bráðamóttöku á 10D á Landspítala Hringbraut var lokað í morgun. Sameinuð bráðamóttaka á G2 var opnuð um leið.

Ný hjartamiðstöð verður síðan opnuð á Landspítala Hringbraut klukkan 8 þriðjudaginn 13. apríl. Hún mun sinna bráðaþjónustu, dagdeildar- og göngudeildarþjónustu við hjartasjúklinga. Á hjartamiðstöðinni verður tekið á móti öllum ef grunur er um bráð hjartavandamál. Til þeirra teljast meðal annars brjóstverkir, mæði af líklegum hjartatoga, hjartsláttartruflanir, yfirlið af líklegum hjartatoga og hjartastopp. Hjartamiðstöð verður opin allan sólarhringinn frá klukkan 8 á mánudagsmorgni til klukkan 20 á föstudagskvöldi. *-sg*



Ný hjartamiðstöð verður opnuð á Landspítala við Hringbraut næstkomandi þriðjudag.


# NUTRILENK
NÁTTÚRLEGT BYGGINGAREFNI FYRIR BRJÓSKVEFINN






**Nýtt og endurbætt NutriLenk**
Búið er að bæta út í formúluna D-, C vítamíni, kalki og mangan til þess að styrkja beinin og vefi líkamans.

# Gat illla hreyft hægri höndina

**Sigríður Friðþjófsdóttir, sem unnið hefur við hárgreiðslu síðastliðin 50 árin, hefur kynnst álaginu sem fylgir starfsgreininni m.a. í fótleggjum og axlarliðum.**

„Ég hef verið nokkuð slæm í hnjánum síðastliðin ár, en einnig hefur hægri öxlin verið að fara með mig og var það orðið þannig að ég gat ekki lyft hendinni hærra en í axlarhæð og fylgdi þessu mikill sársauki

Ég hætti að vinna fyrir tæpum tveimur árum og ákvað því að byrja að stunda líkamsrækt sem ég hef stundað samviskusamlega, en hægri öxlin skánaði lítið. Í ágúst 2009 ákvað ég að prófa NutriLenk töflurnar, þar sem ég hef heyrt marga hrósa því.

**Fann fljótlega mikinn mun**

Innan tveggja vikna var ég farin að finna mikinn mun, en höndin fór að virka mun betur og nokkrum vikum síðar var ég farin að geta lyft hendinni upp yfir höfuðið. Ég bý á þriðju hæð, en þar sem að hnén voru orðin illa farin var ég hætt að geta gengið upp stigana og tók því lyftuna. Eftir að ég fór að taka inn NutriLenk finn ég ekki lengur fyrir í hnjánum og geng sársaukalaust upp í íbúðina mína

**Ótrúlegt en satt**

Skemmtilegt er að segja frá því að fyrir síðustu jól hreingerði ég eldhússkápana og það með hægri hendinni, sem ég var hreinlega búin að telja af, ef svo má segja. NutriLenk er meiriháttar efni sem ég hvet allt fólk sem þjáist af sliti í liðum til að prófa. Ég þarf svo sannarlega ekki að sjá eftir því“ segir Sigríður kát í bragði.

**NutriLenk er fáanlegt í flestum apótekum, heilsubúðum, Fræinu Fjarðarkaupum, stærri Hagkaupsverslunum, Þín verslun Seljabraut og Vöruvali Vestmanneyjum**

## Hvað getur NutriLenk gert fyrir þig?

Með árunum rýrnar brjóskvefurinn sem veldur því að liðirnir slitna. Þetta er náttúrulegt ferli. Mjög margir finna fyrir miklum óþægindum þegar beinin byrja að núast saman, sérstaklega í stóru liðamótum eins og í mjöðmum, hryggjar-og hnjáliðum. Þess vegna er allt tilvinnandi að styrkja liðbrjóskið á náttúrulegan hátt.



Heilbrigður liður — Liður með slitnum brjóskvef

**Náttúrulegt byggingarefni fyrir liðbrjóskið og beinin**

NutriLenk inniheldur náttúrulegt byggingarefni fyrir brjóskvefinn og er mjög góður valkostur fyrir þá sem þjást af minnkuðu liðbrjóski. Unnið úr sérvöldum fiskibeinum úr hafinu sem hefur sýnt fram á að vera fyrsta flokks byggingarefni til að styðja við brjóskvefinn og viðhalda honum.

**Vara ársins!**

NutriLenk hefur hjálpað fjölmörgu fólki. NutriLenk var valið heilsuvara ársins 2004 í Noregi. NutriLenk er 100% náttúruleg vara sem er mjög gagnleg þeim sem þjást af brjóskvefsrýrnun. Prófið sjálf-upplifðu breytinguna!



NÁTTÚRULEGT FYRIR LIÐINA



Arndís Thorarensen er nýr framkvæmdastjóri Manns lifandi, þar sem dýrindis krásir fyrir alla fjölskylduna eru á nýjum matseðli hússins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Sófaklessa með hraunbita

**Maður lifandi stendur nú fyrir miklum breytingum á matseðli sem einkum lofar fjölskyldufólki ljúfum matarstundum.**

„Ég var svona dæmigerð sófaklessa með hraunbitakassann í fanginu," segir Arndís Thorarensen, nýr framkvæmdastjóri Manns lifandi, sem sogaðist inn í heim heilsunnar eftir að hafa staðið upp úr sófanum til að sinna betur eigin heilsu.

áður Rauðagerði 8, Reykjavík.

| | |
|---|---|
| **Stefán Hjaltested** | **Anna R. Möller** |
| **Sigríður Hjaltested** | **Elmar Geirsson** |
| **Grétar Mar Hjaltested** | **Sigrún Gróa Kærnested** |
| **Margrét H. Hjaltested** | **Halldór Ó. Sigurðsson** |
| **Lárus Hjaltested** | **Dóra Björk Scott** |
| **Davíð Hjaltested** | **Sigrún Ingvarsdóttir** |
| **barnabörn og barnabarnabörn.** | |



*Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma, systir og mágkona,*

## Mona Hallsson,

Steen Billesgade 22, Aalborg,

lést á heimili sínu aðfaranótt mánudagsins 29. mars. Jarðsungið verður frá Vor Frelser kirke í Aalborg í dag, fimmtudaginn 8. apríl, og hefst athöfnin kl. 12.00.

| | |
|---|---|
| **Peter Arndt Pedersen** | **Mona Borksted Nielsen** |
| **Ellen Borksted Arndt** | |
| **Bjarni Hallsson** | **Gitte Kragh Hallsson** |
| **Hallur Karl Hallsson** | **Christine Berry Hallsson** |
| **og fjölskyldur.** | |

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar sendist á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000**.




512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



# Kvistir kynlegir

**BAKÞANKAR**
**Ragnheiðar Tryggvadóttur**

Kynlegir kvistir setja svip á mannlífið. Ekki væri lífið skemmtilegt ef allir fetuðu sama slóðann og enginn skæri sig úr.

**GÍSLI** heitinn á Uppsölum var kynlegur kvistur. Nú er í bígerð barnabók um hann en Ingibjörg Reynisdóttir, höfundurinn, segir persónu hans eiga erindi við yngstu kynslóðina í dag. Ég man vel eftir Gísla úr sjónvarpinu þegar Ómar Ragnarsson heimsótti hann í þætti sínum Stiklum og gerði hann landsfrægan á einni kvöldstund. Gráskeggjaður með slitinn hatt á höfði brosti hann framan í myndavélina. Vinalegur og sjálfum sér nógur.



**HEIMUR** Gísla er örugglega illskiljanlegur krökkum í dag þar sem hann notaðist ekki við nútíma þægindi. Bjó einn og borðaði kjötið af kindunum sem hann slátraði sjálfur heima. Ég skildi ekki allt sem hann sagði í þáttunum. Man þegar Ómar gaf honum sjónvarp. Það hafði hann ekki horft á en lengi vel var ekkert rafmagn á bænum. Sjálfsagt eiga börn sem alast upp við daglegan barnatíma í sjónvarpi, tölvuleiki og ferðalög erfitt með að setja sig í hans spor.

**ÉG** held að þetta geti í sjálfu sér orðið áhugaverð bók. Saga fólks sem sker sig úr og fylgir ekki straumnum á erindi við okkur öll og að koma henni á framfæri í formi barnabókar er sniðugt. Bæði börn og fullorðnir lesa barnabækur. Efnið er þó vandmeðfarið.

**EKKI** voru allir sáttir við hvernig mynd var dregin upp af Gísla í sjónvarpinu og fannst honum stillt upp eins og furðufyrirbæri fyrir „venjulega" fólkið að skoða. Eins konar náttúruundri á skjön við normið sem við hin gátum gapað yfir. „Jahérna, þetta er ótrúlegt, getur verið að hann hafi aldrei séð banana," sagði fólk og blandaði sér sódastrím með pulsunum í kvöldmat.

**ÞAÐ** verður spennandi að sjá hvernig saga einsetubóndans Gísla verður sögð í barnabók og hvaða atriði verða dregin fram. Sannleikurinn er sá að erfitt er að segja til um hvert normið er. Fullt af nútímafólki hefur til dæmis aldrei ferðast til útlanda og fullt af fólki á ekki sjónvarp. Margir eiga ekki bíl og hlusta ekki á útvarp, lesa ekki dagblöð og nota ekki internetið. Í ávaxta- og grænmetisborðum verslana finnast ávextir sem ég sjálf hef aldrei smakkað. Stutt er síðan ég smakkaði fennel í fyrsta skipti!

**SJÁLFSAGT** erum við öll kynlegir kvistir ef skyggnst væri inn í okkar daglega líf og venjur.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Madonna lætur gott af sér leiða

Poppsöngkonan Madonna heimsótti Malaví á dögunum þar sem hún lagði grunninn að stúlknaskóla sem hún hyggst fjármagna. Madonna á tvö ættleidd börn frá landinu, soninn David og dótturina Mercy.

„Þegar ég heimsótti Malaví fyrst þótti mér hræðilegt að hitta hvert barnið á fætur öðru sem hafði misst foreldra sína af völdum alnæmis. Í Malaví er um ein milljón munaðarlausra barna og framtíð landsins hvílir á herðum þeirra,“ sagði Madonna við þetta tækifæri. Í skólanum munu verða 450 stúlkur sem munu fá fyrsta flokks menntun.



**REISIR SKÓLA** Madonna reisir stúlknaskóla í Malaví. NORDICPHOTOS/GETTY


Tactical.is
Netverslun skotveiðimannsins
Vorum að opna glæsilega netverslun með vörur fyrir skotveiði og útivistarmanninn.
Mikið vöruúrval á góðu verði.
Kíkið á síðuna.
ávallt ódýrir




**FARNAR Í FRÍ** Solla og Vala taka sér frí fram á haust. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Solla og Vala í sumarfrí

**Undanfarna fimmtudaga hefur Fréttablaðið birt uppskriftir frá Sólveigu Eiríksdóttur og Valgerði Matthíasdóttur. Uppskriftirnar hafa notið mikilla vinsælda en nú eru þær komnar í sumarfrí. Þess má þó vænta að þeir stöllur birtist aftur á síðum blaðsins þegar sól tekur að lækka á lofti að nýju.**

## Varð ómótt við fréttir af trúlofun

Michael Lohan, faðir leikkonunnar Lindsay Lohan, trúlofaðist fyrir skemmstu fyrrverandi blaðamanninum Kate Major. Lohan og Major hafa þekkst í nokkur ár og segir hann að mikil og sterk vinátta sé á milli þeirra. „Hún hefur verið vinkona mín í fimm ár. Ég tel að vinátta sé mikilvægari en allt annað eigi samband að ganga upp, og ég hef aldrei upplifað jafn sterka vináttu og þá sem ég á með Kate,“ sagði Michael í viðtali við UsMagazine. Þegar blaðamaður tímaritsins spurði dóttur hans, Lindsay, álits svaraði hún einungis: „Ég æli. Ég þurfti ekki á þessum fréttum að halda. Oj.“ Leikkonan og faðir hennar hafa löngum eldað grátt silfur og hefur hún haft lítil afskipti af honum undanfarið.



**ÆLIR** Lindsay Lohan varð óglatt við fréttirnar af trúlofun föður hennar. NORDICPHOTOS/GETTY


www.sturta.is
allan sólarhringinn!
Reykjavíkurvegur 64, Hafnarfirði.
Straumurinn!!! Draumurinn!!!
Sími: 565-5566
sturta.is

GOTT VERÐ OG FRÁBÆR GREIÐSLUKJÖR
fyrir þá fjölmörgu sem þurfa að kaupa ný dekk fyrir sumarið.

VAXTALAUST Í ALLT AÐ 6 MÁNUÐI
VAXTALAUST
Gildir til 31. maí 2010
VISA & MASTERCARD

MIKIÐ ÚRVAL
GOTT VERÐ

Allar gerðir dekkja á frábærum kjörum!

Dekk undir:
- Fólksbíla
- Jeppa
- Mótorhjól
- Sendibíla
- Vörubíla
- Rútur
- Vinnuvélar
- Traktora
- Hjólhýsi
- Kerrur

o.s.frv., o.s.frv.

ÞRJÁR FULLKOMNAR ÞJÓNUSTUSTÖÐVAR
www.pitstop.is
pitstop
Rauðhellu 11, Hfj. ☎ 568 2035
Hjallahrauni 4, Hfj. ☎ 565 2121
Dugguvogi 10 ☎ 568 2020




### ! Jón Nordal í Langholtskirkju

*Haldnir verða tónleikar til heiðurs Jóni Nordal annað kvöld í Langholtskirkju. Jón hlaut heiðursverðlaun Íslensku tónlistarverðlaunanna fyrir skemmstu og mun Sinfóníuhljómsveit Íslands leika eitt af lykilverkum Jóns á tónleikunum. Miðasala fer fram á vef Sinfóníuhljómsveitarinnar.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Tónleikaferðalag á einum degi



Í tilefni útgáfu plötunnar Skúli mennski og hljómsveitin Grjót fer hljómsveitin í tónleikaferðalag um miðborg Reykjavíkur í dag. Skúli mennski mun troða upp á hinum ýmsu kaffihúsum yfir daginn, ýmist einn með gítar eða með hljómsveitinni Grjót. Tónleikahaldið hefst klukkan 07.00 um morguninn á kaffihúsinu Café Roma á Rauðarárstíg og endar klukkan 21.00 á Café Rosenberg við Klapparstíg. Einnig verða tónleikar á Tíu dropum klukkan 10.00, Kaffitári í Bankastræti klukkan 11.00, á veitingastaðnum Horninu klukkan 12.00, á kaffihúsinu Glætunni á Laugavegi klukkan 13.00, í Nýlenduvöruverslun Hemma og Valda klukkan 15.00 og á kaffihúsinu Súfistanum á Lækjargötu klukkan 17.00.

Platan hefur að geyma tíu lög eftir Skúla Þórðarson, lagatextarnir takast á við margvísleg efni líkt og drykkjuskap, fjölskyldulíf, yfirbót, ástarþrá og lífshlaup frelsarans svo fátt eitt sé nefnt. Platan var tekin upp í Tankinum í Önundarfirði í mars síðastliðnum. Hægt verður að kaupa plötuna á útgáfutónleikunum sjálfum á Café Rosenberg.

Síðast lék Skúli mennski ásamt hljómsveit á tónlistarhátíðinni Aldrei fór ég suður og hlaut þar góðar viðtökur tónleikagesta.

### > Ekki missa af …

Síðasti sýningardagur sýningarinnar Ljóslitlífun er sunnudaginn 15. apríl. Á sýningunni má sjá verk eftir ýmsa unga, íslenska listamenn sem sækja margir innblástur sinn í teiknimyndir, tölvugrafík og götulistar. Verkin einkennast að auki af mikilli litagleði.

## METSÖLULISTI EYMUNDSSON

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT

31.03.10 - 06.04.10



**1** Hafmeyjan - kilja
Camilla Läckberg



**2** Góða nótt, yndið mitt - kilja
Dorothy Koomson



**3** Nemesis - kilja
Jo Nesbø



**4** Svörtuloft - kilja
Arnaldur Indriðason



**5** Hvarfið - kilja
Johan Theorin



**6** Póstkortamorðin - kilja
Liza Marklund/J. Patterson



**7** Land draumanna - kilja
Vidar Sundstøl



**8** Hvorki meira né minna - Fanney R. Elínardóttir/María Elínardóttir



**9** Loftkastalinn sem hrundi - kilja - Stieg Larsson



**10** Stóra myndorðabókin
Ýmsir höfundar

Eymundsson.is
Eymundsson
Bóksali frá 1872

# Kemur út í Finnlandi og á Íslandi á sama tíma

**Hugleikur Dagsson sendir frá sér bókina Popular Hits í næstu viku. Í henni tekur hann fyrir vinsæl erlend dægurlög.**




**SMELLIR FRÁ HUGLEIKI** Hugleikur sendir frá sér bókina Popular Hits í næstu viku. Í bókinni myndskreytir Hugleikur vinsæl erlend dægurlög.

„Bókin er í prentun núna og planið er að hún verði komin út 16. apríl," segir skopmyndateiknarinn og bókaútgefandinn Hugleikur Dagsson.

Hugleikur sendi frá sér bókina íslensk dægurlög fyrir síðustu jól, en í henni myndskreytti hann og sneri út úr íslenskum dægurlögum. Í næstu viku kemur svo út Popular Hits þar sem erlend lög verða fyrir barðinu á skopskyni Hugleiks, sem hefur aflað honum mikilla vinsælda hér heima og erlendis. „Bókin er eins og íslensk dægurlög, nema á ensku. Það er ómögulegt að þýða íslensk dægurlög sem bara Íslendingar þekkja þannig að ég varð að gera erlend dægurlög í staðinn sem heitir þá Popular Hits," útskýrir Hugleikur."

Eins og titillinn gefur til kynna er bókinni einnig ætlað að höfða til útlendinga, sem voru skildir út undan þegar Íslensk dægurlög komu út. „Það er pælingin að selja túristum bókina og senda hana út í heim og sjá hvort einhver vilji kaupa hana," segir Hugleikur. „Reyndar, áður en ég var hálfnaður með bókina var Finnland búið að kaupa hana þannig að hún kemur út á sama tíma í Finnlandi."



**DÁÐUR Í FINNLANDI** Hugleikur er hvergi vinsælli en í Finnlandi.

Íslenskt skopskyn virðist falla vel í kramið í Finnlandi. Finnskt forlag hefur gefið út verk Hugleiks ásamt því að finnska ríkissjónvarpið var fyrsta sjónvarpsstöðin utan Íslands sem tryggði sér sýningarréttinn á Næturl-, Dag- og Fangavaktinni. Það er eins og Íslendingar höfði sérstaklega vel til drykkfelldra þunglyndissjúklinga…

„Það er rétt enda eru Íslendingar drykkfelldir þunglyndissjúklingar," segir Hugleikur. „Ég hef alltaf sagt það og alltaf fundist það. Ég er búinn að fara þangað allavega fjórum sinnum til að kynna bækurnar mínar og er hvergi jafn vinsæll. Ég held að það sé vegna þess að Finnarnir eru ofsalega svipaðir okkur. Það hefur kannski eitthvað með kuldann og myrkrið að gera."

atlifannar@frettabladid.is

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 08. apríl 2010**

### ➜ Tónleikar

**20.30** Kór Akraneskirkju heldur tónleika í Guðríðarkirkju í Grafarholti. Á efnisskránni verða lög eftir meðal annars Megas, Söru McLachlan, KK og Knut Nysted.

**21.00** Regína Ósk heldur tónleika ásamt hljómsveit í tilefni af 60 ára fæðingarafmælis Karenar Carpenter. Tónleikarnir fara fram í Salnum við Hamraborg í Kópavogi.

**21.00** Skúli mennski og hljómsveitin Grjót verða með útgáfutónleika á Café Rósenberg við Klapparstíg.

**21.00** Óskar Guðjónsson og félagar koma fram á tónleikum Jazzklúbbsins Múlans sem fara fram jazzkjallara Cafe Cultura við Hverfisgötu 18.

### ➜ Hönnun

**20.00** Hönnuðurinn og listamaðurinn Guðlaugur Valgarðsson spjallar við sýningargesti um verk sitt á sýningunni „Í barnastærðum" sem nú stendur yfir í Hafnarborg við Strandgötu í Hafnarfirði.

### ➜ Sýningar



Alice Olivia Clarke sýnir mósaíkverk í kaffihúsi menningarmiðstöðvarinnar Gerðubergs (Gerðubergi 3-5). Opið virka daga kl. 10-16 og um helgar kl. 13-16.

Í Gerðarsafni, Listasafni Kópavogs við Hamraborg, stendur yfir árleg ljósmyndasýning Blaðaljósmyndarafélags Íslands. Einnig stendur þar yfir ljósmyndasýning Þorvaldar Arnar Kristmundssonar.

Pétur Pétursson hefur opnað málverkasýningu hjá kaffi Eneríu í Smáralind. Opið mán.-mið. kl. 11-20, fim. kl. 11-21. fös.-lau. 11-20 og sun kl. 13-20.

Kristján Pétur Sigurðsson hefur opnað sýningu á ljósmyndum á Cafe Karólína við Kaupvangsstræti á Akureyri. Opið mán-fim. kl. 11.30-01, fös.-lau. kl. 11.30-03 og sun. kl. 14-01.

### ➜ Pub Quiz

**20.50** Fótbolta Pub Quiz fer fram á Enska barnum við Austurstræti. Vegleg verðlaun í boði og enginn aðgangseyrir. Ath. keppnin hefst kl. 20.50. Nánari upplýsingar á www.sammarinn.com.

**21.00** Polar Pub Quiz verður haldið á Karaoke sport bar við Frakkastíg 8. Almennar-, krossa- og myndaspurningar ásamt hljóðdæmum. Sérstakur gestur verður Jónína Benediktsdóttir.

### ➜ Handverkskaffi



**20.00** Heimilisiðnaðarfélag Íslands stendur fyrir Prjónakaffi á kaffihúsinu Amokka í Hlíðasmára í Kópavogi. Nánari upplýsingar á www.prjonakaffi.blog.is. Allir velkomnir.

### ➜ Kirkjulistahátíð

**12.00** Thomas Müller, Jurij Alberto Meile, Ella Vala Ármannsdóttir og Sturlaugur Jón Björnsson leika á náttúruhorn. Enginn aðgangseyrir og allir velkomnir.

Kirkjulistahátíð 2010 í Hallgrímskirkju við Skólavörðuholt mun standa til 11. apríl. Nánari upplýsingar á www.kirkjulistahatid.is.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**

rouge
COCO



CHANEL

IT'S ON EVERYONE'S LIPS…

Ekki bara varalitur, heldur andi Coco Chanel.

Nýji varaliturinn frá CHANEL er nútímalegur, sígildur og þægilegur. Einstaklega mjúk og kremkennd áferð, 8 tíma öflug rakagjöf í 30 mismunandi tónum sem auðvelt er að bera við hin ýmsu tækifæri.

Verið velkomin að uppgötva nýjungar í CHANEL 8. til 14. apríl
í Hagkaup Kringlunni, Smáralind, Skeifunni, Holtagörðum og Garðatorgi.

makeup.chanel.com

50 ára HAGKAUP
fyrir Íslendinga í 50 ár

**KORNFLEX**
500 g




**359 KR**

**JARÐARBER**
LAUSFRYST
500 g




**399 KR**

**HOLLENSK GRÆNMETISBLANDA**
750 g




**355 KR**

**ANANASSNEIÐAR**
567 g




**189 KR**

**PERUR**
825 g




**288 KR**

**MAÍSKORN**
340 g




**139 KR**

**SALTSTANGIR**
250 g




**159 KR**

**GULRÆTUR**
400 g




**129 KR**

**KJÚKLINGA-BAUNIR**
410 g




**199 KR**

**GRÆNN ASPAS**
330 g



**289 KR**

**HVÍTUR ASPAS**
330 g



**259 KR**

**APRIKÓSU-MARMELAÐI**
400 g




**279 KR**

markhonnun.is

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is!**

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbæ

Birt með fyrirvara um prentvillur

# DANSKAR GÆÐAVÖRUR Á GÓÐU VERÐI Í NETTÓ

**HVÍTLAUKSBRAUÐ**
2 STK
350 g


299 KR

**SPAGHETTI**
1 kg


279 KR

**KARTÖFLUR BBQ**
600 g


679 KR

**RÚSÍNUR**
250 g


179 KR

**STEIKTUR LAUKUR**
200 g


239 KR

**RAUÐKÁL**
720 g


199 KR

**CHILI-BAUNIR**
400 g


169 KR

**KÓKOSMJÓLK**
17%, 400 ml


199 KR

**HAFRAMJÖL**
1 kg


239 KR

**PESTÓ, GRÆNT OG RAUTT**
190 g


319 KR

**TYGGJÓ**
3 GERÐIR
35 g


139 KR

**GRAHAMS-MJÖL**
1 kg


169 KR

nettó
*Ódýrt fyrir heimilið!*


DIDDI FEL


DEFTONES

## > Í SPILARANUM

**Diddi Fel** – Hesthúsið
**Deftones** – Diamond Eyes
MGMT – Congratulations
Dr. Dog – Shame, Shame
Amadou & Mariam – Welcome To Mali

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Axl Rose er magnaður

Slash, fyrrum gítarleikari Guns N´Roses, segir að félagi sinn fyrrverandi, Axl Rose, sé magnaður tónlistarmaður.

Rose söng sig inn í hjörtu heimsbyggðarinnar með lögum á borð við Sweet Child O´Mine og Welcome To The Jungle og Slash kryddaði útkomuna með tignarlegum gítarleik. Slash hætti í sveitinni 1996 eftir útgáfu plötunnar The Spaghetti Incident og allar götur síðan hefur andað köldu á milli hans og Rose.

Guns N´Roses sneri loks aftur á sjónarsviðið árið 2008 með plötunni Chinese Democracy, sem fékk misjafnar viðtökur. Slash er einn þeirra sem hrifust mjög af henni. „Þetta var fullkomin Axl-plata," sagði hann í viðtali við New York Post. „Hún var nákvæmlega það sem hefði mátt búast við miðað við síðustu árin sem við unnum saman og í hvaða átt hann stefndi. Platan er mjög þung, eiginlega myrk og þunglyndisleg. Hann er algjörlega magnaður."

Slash efast um að hann eigi eftir að vinna aftur með Axl Rose. „Ég veit hversu mikið hann hatar mig. Þess vegna efast ég um það."


**SLASH** Hrifinn af síðustu plötu Axl Rose.




## > Plata vikunnar

Jónsi - Go

★★★★★

**„Jónsi í Sigur Rós er mættur með sína fyrstu sólóplötu og fyrsta meistaraverk ársins. Tignarlegt popp, bæði framsækið og grípandi."** -TJ



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# *Einfalt er gott*

Borgin Austin í Texas er ein af rokkborgum heims. Þar fer hin sívaxandi tónlistarhátíð South by Southwest fram árlega og tónleikahald er sérstaklega blómlegt. Þar hafa líka komið fram flottar hljómsveitir, hvort sem við tölum um sýruhippasveitina 13th Floor Elevators, sýrupönkbandið Butthole Surfers (sem var reyndar stofnað í nágrannaborginni San Antonio) eða nýrri nöfn eins og ... And You Will Know Us By The Trail Of Dead, Spoon og Okkervil River.

Þar starfar líka rokktríóið Harlem sem var að senda frá sér plötuna Hippies. Það kann að vekja furðu að Texas-sveit kalli sig Harlem, en samt ekki. St Etienne er jú ekki frönsk og ekki er FM Belfast norðurírsk. Harlem var stofnuð í Tucson af þeim Michael Coomers og Curtis O'Mara sem báðir syngja og skiptast á að spila á trommur og gítar. Þeir fluttu sig fljótlega til Austin og sendu frá sér sína fyrstu plötu, Free Drugs, árið 2008. Hún vakti nokkra athygli hjá miðlum eins og Pitchforkmedia og Gorilla Vs. Bear og frammistaða þeirra félaga á tónleikum þótti frábær. Árið 2009 bættist bassaleikarinn Jose Boyer í hópinn, sveitin gerði samning við Matador-útgáfuna og hóf síðasta sumar upptökur á nýju plötunni.

Harlem spilar mjög einfalt og grípandi rokk með „syngja-með" viðlögum og skemmtilega þunnum hljómi sem er í andstöðu við allar þessar háværu og ómstríðu gítarsveitir sem eru út um allt. Það er eitthvað sem minnir á Moldy Peaches eða jafnvel Jonathan Richman hjá sveitinni, en samkvæmt Myspace-síðunni þeirra er Nirvana samt eina hljómsveitin sem eitthvað er varið í. Hippies er skemmtileg plata þó að hún breyti kannski ekki lífi þínu ...

Annars hefur Matador greinilega ákveðið að tappa inn á rokkgróskuna í Austin því í febrúar sendi útgáfan frá sér safnplötuna Casual Victim Pile sem hefur að geyma nítján lög með jafn mörgum flytjendum frá Austin og nágrenni. Margt gott þar.


**HARLEM** Tríó frá Texas.


**DOVES** Hljómsveitin Doves gaf á mánudaginn út safnplötu með öllum sínum bestu lögum.

# Virðulegir miðaldra menn

**Enska tríóið Doves gaf á mánudaginn út safnplötuna The Places Between: The Best of Doves. Tíu ár eru liðin síðan fyrsta plata sveitarinnar kom út.**

Hljómsveitin Doves frá Manchester er ein af þeim sem eru mjög vinsælar í heimalandi sínu en hafa átt erfiðara með að slá í gegn annars staðar.

Sveitin er skipuð tvíburabræðrunum Jez og Andy Williams og Jimi Goodwin. Upphaf Doves má rekja aftur til ársins 1985 þegar bræðurnir hittu Jimi í menntaskóla, fimmtán ára að aldri. Jimi spilaði þá með hljómsveitinni The Risk en bræðurnir voru í öðrum hljómsveitum. Fjórum árum síðar stofnuðu þeir saman sveitina Sub Sub og gáfu út sitt fyrsta smáskífulag. Árið 1993 gáfu þeir út lagið Ain´t No Love (Ain´t No Use) sem náði þriðja sæti á breska smáskífulistanum. Erfiðari tímar fylgdu í kjölfarið og árið 1996 varð sveitin fyrir áfalli þegar hljóðver hennar brann. Í framhaldinu var ákveðið að stofna nýja hljómsveit, Doves, og breyta algjörlega um hljóm. Dansáhrifin viku fyrir popp-rokki og um leið vonuðust þeir félagar eftir auknum vinsældum.

Sú varð raunin því fyrsta plata Doves, Lost Souls, kom út árið 2000 og var tilnefnd til hinna virtu Mercury-verðlauna. Næsta plata The Last Broadcast komst í efsta sæti breska breiðskífulistans og var einnig tilnefnd til Mercury-verðlaunanna. Fyrsta smáskífulag hennar, hið grípandi There Goes The Fear, sló í gegn og náði þriðja sæti smáskífulistans í Bretlandi, sem er besti árangur Doves til þessa. Þriðja platan, Some Cities, fékk mjög góða dóma og komst hún einnig í efsta sæti breiðskífulistans árið 2005. Í kjölfarið hitaði sveitin upp bæði fyrir U2, Oasis og Coldplay og greinilegt að hún var farin að njóta mikillar virðingar í tónlistarbransanum.

Á síðasta ári kom síðan út fjórða hljóðversplatan, Kingdom of Rust, og hljómaði öflugt titillagið eftirminnilega í hasarmyndinni Zombieland. Platan náði öðru sæti breska breiðskífulistans og festi sveitina enn frekar í sessi sem eina þá bestu í Bretlandi.

**Hljóðversplötur Doves**
Kingdom of Rust (2009)
Some Cities (2005)
The Last Broadcast (2002)
Lost Souls (2000)




BT
Fyrir fermingarbörn
... og alla hina líka !
PACKARD BELL EASYNOTE
TJ65
4GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
500GB SATA 5400RPM diskur
8xDVD SuperMulti DL skrifari
15.6'' HD LED CrystalBrite 1366x768
512MB Intel X4500HD skjástýring
300Mbps þráðlaust Draft-N net
0.3MP innbyggð vefmyndavél
Windows 7 Home Premium 64-BIT
129.999
packard bell
Packard Bell Dot Net
Intel T4200 2.0Ghz
AMD Athlon 64 L110 Single Core 1.2Ghz örgjörvi
2GB DDR2 533MHz vinnsluminni
250GB SATA 5400RPM harðdiskur
11.6'' HD LED 16:9 skjár með 1366x768 upplausn
512MB ATI Radeon X1270 skjárstýring með 128MB sjálfst.minni
6-Cell LI-ion rafhlaða með allt að 5 tíma endingu
Innbyggð 0.3MP vefmyndavél og Skype Certified MIC
Þyngd - Fislétt og örþunn aðeins 1,3kg
Stýrikerfi - Windows VISTA Home Premium
79.999
89.999
LACINEMA HD CLASSIC 1TB
1080P HD afspilun,
Spilar beint yfir net,
Spilar beint í gegnum USB,
HDMI,RCA,OPTICAL,USB OG LAN
54.999
59.999
VERBATIM SJÓNVARPSFLAKKARI
Nettengi 10/100
1080i stuðningur við FullHD
Digital audio 5.1
Hægt er að læsa möppum með lykilorði
Spilar eftirtaldar skráargerðir:
MPEG 1,2,3 (MPG, MPEG, AVI, M2V, DAT, VOB) / XviD,MP3, WMA, OGG Vorbis,JPG
29.999
VERBATIM FLAKKARI
1TB
19.999
24.999
MICROSOFT X6-SIDEWINDER
Fullkomið lyklaborð fyrir hörðustu leikjaspilarana
Sjálfstætt talnaborð – henta vel fyrir örvhenta
30 forritanlegir hnappar
Baklýsing
Macro record – flýtir fyrir endurteknum aðgerðum.
12.999
14.999
MICROSOFT LIFECAM VX800
VGA upplausn
innbyggður mikrafónn
skype,msn o.s.frv.
2.499
3.999
1 stk á mann
Microsoft
Nintendo DSi XL
Ótrúlega skemmtileg
93% stærri skjár
39.999
NINTENDO DS LITE
Tveir skjáir og er sá neðri snertiskjár.
Tengi fyrir heyrnartól
Hljóðnemi sem gerir mögulegt að raddstýra þar til gerðum leikjum.
Wi-Fi tenging svo hægt sé að spila leiki gegnum netið
Raufar fyrir bæði DS og Game Boy Advance leiki
Innbyggt spjallforrit með fjórum spjallrásum, allt að 16 geta spjallað í einu.
29.999
NINTENDO WII
49.999
54.999
ION USB DJ GRÆJA
Allt sem þarf til að DJ-ast í tölvunni,
Crossfader til að skipta milli laga,
Bass og treble stýring,
Hugbúnaður fyrir upptöku
USB tengi
24.999
29.999
ION PTUSB
Plötuspilari
Aðeins um helgina
Glæsilegur plötuspilari
Innbyggðir hátalarar
Getur gengið fyrir rafhlöðum
USB tengi – til að færa Vinyl plötuna yfir á MP3
RCA tengi – til að tengja við hljómtækjastæðu
Line-in – tilvalið fyrir segulbandstækið
Einfaldur hugbúnaður fylgir
10.000 kr verðlækkun
19.999
ION FILMUSKANNI
FILM2SD
Skannar filmur og slides yfir á tölvu eða beint á minniskort
Skjár sýnir myndirnar strax
5MP- 2592 x 1680 punkta upplausn
Skannar allt að 30 myndir á mínútu
Hugbúnaður fylgir
24.999
ION VIDEO2 PC
Videobreytir
Breytir analog video í digital
Einfaldur hugbúnaður fylgir, til að klippa og brenna á DVD
Tilvalið til að koma videospólunum eða gömlum upptökum á DVD
Lookbetter - tækni sem hámarkar gæðin af vídeóspólunum
RCA component og S- Video tengi
USB tengi
12999
14.999
Með fyrirvara um prentvillur,myndbrengl og uppseldar vörur. Tilboðin gilda ekki með öðrum tilboðum.
BT SKEIFAN - BT SMÁRALIND - BT AKUREYRI - www.BT.is - 550-4444

**> ENN EIN GUÐAMYNDIN**

Guðamyndir virðast vera nýtt æði í Hollywood því John Hurt, **Mickey Rourke** og Stephen Dorff hafa allir tekið að sér hlutverk í nýrri guðamynd eftir Tarsem Singh. Upplýst hefur verið að Hurt muni leika Seif.



# bíó

bio@frettabladid.is

# Hatrömm barátta guðanna um völdin

Því er spáð af mörgum fjölmiðlum að stórmyndin Clash of the Titans verði einn af smellum ársins 2010 þótt hugtakið „smellur“ hafi fengið nýja merkingu eftir Avatar-ævintýrið ógurlega. Myndin er stórmynd af bestu gerð enda má ekki minna vera þegar hinir breysku grísku guðir eru annars vegar. Reyndar er ein skemmtileg Avatar-tenging því aðalleikari myndarinnar, Sam Worthington, lék einmitt líka í þrívíddarveislu James Cameron. Clash of the Titans er endurgerð samnefndrar myndar frá árinu 1981 en tæknibrelluheimurinn hefur eilítið breyst síðan þá.

Myndin fjallar um Perseif sem er sonur guðanna. Því er hins vegar haldið leyndu fyrir honum þótt drengurinn komist fljótt að leyndarmálinu þegar fjölskyldu hans er rænt af undirheimaguðinum Hadesi. Perseus leggur því af stað ásamt vösku liði kappa til þess að skora Hades á hólm í mögnuðum bardaga þar sem fjölbreyttar tegundir skrímsla koma töluvert við sögu. Til gamans má geta þess að íslenska fyrirtækið Framestore vann að tæknibrellum fyrir myndina sem er að sjálfsögðu í þrívídd.

Hollywood-maskínan bindur miklar vonir við Sam Worthington og ef Clash of the Titans fer vel í áhorfendur gæti hann hugsanlega orðið næsta hasarmyndastjarna kvikmyndaborgarinnar. Worthington er vel studdur af gæðaleikurum á borð við Liam Neeson og Ralph Fiennes en leikstjóri myndarinnar er Louis Leterrier.



**NÝ STJARNA Í FÆÐINGU** Því er spáð að Sam Worthington verði næsta hasarmyndastjarna í líkingu við Bruce Willis ef Clash of the Titans gengur vel í bíó.

## Kúrekinn Harrison

Harrison Ford er sagður ætla að leika í kvikmyndinni Cowboys & Aliens sem, eins og nafnið gefur til kynna, segir frá baráttu nokkurra kúreka við verur frá fjarlægri plánetu. Myndinni er leikstýrt af Jon Favreau, þeim sama og færði okkur Iron Man-myndirnar tvær. Myndin er byggð á frægum myndasögum en Favreau hafði gert sér vonir um að Robert Downey Jr. myndi taka að sér aðalhlutverkið. Hann hætti hins vegar við og Daniel Craig var fenginn í staðinn. Og nú lítur út fyrir að hin roskna stjarna úr Indiana Jones og Star Wars bætist í hópinn.




# Amerísku risarnir hittast

**Tina Fey og Steve Carell eru án nokkurs vafa í fremstu víglínu bandarísks gríns. Carell er hin ameríska útgáfa af Ricky Gervais en Fey er einstök í bandarískum húmor.**

Þeir eru margir sem bíða spenntir eftir kvikmyndinni Date Night með þeim Steve Carell og Tinu Fey í aðalhlutverkum. Carell hefur farið á kostum í bandarísku útgáfunni af Office og Fey verið óstjórnlega fyndin í 30 Rock. Saman ættu þau því að vera óstöðvandi í að kitla hláturtaugar kvikmyndahúsagesta.

Date Night segir frá Foster-hjónunum sem lifa fremur rólegu og hæglátu lífi. Kvöld eitt ákveða þau þó að gera sér dagamun og panta sér borð á fínum veitingastað. Hjónakornin missa hins vegar af borðinu sínu en ákveða hins vegar að hrifsa borð af öðru pari sem ekki er mætt. Sú ákvörðun á eftir að reynast þeim dýrkeypt því það par hefur sitthvað óhreint í pokahorninu. Meðal annarra leikara í myndinni má nefna Mark Wahlberg, Milu Kunis, Mark Ruffalo og James Franco.

Kannski er óþarfi að eyða of mörgum orðum í feril Steves Carell. Hann sló eftirminnilega í gegn á heimsvísu í kvikmyndinni 40 year old Virgin en eins og svo margir aðrir bandarískir grínistar er Carell fastagestur hjá Saturday Night Live-þáttunum. Kvikmyndaferill Carells hefur verið nokkuð skrykkjóttur en það hefur ekki komið að sök; Office hefur haldið honum á floti.

Tina Fey er hálfgert fyrirbæri í bandarískum grínbransa. Í raun og veru er Fey einstök því grínbransinn hefur verið heimur karla, vinsælar grínmyndir hafa yfirleitt fjallað um heimska hvíta eða svarta karla sem gera sig að fíflum eða eitthvað þaðan af verra. Fey hefur í raun og veru breytt ásýnd bandarísk gríns og gefið konum aukið vægi í gríni.

Auk þess að vera leikkona er Fey fær handritshöfundur, skrifar til að mynda handritið að flestum þáttum 30 Rock auk sketsanna fyrir Saturday Night Live. Þá á Fey kannski mestu sökina á því að Lindsay Lohan varð það sem hún er í dag því Fey skrifaði handritið að kvikmyndinni Mean Girls sem skaut vandræðagemsanum á forsíður slúðurblaðanna. Þótt Fey sé kannski þekktust fyrir leik sinn í 30 Rock hér á Íslandi þá hefur hún verið einn af prímusmótorum SNL undanfarin tíu ár. Bæði sem handritshöfundur en ekki síður sem leikkona. Hún var til að mynda á allra vörum þar vestra fyrir túlkun sín á Söruh Palin, varaforsetaefni Johns McCain, í síðustu forsetakosningum og stal eiginlega senunni. Sumir þættirnir þar sem Fey brá sér í líki Palin slógu áhorfsmet hjá SNL og því hefur jafnvel verið haldið fram að grín-



**TINA OG STEVE**

**Steve Carell** er þekktastur fyrir leik sinn í bandarísku útgáfunni af Office og sló eftirminnilega í gegn í kvikmyndinni 40 Year Old Virgin. **Tina Fey** er fædd 1970, hún er gift Jeff Richmond og þau eiga eitt barn saman. Hún er margverðlaunuð fyrir störf sín, hefur hlotið sjö Emmy-verðlaun, þrjú Golden Globe, fjögur Screen Actors Guild-verðlaun og fjögur Writers Guild-verðlaun. Að mati New York Post er Fey ein af fimmtíu áhrifamestu konum Bandaríkjanna. Hún var á lista TIME yfir hundrað áhrifamestu einstaklinga heims árin 2007 og 2009 og það sama ár var Fey valin á lista Rolling Stone yfir þær hundrað manneskjur sem væru að breyta Bandaríkjunum.



# Brosnan er ekki Tony Blair

Pierce Brosnan segist ekki vera að leika Tony Blair í kvikmynd Romans Polanski, The Ghost Writer. Þetta kemur fram í viðtali við gamla Bond-leikarann í The Scotsman. Brosnan viðurkennir að vissulega séu mikil líkindi með persónu hans í myndinni og fyrrum forsætisráðherra Bretlands. The Ghost Writer segir frá ævisagnaritara, leikinn af Ewan McGregor, sem er falið að skrifa ævisögu forsætisráðherra Bretlands.

Brosnan viðurkennir hins vegar í viðtalinu að honum hafi dottið Blair fyrst í hug þegar hann las handritið. „Líkindin eru vissulega fyrir hendi. Persónan mín er forsætisráðherra hjá verkmannaflokknum sem er sakaður um stríðsglæpi og fyrir að vera of náinn Bandaríkjunum í stríðinu gegn hryðjuverkum,“ segir Brosnan. Þegar fundum leikstjórans og leikarans bar saman var fyrsta spurning Brosnan; er ég að leika Blair? „Roman vísaði því algjörlega á bug og sagði persónuna vera sjálfstæða,“ útskýrir Brosnan.

Í viðtalinu ræðir Brosnan einnig um samstarfið við hinn umdeilda Polanski sem er eftirlýstur fyrir nauðgun á bandarískri grund. „Ég veit allt um hans líf en þessi saga var svo ótrúlega heillandi og hann er náttúrlega einstakur kvikmyndagerðarmaður. Ég held að allir viti hvað hafi gengið á í lífi hans en ég hugsaði mig ekki tvisvar um þegar ég tók þetta hlutverk að mér.“



**BLAIR OG BROSNAN** Pierce Brosnan segist ekki vera að leika Tony Blair í kvikmyndinni The Ghost Writer.



leikkonan hafi haft veruleg áhrif á niðurstöðu kosninganna. (Rétt að halda því til haga að gáfnafari Palin var haldið í lágmarki í þessum þáttum).

Af næstu verkefnum Fey má nefna að hún talar inn á teiknimyndina Megamind ásamt Brad Pitt, Johan Hill, Will Ferrell og Jonah Hill. Þá skrifar hún handrit að nýrri mynd fyrir Sacha Baron Cohen og hyggst framleiða gamanmynd ásamt áðurnefndum Steve Carell. **freyrgigja@frettabladid.is**

# Ryder aftur í kastljósið

Bandaríska leikkonan Winona Ryder hefur látið lítið fyrir sér fara eftir að hún var gripin glóðvolg fyrir búðarhnupl. Nú er hins vegar orðrómur á kreiki um að Ryder hafi unnið bæði Umu Thurman og Kate Beckinsale í baráttunni um aðalhlutverkið í nýjustu kvikmynd Rons Howard. Þetta kemur fram á vefnum EW.com.

Ryder mun væntanlega leika á móti Kevin James og Vince Vaugh í nýrri gamanmynd en ráðgert er að tökur hefjist í Chicago í maí á þessu ári. Myndinni hefur enn ekki verið gefið nafn en Ryder birtist síðast á hvíta tjaldinu í litlu hlutverki í stórmyndinni Star Trek.



**SNÝR AFTUR** Winona leikur í nýrri mynd Rons Howard.




## > ÓHAMINGJUSAMUR

Leikarinn Robert Pattinson segir frægðina gera hann taugveiklaðan og að vegna hennar hafi hann misst samband við æskuvini sína. „Ég hef búið á hóteli undanfarin þrjú ár og þegar ég kom aftur til London áttaði ég mig á því að ég átti ekkert félagslíf lengur. Það er erfitt að halda sambandi við fólk þegar maður vinnur svona mikið.“



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Safnar peningum í sjósundi

„Reyndari sjósundskappar sem ég hef rætt við eru ekkert sérstaklega bjartsýnir fyrir mína hönd og eru ekkert vissir um að mér muni takast þetta,“ segir Einar Skúlason, oddviti Framsóknarflokksins í komandi borgarstjórnarkosningum. Hann fer óvenjulega leið til að safna fjárframlögum fyrir framboðið því hann hyggst synda yfir Fossvoginn, alls sex hundruð metra, og safna um leið peningum sem nota á í auglýsingar fyrir flokkinn í kosningabaráttunni.

Einar viðurkennir að þetta sé kannski fáránleg hugmynd en hann vilji ekki vera að hringja í fyrirtæki og safna aur. „Þetta er svolítið 2010 og í stað þess að hringja í fyrirtæki ákvað ég að gera eitthvað afgerandi,“ útskýrir Einar sem hefur stundað sjósund frá því 2008. Einar tók smásprett í hádeginu í gær en þá var sjórinn aðeins 0,6 gráðu heitur. Frambjóðandinn vonast til að hann muni hlýna eitthvað næstu tvær vikurnar en hann hyggst stinga sér til sunds 23. apríl. „Þetta er alvöru áskorun og hlutfallslega er þetta erfiðara en að ganga á Hvannadalshnúk,“ segir Einar sem er sjálfur ekkert viss um hvort honum takist ætlunarverkið. Þeir sem vilja leggja Einari lið geta heitið á hann á vefsíðunni einarskula.com. - fgg



**SYNDIR FYRIR PENING** Einar Skúlason, oddviti Framsóknarflokksins í komandi borgarstjórnarkosningum, ætlar að synda yfir Fossvoginn til að safna peningum fyrir framboðið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




# Spennandi að kyssa karlmann

Skoski leikarinn Ewan McGregor leikur á móti Jim Carrey í kvikmyndinni I Love You Phillip Morris, en þar fara þeir með hlutverk samkynhneigðs pars.

Upphaflega stóð til að frumsýna kvikmyndina síðustu jól en því var frestað þar til í mars. McGregor vill meina að Disney-samsteypan hafi þar átt hlut að máli. „Það hefur verið orðrómur þess efnis að Disney hafi frestað frumsýningunni því Jim fór með hlutverk Skröggs í kvikmyndinni A Christmas Carol og þau vildu ekki að börnin héldu að Skröggur væri samkynhneigður,“ sagði leikarinn í viðtali við Out Magazine. Þar segir hann jafnframt að honum þyki spennandi að kyssa annan karlmann. „Mér finnst gaman að kyssa aðra karlmenn á hvíta tjaldinu. Fyrir gagnkynhneigðan mann er það spennandi tilboð.“



**SPENNTUR** Ewan McGregor finnst ekki erfitt að kyssa karlmann á hvíta tjaldinu.



**VILL ÆTTLEIÐA** Leikkonan Jessica Alba vill ættleiða barn. NORDICPHOTOS/GETTY

# Vill ættleiða

**Leikkonan Jessica Alba hefur lýst því yfir að hún vilji gjarnan ættleiða barn. Alba og eiginmaður hennar, handritshöfundurinn Cash Warren, eiga saman tveggja ára gamla dóttur, Honor Marie, en hjónin vilja nú bæta í barnahópinn. „Ef maður er kærleiksríkur og þykir vænt um börn, þá á maður að skoða möguleikann á að ættleiða barn. Ég hyggst gera það,“ sagði Alba í þættinum Extreme Makeover: Home Edition.**

# Cheryl Cole talar við sjálfa sig

Söngkonan kynþokkafulla Cheryl Cole er byrjuð að tala við sjálfa sig, en sumir segja að það sé fyrsta merki um geðbilun. Í hennar tilviki er það óttinn við að vera einmana sem fær hana til að forðast þöglar stundir.

Cheryl skildi nýlega við eiginmann sinn, fótboltakappann Ashley Cole úr Chelsea, og hefur nú sökkt sér í vinnu, segir í breska götublaðinu The Sun. Þannig reynir hún að jafna sig á skilnaðinum við eiginmanninn ótrúa.

„Ég ferðast um allan heim og hef aldrei tíma fyrir sjálfa mig,“ sagði Cheryl í viðtali, en hún flaug frá Los Angeles til Parísar í vikunni og hafði þá heimsótt fimm borgir á fimm dögum. „Mér finnst þetta allt í lagi því ég þoli ekki að vera ein. Ég vil vera upptekin til að halda orkunni flæðandi. Ég yrði heiladauð ef ég gerði það ekki. Þannig að ég hef meira en nóg að gera, jafnvel þótt það þýði að ég byrji að tala við sjálfa mig.“



**VINNUFÍKILL** Cheryl Cole reynir að gleyma sínum fyrrverandi með því að sökkva sér í vinnu.

# Danir gefa út Ofsa

Danska forlagið Gyldendal hefur keypt útgáfuréttinn á skáldsögu Einars Kárasonar, Ofsa, sem kom út hjá Máli og menningu árið 2008. Bókin hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin 2009 og var tilnefnd til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs árið 2010.

Fyrri bók Einars um Sturlungaöldina, Óvinafagnaður, er þegar komin út hjá sama forlagi og hlaut góðar undirtektir í Danmörku. Útgáfuréttur Ofsa hefur einnig verið seldur til Þýskalands en Óvinafagnaður kom sömuleiðis út þar í landi sem og í Finnlandi.



**EINAR KÁRASON** Danska forlagið Gyldendal hefur keypt útgáfuréttinn á skáldsögunni Ofsa. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Auglýsir ekki

**Söngkonan Rihanna vill síður að vörur stórfyrirtækja fái birtingu í tónlistarmyndböndum sínum þar sem henni finnst sem að verið sé að gera myndböndin að auglýsingaherferð.**

**Hún segir að fjöldi listamanna samþykki að birta vörur í myndböndum sínum til að halda niðri kostnaði við gerð þeirra. „Ég þoli ekki vörubirtingu í mynböndum mínum. Þau ættu fyrst og fremst að segja söguna á bak við lagið, ekki þjóna sem auglýsing,“ segir söngkonan.**



**MEÐ SKOÐANIR** Rihanna vill ekki að myndbönd sín þjóni sem auglýsing fyrir stórfyrirtæki. NORDICPHOTOS/GETTY

# Neitar sögusögnum

**Óskarsverðlaunahafinn Sandra Bullock hefur lítið látið fyrir sér fara undanfarnar þrjár vikur eftir að upp komst um framhjáhald eiginmanns hennar, Jesse James. Bandarísk tímarit töldu fyrr í vikunni að innan skamms yrðu gerð opinber nokkur myndbönd þar sem James sést stunda kynlíf með nokkrum konum, þar á meðal eiginkonu sinni. Bullock hefur neitað þessum orðrómi og gaf frá sér stutta en hnitmiðaða tilkynningu í tilefni þess. „Það er ekkert slíkt myndband til. Hefur aldrei verið og mun aldrei verða.“**



**EKKI SATT** Sandra Bullock neitar sögusögnum um kynlífsmyndband. NORDICPHOTOS/GETTY





www.lyfja.is




Gjöfin þín er í Lyfju!

Ef keyptar eru Clinique vörur fyrir 4.900 kr eða meira er þessi gjöf til þín*

Ath. gjöfin fæst í Lyfju Lágmúla, Smáratorgi, Smáralind, Garðatorgi, Setbergi, Laugaveg, Keflavík, Borgarnesi, Egilsstöðum og Höfn

- 7 Day Scrub Cream Rinse-Off Formula 30 ml
- Dramatically Different Moisturizing Lotion 15 ml
- Clarifying Lotion no 2, 60 ml
- Superdefense SPF 25 Age Defense Moisturizer 15 ml
- High Impact Maskari 4 g
- Long Last Varalitur 4 g

*meðan birgðir endast
Verðgildi er 14.000 kr.

CLINIQUE BONUS
Ofnæmisprófað. 100% ilmefnafrítt.

LYFJA
- Lífið heil

## NÝTT Í BÍÓ!




**SMÁRABÍÓ** SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| I LOVE YOU PHILLIP MORRIS | kl. 8 - 10.20 | 12 |
| I LOVE YOU PHILLIP MORRIS LX | kl. 3.30 - 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 3D | kl. 3.30 - 5.40 | L |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 2D | kl. 3.30 | L |
| NANNY MCPHEE | kl. 3.30 - 5.40 | L |
| KÓNGAVEGUR | kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | 10 |
| BOUNTY HUNTER | kl. 5.40 - 8 - 10.25 | 7 |
| LOFTKASTALINN SEM HRUNDI | kl. 10 | 12 |
| | | |
| | | L |

**HÁSKÓLABÍÓ** SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| DEAR JOHN | kl. 8 - 10.20 | L |
| KÓNGAVEGUR | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 10 |
| LOVELY BONES | kl. 10.15 | 12 |
| THE GOOD HEART | kl. 5.50 - 8 | 10 |
| AVATAR 3D | kl. 5.40 - 9 Síðustu sýn. | 10 |
| MAMMA GÓGÓ | kl. 6 Síðustu sýningar | L |

facebook.com/smarabio

**BORGARBÍÓ** SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| I LOVE YOU PHILLIP MORRIS | kl. 8 - 10 | 12 |
| BOUNTY HUNTER | kl. 6 | 7 |
| DEAR JOHN | kl. 8 - 10 | L |
| NANNY MCPHEE 2 | kl. 6 | 10 |

**REGNBOGINN** SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| DEAR JOHN | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| EARTH | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| SHUTTER ISLAND | kl. 6 - 9 | 16 |
| DAYBREAKERS | kl. 8 - 10.15 | 16 |
| THE GOOD HEART | kl. 5.50 | 10 |

## NÝTT Í BÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| DATE NIGHT - FORSÝNING | kl. 8 | |
| I LOVE YOU PHILLIP MORRIS | kl. 5.50, 8, 10.10 | 12 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 3D ÍSL | kl. 4 og 6 - 3D | L |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 3D ENS | kl. 6 - 3D | L |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 2D ÍSL | kl. 4 | L |
| NANNY MCPHEE AND THE BIG BANG | kl. 3.50 | L |
| GREEN ZONE | kl. 8 og 10.10 | 12 |
| FROM PARIS WITH LOVE | kl. 10.10 | 16 |

## SAMBÍÓIN




**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| AÐ TEMJA DREKANN SINN | kl. 3:40(3D) - 5:50(3D) | L |
| HOW TO TRAIN YOUR DRAGON | kl. 8(3D) - 10:10(3D) | L |
| HOT TUB TIME MACHINE | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| HOT TUB TIME MACHINE | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | VIP |
| WHEN IN ROME | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| MEN WHO STARE AT GOATS | kl. 8 - 10:10 | 12 |
| NANNY MCPHEE | kl. 3:40 - 5:50 | L |
| THE BLIND SIDE | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 10 |
| BJARNFREÐARSON | kl. 3:20 Síðustu sýningar | L |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| AÐ TEMJA DREKANN SINN | kl. 6(3D) | L |
| HOW TO TRAIN YOUR DRAGON | kl. 8(3D) | L |
| HOT TUB TIME MACHINE | kl 10 | 12 |
| WHEN IN ROME | kl. 6 - 8 | L |
| THE LOVELY BONES | kl 10 | 12 |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI**

| | | |
|---|---|---|
| HOT TUB TIME MACHINE | kl. 8:10D - 10:20D | 12 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN M/ ísl. Tal | kl. 6(3D) | L |
| HOW TO TRAIN YOUR DRAGON ensku. Tali | kl. 10:20(3D) | L |
| WHEN IN ROME | kl. 5:50 - 8 | L |
| MEN WHO STARE AT GOATS | kl.10:10 | 12 |
| ALICE IN WONDERLAND 3D | kl. 5:50(3D) -kl. 8:10(3D) | L |

**SAMBÍÓIN SELFOSSI**

| | | |
|---|---|---|
| AÐ TEMJA DREKANN SINN M/ ísl. Tali | 8 | L |
| BOUNTY HUNTER | kl. 10:20 | 12 |
| GREEN ZONE | kl. 8 | L |
| FROM PARIS WITH LOVE | kl. 10:20 | 16 |

já -er svarið
NÚ GETUR ÞÚ FENGIÐ SÝNINGARTÍMA OG UPPLÝSINGAR UM MYNDIR Í BÍÓ HJÁ JÁ - 118




# Spin hrífst af tónleikum Jónsa

Jónsi úr Sigur Rós fær frábæra dóma hjá tímaritinu Spin fyrir fyrstu tónleikana á tónleikaferð sinni um heiminn til að kynna plötuna Go. Tónleikarnir voru haldnir á þriðjudagskvöld í Vogue-leikhúsinu í Vancouver í Kanada og heppnuðust mjög vel að mati blaðamannsins, sem líkir sviðsmyndinni við náttúruminjasafn eftir eldsvoða.

„Eftir að hafa sungið fallega og angistarfulla tónlist með Sigur Rós er hinn 35 ára forsprakki loksins orðinn frjáls með Go. Platan er kraftmikið stökk frá fyrri verkum hans þar sem Jón Þór Birgisson brýst í gegnum hið yndislega myrkur Sigur Rósar og yfir í Jónsa-ljósið,“ segir í greininni. „Frá fyrstu mínútu var ljóst að þetta voru ekki hefðbundnir Sigur Rósar-tónleikar. Meiri áhersla var lögð á leikræn tilþrif heldur en rokkið. Falsettusöngur Jónsa var samt aðalatriðið. Hápunkturinn var í uppklappinu þegar Jónsi mætti í indíánabúningi og setti allt á fullt. Þá rann upp fyrir mér ljós: Sigur Rós spilar gullfallega tónlist en sem sólótónlistarmaður býr Jónsi til stórkostlega hluti.“

Næstu tónleikar Jónsa verða haldnir í Seattle í Bandaríkjunum á föstudaginn. Tónleikaferðinni um N-Ameríku lýkur 9. maí og eftir það verður förinni heitið til Evrópu. **- fb**



**Í INDÍÁNABÚNINGI** Jónsi í indíánabúningi á tónleikunum í Kanada sem heppnuðust einkar vel. MYND/JONSI.COM

# Sirkus Tigers Woods hefst

**Kylfingurinn Tiger Woods slær sitt fyrsta golfhögg í fimm mánuði klukkan 17.42 að íslenskum tíma á Augusta-vellinum í Georgíu-ríki þegar US Masters í golfi hefst í dag. Búist er við miklum fjölmiðlasirkus í kringum kylfinginn þá fjóra daga sem mótið stendur.**



**Á ÆFINGU** Tiger á Augusta-vellinum ásamt Steve Williams, kylfusveini sínum. Þótt áhorfendurnir í bakgrunni séu þónokkrir er þetta eingöngu æfingahringur hjá kylfingnum. NORDICPHOTOS/GETTY

Tiger Woods er einn frægasti einstaklingur í heimi. Og eftir að upp komst um framhjáhald hans hefur Tiger verið í fréttum fyrir allt annað en golf. Nú hillir hins vegar undir lok þessa tímabils í lífi hans þegar hann mætir til leiks á Masters-mótinu sem er eitt af fjórum stóru mótunum á mótaröðinni í golfi.

Fjölmiðlafárið í kringum Tiger hófst raunar á þriðjudaginn þegar hann hélt fjörutíu mínútna langan blaðamannafund. Mótshaldarar höfðu síðan gert ráðstafanir til að vernda Tiger frá utanaðkomandi áreiti en teyminu í kringum kylfinginn fannst það greinilega ekki nóg því þeir réðu sérstaka lífverði sem munu hafa augu og eyru með áhorfendum. Samkvæmt breska blaðinu The Sun fengu þeir myndir í sínar hendur af meintum ástkonum Tigers og einn þeirra ku víst hafa áreitt „óbreyttan“ kvenkyns aðdáanda vegna gruns um að þarna væri klámmyndaleikkonan Joslyn James mætt. Svo reyndist þó ekki vera.

Blaðamenn biðu síðan spenntir eftir því á þriðjudaginn þegar tilkynnt var um hvernig rásröðin yrði. Vafalítið kom það engum á óvart að Tiger mun hefja leik á besta sjónvarpstíma þar vestra, eða klukkan 13.42. Þar sem fjögurra tíma mismunur er á Georgíu og Íslandi munu íslenskir golfaðdáendur að öllum líkindum sjá síðustu holurnar hjá kylfingnum en útsending á Stöð 2 Sport hefst klukkan níu í kvöld. Á morgun verður Tiger hins vegar ekkert í mynd þar sem hann á rástíma snemma um morguninn.

**freyrgigja@frettabladid.is**


# Persónuleg jógastöð

## Nýtt 4 vikna byrjendanámskeið

## hefst 12. apríl. Skráning hafin í síma 695 8464 / 772 1025 eða á jogastudio.org

- Hot jóga
- Hatha jóga
- Byrjendanámskeið
- Krakkajóganámskeið

Innifalið í kortum eru allir opnir tímar ásamt þeirri þjónustu sem boðið er upp á í Veggsport.

JÓGA Stúdíó

Stórhöfði 17 (gengið inn um Veggsport)
Sími: 695 8464 og 772 1025
www.jogastudio.org


Gott fyrir...
tvíbura
2 fyrir 1
til allra áfangastaða
Iceland Express
Flug fram að 15. maí en hægt er að kaupa til 5. maí. Fyrir frímiðann eru einungis greiddir flugvallaskattar. Þú þarft að bóka með 3 daga fyrirvara og Iceland Express getur ekki tryggt að það séu til laus sæti í allar vélar.
**GottKort** er nýtt alþjóðlegt greiðslukort sem veitir þér fjölbreyttari afsláttarkjör og meira úrval tilboða en önnur kort
... **sem er gott.**
Sæktu um á **www.gottkort.is**
GOTTKORT
Þitt kort
KREDITKORT
er útgefandi GottKort

### > Keflavík unnið Njarðvík sex sinnum í röð

Keflvíkingar geta komist í 2-0 og unnið sinn sjöunda leik í röð í úrslitakeppni á móti nágrönnum sínum úr Njarðvík þegar annar leikur liðanna í undanúrslitum fer fram í Njarðvík í kvöld. Keflavík vann fyrsta leikinn 89-78 á heimavelli sínum en hafði áður slegið Njarðvík 2-0 út úr átta liða úrslitunum í fyrra og Njarðvík 3-0 út úr undanúrslitunum 2003. Síðasti sigur Njarðvíkur á Keflavík í úrslitakeppni var í Keflavík fyrir tæpum átta árum. Njarðvík tryggði sér þá Íslandsmeistaratitilinn annað árið í röð með því að sópa nágrönnum sínum út úr lokaúrslitunum.



# sport

sport@frettabladid.is

**PAVEL ERMOLINSKIJ:** SÝNDI STYRK SINN MEÐ ÞREFALDRI TVENNU Í HÓLMINUM Í GÆR

## *Við litum svolítið út eins og þeir í fyrsta leiknum*



Pavel Ermolinskij átti flottan leik í Hólminum í gær þegar KR jafnaði einvígið á móti Snæfelli. Pavel var með 18 stig, 15 fráköst, 10 stoðsendingar og 4 varin skot auk þess að hitta úr 6 af 9 skotum sínum í leiknum.

„Ég var hundlélegur í síðasta leik þar sem þeir spiluðu mjög fasta og góða vörn á mig. Ég átti bara slæman dag þá og það getur komið fyrir bestu menn. Núna átti ég átti síðan bara ágætis dag og það þýðir ekki að þeir hafi spilað einhverja lélega vörn á mig,“ segir Pavel og bætir við: „Það er engin taktísk rimma á milli þeirra og mín. Þeir unnu í fyrsta leik og ég vann í kvöld.“

„Við litum svolítið út eins og þeir í fyrsta leiknum. Það vitist allt vera að fara ofan í hjá okkur og við vorum að spila fína vörn þangað til í lokin. Það voru líka allir að skila sínu hjá okkur, í bæði vörn og sókn. Við lokuðum vel á þá, þetta var flottur leikur og það er ekki hægt að kvarta yfir neinu,“ segir Pavel en næsti leikur er á heimavelli KR.

„Nú er bara 1-1 og við erum aftur komnir með heimavallarréttinn. Við höfum oft verið að spila betur á útivöllum en á heimavelli. Það er eitthvað sem við þurfum að laga því við þurfum að mæta alveg eins stemmdir í næsta leik,“ segir Pavel að lokum.

„Við spiluðum illa og þeir spiluðu rosalega vel. Þeir spiluðu bara frábærlega og fengu líka framlag frá þeirra slökustu mönnum sem skora vanalega ekki neitt. Þegar þessir menn sem koma inn af bekknum hjá þeim eru farnir að skora og Pavel er með þrjá þrista þá eru þeir mjög erfiðir,“ segir Hlynur Bæringsson, fyrirliði Snæfells.

„Við náðum að spila betri vörn í seinni hálfleik en náðum ekki að laga það sem fór með okkur í þessum leik. Við verðum bara að herða okkur í fráköstunum. Við eigum að vinna öll lið í frákastabaráttunni en við skíttöpuðum henni hér í kvöld,“ segir Hlynur að lokum.

## IE-DEILD KARLA

*Undanúrslit - 2. leikur*

Snæfell - KR 88-107 (34-52)

Snæfell: Hlynur Bæringsson 22 (13 fráköst), Sigurður Á. Þorvaldsson 17, Jón Ólafur Jónsson 14, Sean Burton 13 (9 stoðsendingar), Martins Berkis 9, Emil Þór Jóhannsson 6, Pálmi Freyr Sigurgeirsson 3, Páll Fannar Helgason 2, Sveinn Arnar Davíðsson 1, Kristján Andrésson 1,

KR: Morgan Lewis 24 (6 fráköst, 5 stoðsendingar), Tommy Johnson 18, Pavel Ermolinskij 18 (15 fráköst, 10 stoðsendingar, 4 varin skot) Brynjar Þór Björnsson 9, Finnur Atli Magnússon 8, Jón Orri Kristjánsson 7, Skarphéðinn Freyr Ingason 7 (4 fráköst), Fannar Ólafsson 7 (4 fráköst), Steinar Kaldal 6, Ólafur Már Ægisson 3.

Liðin mætast þriðja sinni á laugardag á heimavelli KR. Fjórða viðureignin verður svo í Stykkishólmi næsta mánudag.

# KR-ingar svöruðu fyrir sig

**KR-ingar jöfnuðu undanúrslitaeinvígið á móti Snæfelli með sannfærandi 19 stiga sigri á Snæfelli í Stykkishólmi í gær. KR sýndi sitt rétta andlit eftir afleitan fyrsta leik en heimamenn hittu illa og létu mala sig í fráköstunum.**

**KÖRFUBOLTI** KR-ingar jöfnuðu undanúrslitaeinvígið á móti Snæfelli með sannfærandi 19 stiga sigri á Snæfelli í Stykkishólmi í gær. KR-liðið sýndi nú sitt rétta andlit eftir afleitan fyrsta leik en heimamenn hittu ekki aðeins illa heldur létu mala sig í fráköstunum.

Það var allt annað KR-lið sem mætti til leiks í Hólminn í gær eftir vandræðalegt tap á heimavelli í fyrsta leiknum á móti Snæfelli í undanúrslitum Iceland Express-deildar karla. KR-ingar höfð yfirburði stærstan hluta leiksins og unnu á endanum flottan 107-88 sigur.

„Andleysið í síðasta leik var fyrir neðan allar hellur. Það hefur varla sést annað eins í KR-heimilinu í langan tíma. Menn voru ákveðnir, vildu koma til baka og sýna hvað í þeim býr. Við höfum fengið alls konar gagnrýni síðustu daga, bæði frá okkar fólki og öðrum. Við erum að svara því með þessum sigri,“ sagði Páll Kolbeinsson, þjálfari KR, eftir leikinn.

Það var ljóst frá byrjun að KR-ingar voru í allt öðrum gír í fyrsta leiknum og í fyrsta leikhlutanum skipti það ekki máli hver skaut á körfuna, það fór hreinlega allt ofan í. KR var 30-20 yfir eftir fyrsta leikhlutann þar sem liðið hitti úr 13 af 18 skotum sínum eða 72 prósent.KR-ingar héldu uppteknum hætti í öðrum leikhlutanum og KR var síðan með 18 stiga forskot í hálfleiknum, 52-34, eftir að liðið skoraði 7 síðustu stig hálfleiksins.



**TOMMY JOHNSON** Var loksins í rétta gírnum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Snæfellingar mættu eins og nýtt lið inn í seinni hálfleikinn. Munurinn var kominn niður í níu stig þegar mögnuð þriggja stiga karfa Pavels Ermolinskij, þegar skotklukkan var að renna út, kveikti í KR-liðinu á ný. Liðið skoraði í kjölfarið tvær troðslur úr hraðaupphlaupi auk annarrar þriggja stiga körfu frá Pavel og á einni mínútu rauk munurinn upp í 19 stig og eftir það var sigurinn í öruggum höndum KR-inga.

Pavel Ermonlinskij átti flottan dag í gær og nú voru bæði Morgan Lewis og Tommy Johnson í rétta gírnum með honum. Þeir voru saman með 60 stig og 17 stoðsendingar.

„Pavel átti frábæran leik eftir að hafa náð sér almennilega á strik í fyrsta leiknum eins og flestir aðrir í liðinu. Það var mjög ánægjulegt. Hann setti niður mikilvæga þrista þegar þeir voru að komast inn í leikinn útaf klaufaskap hjá okkur,“ sagði Páll sem var líka mjög ánægður með Tommy Johnson sem skoraði 18 stig og 4 þrista í gær.

„Við áttum gott samtal í gær, ég og Tommy, og hann fékk að ráða því hvort hann kæmi með í Hólminn eða ekki. Hann vildi koma með og sýna hvað í honum býr. Hann gerði það í kvöld,“ sagði Páll.

Næsti leikur fer fram í DHL-höllinni á laugardaginn og eftir tvo sannfærandi útisigra má segja að serían byrji þar upp á nýtt og því verður allt undir hjá liðunum í þeim leik. **ooj@frettabladid.is**

Bordeaux naumlega úr leik:

## Lyon tapaði en fer samt áfram

**FÓTBOLTI Mótherji FC Bayern í undanúrslitum Meistaradeildarinnar verður Lyon en liðið vann Frakklands-rimmuna gegn Bordeaux samanlagt 3-2.**

**Lyon vann heimaleikinn í síðustu viku 3-1 en það var mikil spenna á heimavelli Bordeaux í seinni viðureign liðanna í gær. Heimamenn skoruðu undir blálok fyrri hálfleiks en þar var að verki hinn eftirsótti Marouane Chamakh.**

**Bordeaux misnotaði nokkur dauðafæri til að bæta við marki í lokin en það hefði fleytt þeim áfram. Þá gerði liðið tilkall til vítaspyrnu en hún fékkst ekki. Liðið er því úr leik þrátt fyrir 1-0 sigur í gær.** **- egm**



**GLEÐI** Leikmenn FC Bayern gátu leyft sér að fagna eftir leik. NORDICPHOTOS/GETTY

Sir Alex Ferguson:

## Vorum betri en óheppnir

**FÓTBOLTI** Sir Alex Ferguson segir brottvísun Rafaels hafa breytt leiknum gegn FC Bayern.

„Það er enginn vafi. Þeir hefðu aldrei komist áfram úr þessu einvígi hefðum við haft ellefu menn allan leikinn. Við áttum ekki í neinum vandræðum þegar jafnt var í liðum,“ sagði Ferguson eftir leik.

„Þeir veiddu Rafael af velli. Hann sýndi reynsluleysi en allir hlupu að dómaranum og heimtuðu að hann fengi annað gult spjald, týpískir Þjóðverjar.“

Ferguson telur United hafa verið betra liðið í einvíginu. „Við spiluðum betur í þessum leik en þeir gerðu á sínum heimavelli. Við lékum vel, frammistaðan var góð en við vorum óheppnir,“ sagði Ferguson.

Rooney gekk ekki heill til skógar og fór af velli snemma í seinni hálfleik en Ferguson hefur engar áhyggjur. „Ég held að þetta sé ekkert alvarlegt. Ég er viss um að hann verði tilbúinn strax í næsta leik.“ **- egm**


# Barcelona

## 22. apríl (sumardagurinn fyrsti)

**FC Barcelona er að spila á móti Xerez í spænsku deildinni þann 25. apríl.**

## frá kr. 59.900

**Frábær sértilboð á flugi og gistingu!**

Heimsferðir bjóða frábært sértilboð á morgunflugi með Icelandair til Barcelona 22. apríl og gistingu í 4 nætur á tveimur mjög góðum hótelum í borginni, Hotel Nicaragua **** og Hotel Ayre Caspe ****. Gríptu þetta frábæra tækifæri og njóttu þín í borginni sem býður frábært mannlíf og fjölbreytni í menningu, afþreyingu að ógleymdu fjörugu strandlífi og endalausu úrvali veitingastaða og verslana.

**Verð kr. 59.900**
Netverð á mann. Flugsæti báðar leiðir með sköttum. Sértilboð 22. apríl Ath. aðeins örfá sæti á þessu sértilboði.

**Verð kr. 84.600**
Netverð á mann, m.v gistingu í tvíbýli á Hotel Nicaragua **** í 4 nætur með morgunmat. Aukagjald fyrir einbýli kr. 23.200. Aukalega m.v. gistingu á Hotel Caspe **** á frábærum stað í borginni kr. 5.300. Aukagjald fyrir einbýli kr. 31.800.

Heimsferðir

**Skógarhlíð 18 • sími 595 1000**
**Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is**

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.


Arjen Robben skaut FC Bayern áfram í undanúrslit Meistaradeildarinnar:

# Martraðavika í Manchester

**FÓTBOLTI** Manchester United vann FC Bayern 3-2 í Meistaradeildinni í gær. Það dugði þó Englandsmeisturunum ekki til að komast í undanúrslitin því samanlögð úrslit voru 4-4 og þýska liðið komst áfram á fleiri útivallarmörkum.

Arjen Robben reyndist hetja Bæjara sem voru einum manni fleiri nær allan seinni hálfleikinn. Hann skoraði markið sem réði úrslitum með glæsilegu viðstöðulausu skoti á 74. mínútu.

Þetta hefur verið martraðavika fyrir Manchester United, tapaði fyrir Chelsea í toppslag ensku deildarinnar um síðustu helgi og er nú úr leik í Meistaradeildinni.

Bati Wayne Rooney hefur verið undrahraður og var hann óvænt mættur í byrjunarlið United í gær en Dimitar Berbatov sestur á bekkinn. Annað sem vakti athygli í uppstillingu United var að Darron Gibson byrjaði og hann braut ísinn í leiknum strax á þriðju mínútu með sínu fyrsta Meistaradeildarmarki.

Heimamenn byrjuðu leikinn af mögnuðum krafti og portúgalski vængmaðurinn Nani skoraði tvö glæsileg mörk eftir stoðsendingar Antonio Valencia. Staðan orðin 3-0 en fyrir hálfleik minnkaði Ivica Olic muninn eftir að Michael Carrick hafði hrasað í teignum.

Vendipunktur leiksins kom á 50. mínútu þegar Rafael fékk réttilega sitt annað gula spjald. Rafael hafði verið frábær í leiknum en United þurfti að leika einum færri það sem eftir var leiksins. Það nýttu gestirnir sér og komust áfram.

Úrslitin eru mikið áfall fyrir Manchester United sem hefur verið í úrslitum keppninnar síðustu tvö ár. Englendingar eiga ekkert lið í undanúrslitum þar sem Barcelona sló Arsenal út á þriðjudag. **- egm**



**SENDUR Í BAÐ** Bakvörðurinn Rafael hjá United fékk rauða spjaldið snemma í seinni hálfleik og var það vendipunktur leiksins. NORDICPHOTOS/GETTY

Hinn eini sanni

# RISA

## ÚTIVISTAR- SKÓ OG TÍSKU

# MARKAÐUR



er nú í B&L Húsinu Grjóthálsi

## Ný sending af útivistarvörum, fatnaði og skóm

Opið alla daga frá 12 - 18

Útsöluvörur frá

STEINAR WAAGE  Kaupfélagið  skór.is

ecco  NIKE  adidas  PUMA  hummel

Reebok  BLEND  ORGINAL  SKECHERS



> **Shirley MacLaine**

„Besta leiðin til að fá karlmann til að gera það sem þú vilt er að gefa í skyn að hann sé of gamall til að ráða við verkefnið.“

***MacLaine fer með hlutverk tískuhönnuðarins Coco Chanel í framhaldsþætti sem Stöð 2 sýnir í kvöld kl. 20.45.***

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ HÓLMFRÍÐI HELGU SIGURÐARDÓTTUR FINNST SAUÐIR SKEMMTILEGIR

## *Sjónvarpsskrímslið og hrúturinn Hreinn*

Stundum þegar letin hellist yfir mig og ég nenni ekki að byggja kubbahús, mála mynd eða fara í hlutverkaleiki með rúmlega tveggja ára strák, dettur mér í hug að leita á náðir hins dáleiðandi sjónvarps. Þar sem þetta gerist þó nokkuð sjaldan – því mér finnst gaman að leika – hefur mér ekki enn þá tekist að búa til sjónvarpsskrímsli úr stráknum. Það þýðir sem sagt ekkert fyrir mig að smella honum fyrir framan skjáinn og eiga rólega stund með sjálfri mér þangað til mér hentar að slökkva aftur og taka upp leikjaþráðinn. Eftir um það bil eina mínútu missir hann áhugann og krefst sinnar athygli. Ekki finnst mér neitt undarlegt að hann haldi ekki athyglinni yfir venjulegu barnaefni, enda þykir mér sjálfri það yfirleitt svo grútleiðinlegt að ég get ekki einu sinni sest við hliðina á honum og þóst skemmta mér. Litlir loðnir karlar í æpandi litum með óþolandi raddir, talandi skip eða íþróttaálfar koma mér bara í vont skap.



Á þessu öllu saman er ein undantekning. Það er Shaun the Sheep, eða Hrúturinn Hreinn eins og hann heitir á íslensku. Hann og hin dýrin á bænum eru óborganlega fyndin og gleðja mitt einfalda hjarta í hvert sinn sem þeim bregður fyrir á skjánum. Ég er einstaklega hrifin af þeirri ákvörðun Sjónvarpsins að sýna þættina ekki bara í Morgunstundinni okkar um helgar, heldur líka á fimmtudagskvöldum klukkan níu. Þá eru auðvitað öll vel upp alin börn löngu komin yfir í draumheima. En á heimilum þar sem búa fullorðin börn og óþekktarangar sem eru aldrei orðnir syfjaðir klukkan átta kemur þetta sér vel. Að setjast saman yfir einn tíu mínútna sauðaþátt og grenja úr hlátri er frábær leið til að kveðja daginn.

## FIMMTUDAGUR



▶ **18.30** Friends STÖÐ 2 EXTRA



▶ **18.55** Liverpool – Benfica, beint STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.00** The Heartbreak Kid STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.35** Parks & Recreation SKJÁREINN



▶ **21.15** Aðþrengdar eiginkonur SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**15.40 Kiljan** (e)

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Hvaða Samantha?** (23:35)

**17.55 Stundin okkar** (e)

**18.25 Loftslagsvinir** (3:10)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

**20.20 Castle** (Castle) (1:10) Bandarísk þáttaröð. Höfundur sakamálasagna er fenginn til að hjálpa lögreglunni þegar morðingi hermir eftir atburðum í bókum hans. Aðalhlutverk: Nathan Fillion, Stana Katic, Molly C. Quinn og Seamus Dever.

**21.05 Hrúturinn Hreinn** (Shaun the Sheep)

▶**21.15 Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives) (125:134) Bandarísk þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar.

**22.00 Tíufréttir**

**22.10 Veðurfréttir**

**22.15 Herstöðvarlíf** (Army Wives) (32:32) Bandarísk þáttaröð um eiginkonur hermanna sem búa saman í herstöð og leyndarmál þeirra.

**23.00 Glæpurinn** (Forbrydelsen 2) (7:10) (e)

**00.00 Kastljós** (e)

**00.40 Fréttir** (e)

**00.50 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Thank You for Smoking**

**10.00 On A Clear Day**

**12.00 Firehouse**

**14.00 Thank You for Smoking**

**16.00 On A Clear Day**

▶**20.00 The Heartbreak Kid** Rómantísk gamanmynd með Ben Stiller í aðalhlutverki.

**22.00 Rocky Balboa** Þekktasti hnefaleikakappi kvikmyndasögunnar, Rocky Balboa, snýr aftur.

**00.00 Paris, Texas**

**02.20 Cake: A Wedding Story**

**04.00 Rocky Balboa**

**06.00 Your Friends and Neighbors**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Harry and Toto og Stóra teiknimyndastundin.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 The Doctors**

**10.15 Sjálfstætt fólk**

**10.55 Burn Notice** (13:16)

**11.50 Amazing Race** (2:11)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 NCIS** (11:19)

**13.45 La Fea Más Bella** (150:300)

**14.30 La Fea Más Bella** (151:300)

**15.15 The O.C.** (4:27)

**16.00 Barnatími Stöðvar 2** Háheimar, Scooby-Doo og félagar og Stuðboltastelpurnar.

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 The Simpsons** (22:23)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 Two and a Half Men** (14:19) Gamanþáttaröð um bræðurna Charlie og Alan Harper.

**19.45 How I Met Your Mother** (18:22) Rómantískir gamanþættir um fólk á þrítugsaldri sem nýtur tilhugalífsins til hins ýtrasta.

**20.10 Simmi & Jói og Hamborgarafabrikkan** Raunveruleikaþáttur með Simma og Jóa sem nú hafa söðlað um og ætla að opna veitingastaðinn Hamborgarafabrikkuna.

**20.45 Coco Chanel** Seinni hluti vandaðrar framhaldsmyndar um Coco Chanel, eina áhrifamestu konu í tískuheiminum til dagsins í dag. Líf hennar var ekki alltaf dans á rósum en hún var ákveðin að láta til sín taka í heimi hátískunnar.

**22.20 NCIS** (14:25) Spennuþáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem starfa í Washington og rannsaka glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt.

**23.05 Bernard and Doris**

**00.50 When the Last Sword Is Drawn**

**03.15 How I Met Your Mother** (18:22)

**03.40 Two and a Half Men** (14:19)

**04.05 Coco Chanel**

**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Meistaramörk** Allir leikir kvöldsins í Meistaradeild Evrópu skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.

**07.20 Meistaramörk**

**07.40 Meistaramörk**

**08.00 Meistaramörk**

**08.20 Meistaramörk**

**15.35 Shell Houston Open** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni í golfi.

**16.30 Inside the PGA Tour 2010** Árið fram undan skoðað gaumgæfilega og komandi mót krufin til mergjar.

**16.55 Meistaradeild Evrópu** Endursýndur leikur.

**18.35 Meistaramörk**

▶**18.55 Liverpool - Benfica** Bein útsending frá leik í Evrópudeildinni í knattspyrnu.

**21.00 2010 Augusta Masters** Bein útsending frá fyrsta keppnisdegi Augusta Masters-mótsins í golfi en sjálfur Tiger Woods hefur boðað komu sína á mótið en þetta er hans fyrsta mót í langan tíma.

**23.30 Njarðvík - Keflavík** Útsending frá leik í Iceland Expressdeildinni.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**15.45 Birmingham - Liverpool** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**17.25 Sunderland - Tottenham** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**19.05 1001 Goals** Bestu mörk úrvalsdeildarinnar frá upphafi.

**20.00 Premier League World** Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum.

**20.30 PL Classic Matches: Arsenal - Newcastle, 2000**

**21.00 PL Classic Matches: Tottenham - Chelsea, 2001**

**21.30 Premier League Review** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.

**22.25 Coca Cola mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.

**22.55 Bolton - Aston Villa** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**07.10 Nýtt útlit** (6:11) (e)

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Pepsi MAX tónlist**

**12.00 Nýtt útlit** (6:11) (e)

**12.50 Pepsi MAX tónlist**

**16.35 7th Heaven** (15:22)

**17.20 Dr. Phil**

**18.05 Britain's Next Top Model** (e)

**18.55 Girlfriends** (7:22) (e)

**19.15 Game Tíví** (11:17)

**19.45 King of Queens** (12:25)

**20.10 The Office** (23:28) Michael reynir að koma nýja fyrirtækinu sínu á kortið og Jim skilur ekkert hvað nýi yfirmaðurinn vill.

▶**20.35 Parks & Recreation** (3:6) Leslie býður blaðakonu að skrifa frétt um leikvöllinn sem hún vill byggja en lendir í vandræðum með að koma skilaboðunum á framfæri. Hún fær Mark til að hjálpa sér en hann gerir bara illt verra.

**21.00 House** (23:24) Ballettdansmær fellur niður í miðri sýningu. Ástand hennar versnar enn á spítalanum og líkami hennar bregst illa við meðhöndlun læknanna.

**21.50 CSI. Miami** (23:25) Bandarísk sakamálasería um Horatio Caine og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í Miami.

**22.40 Jay Leno** Aðalgestur Jay Leno er David Duchovny úr Californication en einnig kíkir Kendra Wilkinson-Baskett í heimsókn.

**23.25 The Good Wife** (13:23) (e)

**00.15 The L Word** (11:12) (e)

**01.05 King of Queens** (12:25) (e)

**01.35 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Gestur Ingva Hrafns er Eysteinn Helgason, forstjóri Kaupáss, og verður fjallað um smásölumarkaðinn.

**21.00 Eitt fjall á viku** Þáttur Ferðafélags Íslands hefur göngu sína á ÍNN.

**21.30 Birkir Jón** Birkir Jón Jónsson, varaformaður Framsóknarflokksins, fer vandlega yfir málin.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.10

### Simmi & Jói og Hamborgarafabrikkan



Nýr raunveruleikaþáttur með Simma og Jóa sem hafa nú söðlað um og ætla að opna veitingastaðinn Hamborgarafabrikkuna. Við fáum að fylgja þeim eftir, allt frá því þeir ákveða hvar staðurinn eigi að vera, ráða sér yfirkokk, gera matseðil, velja kjöt í borgarana, réttu eftirréttina og allt þar á milli. Í þættinum í kvöld munu strákarnir eiga fund með auglýsingastofu og Jói eignast sitt annað barn.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Castle

### Sjónvarpið kl. 20.20

Castle er bandarísk þáttaröð. Söguhetjan, Richard Castle, er höfundur vinsælla sakamálasagna. Hann er kallaður til yfirheyrslu hjá Kate Beckett rannsóknarlögreglukonu eftir að morðingi hermir í tvígang eftir atburðum í bókum hans. Í framhaldi býðst Castle til þess að hjálpa til við úrlausn málsins en Kate sem stjórnar rannsókninni er ekkert um það gefið.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Ekkert eins og var
**14.03** Á tónsviðinu
**15.03** Útvarpssagan: Borg
**15.25** Mánafjöll
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Óperukvöld Útvarpsins: Don Giovanni
**22.10** Orð kvöldsins
**22.13** Smásaga: Strange Fruit
**22.30** Útvarpsperlur: Guð er númer tvö
**23.25** Bláar nótur í bland
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## EXTRA

**17.00 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar á ólíkum sviðum veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um heilsufarsmál.

**17.45 Gilmore Girls** (13:22) Lorelai Gilmore er einstæð móðir sem býr í góðu yfirlæti í smábænum Stars Hollow ásamt dóttur sinni Rory. Þar rekur hún gistiheimili og hugsar vel um vini og vandamenn.

▶**18.30 Friends** (1:24) Við sýnum nú vel valinn þátt af Vinum.

**19.00 The Doctors**

**19.45 Gilmore Girls** (13:22)

**20.30 Friends** (1:24)

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.50 Coco Chanel** Fyrri hluti vandaðrar framhaldsmyndar um Coco Chanel, eða Gabrielle Bonheur Chanel, eina áhrifamestu konu í tískuheiminum til dagsins í dag. Líf hennar var ekki alltaf dans á rósum en hún var ákveðin að láta til sín taka í heimi hátískunnar.

**23.25 Grey's Anatomy** (16:24) Sjötta sería þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu Grace-spítalans í Seattle. Þar starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar en flókið einkalíf þeirra á það til að gera starfið ennþá erfiðara.

**00.10 Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum, hvaða myndir eru að koma út og hverjar aðalstjörnurnar eru. Ómissandi þáttur fyrir alla kvikmyndaáhugamenn.

**00.40 Fréttir Stöðvar 2**

**01.30 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.35** My Hero **13.05** The Weakest Link **13.50** New Tricks **14.40** Only Fools and Horses **15.10** Only Fools and Horses **15.40** The Black Adder **16.15** EastEnders **16.45** The Weakest Link **17.30** Lead Balloon **18.00** Life of Riley **18.30** Spooks **19.20** State of Play **20.10** Life of Riley **20.35** New Tricks **21.25** Jonathan Creek **22.25** Spooks **23.15** State of Play

## DR 1

**12.00** Hvad er det værd? **12.30** Spise med Price **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.05** Family Guy **14.30** Substitutterne **14.55** Chiro **15.05** Tagkammerater **15.15** Den fortryllede karrusel **15.30** Fandango **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Rabatten **18.00** Kongehuset indefra **18.30** Verdens vildeste by **19.00** TV Avisen **19.25** Jersild Live **19.50** SportNyt **20.00** The Hunted **21.30** Den svære kærlighed **22.30** Boogie Mix

## NRK 1

**12.00** Tourette og jeg **13.00** NRK nyheter **13.10** Dynastiet **14.00** Derrick **15.00** NRK nyheter **15.10** Tid for tegn **15.25** Ardna - Samisk kulturmagasin **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Forkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.45** Schrödingers katt **18.15** Fotballkrigen **18.45** Glimt av Norge **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Debatten **20.30** Nurse Jackie **21.00** Kveldsnytt **21.15** Spekter **22.00** Dei siamesiske tvillingane Hope og Faith **22.50** Folk

## SVT 1

**12.20** Fråga doktorn **13.05** Spanska sjukan **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **15.00** Hannah Montana **15.25** Bubblan **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Antikrundan **19.00** Plus **19.30** Debatt **20.15** Blodshämnden **21.00** Spanska sjukan **21.55** Uppdrag Granskning **22.55** True Blood **23.50** Världens konflikter




## MORGUNMATURINN



*„Ég fæ mér Cocoa Puffs. Það er ekkert flóknara en það.“*

Stefán Stefánsson, framkvæmdastjóri öryggisfyrirtækisins Terr.

# Barnalandskonur hjóla í Simma og Jóa

„Ég er alveg handviss um að þetta geti gengið. Með því að sleppa barnahorninu spöruðum við okkur 20 fermetra, tólf sæti og keyptum bara dvd-spilara fyrir það,“ segir Jóhannes Ásbjörnsson en fjörugar umræður sköpuðust á umræðuvef barnalands, er.is, um nýjan veitingastað hans og Sigmars Vilhjálmssonar. Þar efuðust spjallverjar um að dvd-spilarar væru málið, notandi sem skrifar undir nafninu „medister“ telur þá félaga vera bjartsýna. „Ég gef þessu 1-2 mánuði, þá verður búið að stela helmingnum af spilurunum og eyðileggja hinn helminginn.“ Og undir það tekur annar notandi sem kallar sig „trilla77“. „Segðu, það er öllu stolið hérna steini léttara,“ skrifar viðkomandi. Aðrir koma þó Jóa og Simma til bjargar, segja slíka dvd-spilara vera hið mesta þarfaþing.

Jói hefur hins vegar fulla trú á þessum dvd-spilurum en bætir því við að þeim verði ekki otað að fólki. „Nei, þetta verður bara í boði á matseðlinum og fólk þarf að panta þetta alveg sérstaklega. Þetta hefur komið mjög vel út úr prófunum hjá okkur og fólk hefur verið ákaflega sátt við þetta,“ segir Jói og bætir því við að þeir hafi útbúið sérstakan barnadisk fyrir smáfólkið sem komi þarna inn. „Já, þetta eru Lína Langsokkur, Kalli á þakinu, Pósturinn Páll og Bubbi byggir,“ útskýrir Jói. Þess má geta að Hamborgarafabrikkan verður opnuð í hádeginu á föstudaginn. **- fgg**



**SIMMI OG JÓI** Notendur er.is eru ekki sáttir við barnahornsleysi Hamborgarafabrikkunnar. Jói segir dvd-spilarana vera málið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**LÁRÉTT 2.** hæfileika, **6.** sjúkdómur, **8.** blundur, **9.** kerald, **11.** íþróttafélag, **12.** hegna, **14.** smáu, **16.** belti, **17.** ætt, **18.** niður, **20.** skóli, **21.** nabbi.
**LÓÐRÉTT 1.** lítill, **3.** málmur, **4.** pensillín, **5.** dýrahljóð, **7.** hvellur, **10.** ái, **13.** stykki, **15.** ungur fugl, **16.** rjúka, **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** gáfu, **6.** ms, **8.** lúr, **9.** áma, **11.** kr, **12.** refsa, **14.** litlu, **16.** öl, **17.** kyn, **18.** suð, **20.** fg, **21.** arða. **LÓÐRÉTT: 1.** smár, **3.** ál, **4.** fúkalyf, **5.** urr, **7.** smellur, **10.** áí, **13.** stk, **15.** ungi, **16.** ósa, **19.** ðð.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Bretar kjósa 6. maí.
2. Borgin leggur GR til 230 milljónir.
3. Messi skoraði fjögur mörk.

Image Fudge
Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010

BRYAN SINGER: FÓRNAR X-MEN FYRIR ÍSLANDSFERÐ

# Hollywood vill taka Jóa og baunagrasið upp á Íslandi

Stórleikstjórinn Bryan Singer er nú að hefja undirbúning fyrir stórmyndina Jack the Giant Killer eða Jóa og baunagrasið. Að því er fram kemur í fjölmiðlum vestanhafs er ráðgert að myndin verði tekin upp í kvikmyndaverum í London en einhverjar útitökur verði hér á Íslandi. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er umfang þessarar myndar svipað og þegar Clint Eastwood mætti með heilan her og hertók Sandvík fyrir Flags of Our Fathers. Heimildir Fréttablaðsins herma að framleiðslufyrirtækið True North muni þjónusta myndina en engar upplýsingar fengust þaðan um hvort og þá hvenær Singer væri væntanlegur til landsins.

Ekki ber þó vefsíðum saman um hvenær tökur hefjist en einhverjar þeirra halda því fram að það verði strax í júlí. Ef marka má kvikmyndavefsíðuna examiner.com, sem löngum hefur verið framarlega í kvikmyndaslúðri, eiga leikaraprufur að hefjast strax í sumar og svo muni tökuvélarnar byrja að rúlla í kjölfarið. Singer hefur mikinn áhuga á að gera myndina í þrívídd og því ljóst að um er að ræða gríðarlegt tækifæri fyrir Ísland ef af verður. Myndin hefur raunar valdið pólitískri deilu milli Fox-kvikmyndaversins og Warner Bros.-risans því upphaflega stóð til að Singer myndi leikstýra næstu mynd í X-Men-flokknum fyrir Fox. Hann kaus hins vegar frekar að ganga til liðs við Warner Bros. og koma, ef að líkum lætur, til Íslands. Þetta mun þó ekki vera frágengið endanlega og ekki hefur verið skrifað undir neina samninga hér á landi. Hins vegar má benda á að í tökuliðinu eru margir af þeim sem komu að ævintýramyndinni Stardust en landslagsmyndir frá Íslandi voru einmitt notaðar í þeirri mynd. Svokallaðir „location managers“, eða tökustaðastjórar, hafa komið hingað og Singer ku vera væntanlegur.



**BRYAN SINGER** Er feikilega virtur í Hollywood og er meðal bestu vina sjálfs Toms Cruise en saman gerðu þeir nasistamyndina Valkyrjuna. Bandarískir vefmiðlar segja að Singer hefji tökur á Jóa og baunagrasinu hér á landi í júlí. NORDICPHOTOS/GETTY

### HELSTU VERK SINGERS

The Usual Suspects (1995)
X-Men (2000)
X2 (2003)
Superman Returns (2006)
Valkyrie (2008)

Singer er einnig framleiðandi sjónvarpsþáttanna um skapvonda lækninn House og ekki leikstýrt einum þætti af Football Wives.

Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst hefur þetta verkefni verið á borðinu hjá True North í meira en ár. Og þrátt fyrir að bæði hafi verið skipt um leikstjóra og hluta af framleiðendateyminu að myndinni hefur áhuginn á Íslandi alltaf verið til staðar. Og það skal engan undra. Myndin segir frá ungum bónda sem ákveður að leggja upp í mikla hættuför til að eiga við risa sem hefur rænt gullfallegri prinsessu. Til gamans má geta að Hollywood hefur einu sinni ráðist í gerð myndar eftir þessari frægu sögu; það var árið 1962.

**freyrgigja@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Það er aldrei logn í kringum athafnakonuna og fyrirsætuna **Ásdísi Rán**. Búlgverskir fjölmiðlar greindu frá því í gær að framherjinn Orlin Orlinov, fyrrverandi liðsfélagi Garðars Gunnlaugssonar, eiginmanns Ásdísar í CSKA Sofia, hafi gengið á eftir henni með grasið í skónum. Þessar sögur eru úr lausu lofti gripnar og Ásdís kannast ekki við að vera hundelt af Orlinov. Það er fyrir bestu þar sem hann virðist vera fársjúkur maður og var nýlega ákærður fyrir að ræna og ganga í skrokk á þekktri sjónvarpskonu í Búlgaríu…



Af Ásdísi er annars að frétta að hún sendir frá sér lag innan mánaðar. Lagið var unnið í samstarfi við **Snorra Snorrason** og ku vera mikill smellur. Ásdís ætlar að senda frá sér myndband á sama tíma, sem verður væntanlega tekið upp í Búlgaríu. Lítið hefur spurst út um söguþráð myndbandsins, en Ásdís sjálf hefur látið hafa eftir sér að það verði mjög sexí – eins og við mátti búast frá ísdrottningunni.

Fyrir nokkrum mánuðum greindi Fréttablaðið frá því að **Bergur Ebbi Benediktsson**, fyrrverandi meðlimur Sprengjuhallarinnar og núverandi uppistandari með Mið-Íslandi, ætlaði að gefa út ljóðabók. Nú heyrist að bókin sé á lokasprettinum og eigi að koma út í næsta mánuði. Eins og áður hefur komið fram heitir ljóðabókin Tími hnyttninnar er liðinn og hefur Mál og menning tryggt sér útgáfuréttinn.



**- afb**

TIGER WOODS SNÝR AFTUR
MASTERS
FYRSTA RISAMÓT ÁRSINS 8.-11. APRÍL
HEFST Í KVÖLD KL. 21:00

maritech Hattækni ZO-ON VERT
STÖÐ 2 SPORT besta sætið
512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# Jói Fel er fyrirmynd Magga Mix

Magnús Valdimarsson, öðru nafni Maggi Mix, hefur slegið í gegn á Netinu með skemmtilegum matreiðslumyndböndum sínum og á nú yfir þrjú þúsund aðdáendur á samskiptasíðunni Facebook. Magnús segist hafa kosið nafnið Maggi Mix því honum hafi þótt nafnið bæði skemmtilegt og grípandi.

Í þáttum sínum kennir Magnús fólki að matreiða einfalda og ódýra rétti og sér hann sjálfur um að taka efnið upp og setja á Netið. „Eldamennskan er bara áhugamál og mig langaði að deila nokkrum uppskriftum með landanum. Þetta byrjaði bara með einu myndbandi fyrir þremur vikum sem varð svo vinsælt að ég ákvað bara að halda áfram. Ég fékk póst um daginn frá konu sem er búsett á Nýja-Sjálandi sem hrósaði mér fyrir framtakið og það virkar mjög hvetjandi á mig og fær mig til að vilja halda áfram,“ útskýrir Magnús.

Magnús heimsótti útvarpsmennina Frosta Logason og Þorkel Mána Pétursson í útvarpsþátt þeirra Harmageddon á X-inu í gærdag þar sem hann ræddi við þá um matreiðsluþætti sína. „Ég hlusta mikið á Harmageddon og finnst þeir mjög skemmtilegir og það var gaman að hitta þá í eigin persónu. Þeir höfðu þó hvorugir prófað að elda neitt eftir mér enn þá, en þeir gera það kannski bráðum,“ segir Magnús og hlær.



**VINSÆLL MIXARI** Magnús Valdimarsson í viðtali hjá piltunum í Harmageddon í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Aðspurður segir hann sjónvarpskokkinn Jóa Fel vera í miklu uppáhaldi og segist hann helst horfa á matreiðsluþætti hans. „Mér finnst Jói Fel alltaf vera hress og skemmtilegur og það er gaman að horfa á hans þætti. Hann er samt með mjög flotta rétti sem efnaminna fólk hefur kannski ekki efni á að gera á meðan ég geri einfalda og mjög ódýra rétti,“ segir Magnús að lokum. **- sm**

# GULA HÚSIÐ
## FAXAFENI 8



SKYRTA
Nokkir litir.
4.999,-



SKYRTA
Nokkir litir.
4.999,-

Mikið úrval af fallegum skyrtum og kjólum.



Verð 990,-
S. 37-44



Verð 990,-
S. 37-44



Verð 1.990,-
S. 37-41

HEELYS



Verð 1.990,-



Verð 490,-
S. 32-41




Nýjar vörur vikulega
frábær verð!



SKYRTA
Tveir litir.
5.999,-



Verð 4.990,-
S. 36-40




**OPNUNARTÍMI:**
**MAN-LAU. 10.00-18.00**
**SUN. 12.00-17.00**

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland

**Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.**


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Fyrir hvern situr Sibert?

Í nýrri umfjöllun Viðskiptablaðsins um peningastefnunefnd Seðlabankans er **Anne Sibert**, prófessor við Birkbeck-háskólann í Bretlandi, sögð fulltrúi Samfylkingarinnar í nefndinni. Um þetta hafa einhverjir hnotið því Sibert er yfirlýstur stuðningsmaður Íhaldsflokksins í Bretlandi og setið fyrir hann í svokallaðri skuggapeningastefnunefnd. Þá er hún ein af 20 hagfræðingum sem kölluðu í grein í Sunday Times í febrúar eftir mun meira aðhaldi ríkisfjármála hjá næstu ríkisstjórn Bretlands og endurspegluðu þar sjónarmið Íhaldsflokksins. Þá má kannski minna á að Sibert er ekki bresk heldur bandarísk og því fleygt að hún sé meðlimur í NRA, National Riffle Association. Spurning hvort Sibert á ekki fremur samleið með öðrum en jafnaðarmönnum?



### Segir ekki aftur af sér

**Björgvin G. Sigurðsson** neitaði því eindregið í samtali við Fréttablaðið í fyrrakvöld að nokkuð væri hæft í orðrómi um að hann muni segja af sér formennsku í þingflokki Samfylkingarinnar áður en skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis verður opinber á mánudag. Netmiðillinn Eyjan.is greindi þó frá orðrómnum í gærmorgun og sagði Björgvin undir þrýstingi innan þingflokksins um að víkja. Björgvin vék úr embætti viðskiptaráðherra nokkrum dögum áður en ríkisstjórn Geirs Haarde sagði af sér í janúarlok 2009.



## Mest lesið visir.is

1. Hitler vildi líkklæði Krists
2. Flugfélögin þurfa að punga út 400 milljónum
3. Gæslan leitaði tveggja báta í morgun
4. Lárus Welding harmar að starfsmönnum hafi verið stefnt
5. Sakaðir um að hafa misnotað stöðu sína sem hluthafar





